10 Vinsælustu hrútarnir



30–31 Ungur Dani kaupir Voðmúlastaði

34 „Þetta var bölvaður bastarður“



Bændablaðið

1. tölublað 2023 • Fimmtudagur 12. janúar • Blað nr. 625 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Mikið fannfergi hefur verið víða um land undanfarnar vikur. Kýrin Vaka Draumsdóttir frá Minni-Mástungu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi horfir þakklát í átt að ljósmyndaranum sem skömmu áður færði hjörðinni nýtt gróffóður.
Mynd / Jón Marteinn Finnbogason

Yfir tonni af kjöti sóað að ósekju

Á síðustu mánuðum hefur nokkrum nautgripaskrokkum verið fargað í Sláturhúsinu á Hellu vegna ákvörðunar Matvælastofnunar (MAST) um að merkingar á gripunum séu ófullnægjandi.

Magnús Ingvarsson sláturhússtjóri leiðir að því líkum að að minnsta kosti fimm skrokkum hafi verið hent vegna þessa í fyrra en auk þess hefðu tveir farið sömu leið ef ekki hefði verið fyrir DNA-sönnun á uppruna þeirra.

Hóflega má áætla að ungneyti sé um 250 kg og er því hægt að gera ráð fyrir að töluvert meira en tonni af nautakjöti hafi verið sóað af þessari ástæðu. Tjón bænda sem í þessu lentu hleypur á milljónum króna.

Ragnar Finnur Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir, bændur á Litla-Ármóti í Hraungerðishreppi, hafa síðastliðna ellefu mánuði staðið í málaferlum við MAST eftir að stofnunin veitti þeim ekki undanþágu, vegna þess að naut, sem þau sendu til slátrunar í febrúar síðastliðnum, var með eyrnamerki sem stofnunin taldi ekki samræmast reglugerð um merkingar búfjár.

Eyrnamerki þetta var svokallað neyðarmerki með forprentuðum upplýsingum um land og bú, en gripanúmer var handskrifað með sérstökum penna sem fylgir kaupum á merkjunum. Slíkar merkingar þóttu fullnægjandi sönnun á uppruna gripanna samkvæmt eftirlitsmönnum MAST þar til nýlega. Ragnar og Hrafnhildur rekja breytingu á túlkun reglugerðarinnar til mannabreytinga innan MAST, sem nú taki strangar á kröfum um merkingar.

„Við vorum farin að heyra að eftirlitsaðilar væru farnir að taka strangar á því í sláturhúsinu ef merki vantaði í grip, eða ef gripanúmer væri handskrifað. Einnig heyrist okkur í samtali við aðra bændur að það líti út fyrir að einhverjir fái undanþágur en aðrir ekki. Þetta hljómar því eins og um sé að ræða geðþóttaákvörðun innan stofnunarinnar hverju sinni.“

Ákvörðun MAST, um að hafna undanþágubeiðni Ragnars og Hrafnhildar, var úrskurðuð ógild hjá matvælaráðuneytinu í desember og geta þau nú krafist skaðabóta. Fleiri slík mál eru í ferli.

Markmið reglugerðar um merkingar búfjár er að tryggja uppruna búfjárafurða en í úrskurði ráðuneytisins kemur fram að þrátt fyrir að nautgripurinn hafi verið merktur með handskrifuðu gripanúmeri léki enginn vafi á uppruna hans.

Ragnar og Hrafnhildur segjast hafa brugðist skjótt við þegar þau fregnuðu af því að farga ætti skrokknum og beðið um undanþágu.

„Enginn vafi var á um hvaða grip ræddi og því töldum við að gefa ætti undanþágu því rekjanleiki væri til staðar. Héraðsdýralæknir heldur því engu að síður til streitu að henda eigi gripnum. Okkur finnst dapurlegt að fórna lífi gripsins til einskis með tilliti til matarsóunar og umhverfis,“ segir Hrafnhildur.

Ragnar segist hafa verið í reglulegu sambandi bæði við Magnús sláturhússtjóra og starfsmenn Matvælastofnunar í ferlinu til að reyna að leysa úr málinu á farsælan hátt.

Magnús segist hafa boðist til að geyma gripinn í frysti á meðan úr málinu væri skorið en hafi fengið ítrekun frá Matvælastofnun um að henda honum.

Ragnar og Hrafnhildur skilja ekki af hverju farið var fram með slíku offorsi. „Við athuguðum hvort mætti taka gripinn heim og nýta hann til eigin nota en það var ekki leyfilegt. Eingöngu átti að henda honum og af einhverri ástæðu var mikil áhersla lögð á að gripnum yrði fargað hið snarasta.“ */ghp*

Sjá nánar á bls. 20–21.

Eimverk:

Hundraðföld kornrækt

Miðað við áform um stækkun viskíframleiðslunnar hjá Eimverki, verður byggrækt á þess vegum hundraðföld að tíu árum liðnum. Í dag er framleitt úr 100 tonnum, úr eigin ræktun, en áætlað er að hráefnisþörfin verði komin í tíu þúsund tonn að tíu árum liðnum.

Í dag fer byggræktunin að mestu fram í Bjálmholti í Holtum, sem er í eigu Eimverks, auk þess sem hráefni berst meðal annars frá Sandhóli og Þorvaldseyri. Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks, segir að stefnan sé að auka enn frekar samstarfið við bændur á næstu árum. Stækkunin sé fyrirhuguð í fjórum þrepum og ætlunin sé að tvöfalda ræktunina strax á þessu ári – og uppskera 200 tonn í haust. Árið 2025 er gert ráð fyrir að hráefnisþörfin verði komin í 500 tonn af þurru byggi.



Samstarf við bændur í öllum landshlutum

„Til að dreifa áhættunni þurfum við að komast í samstarf við bændur í öllum landshlutum, því það koma yfirleitt alltaf slæm ár á einhverjum stað á landinu.

Varan sem kemur út úr öllu ferlinu er mjög verðmæt sem gerir það að verkum að við getum greitt betur fyrir kornið til að tryggja okkur það að bændur hafi áhuga á samstarfinu.

Fyrir bændur þýðir þetta að það verður hægt að ganga að stöðugum markaðsaðstæðum, því þarna er kominn þessi kaupandi á markaði sem þarf mikið magn, borgar vel fyrir og hleypur ekki beint í innflutta byggið þegar það er hagstætt í verði,“ segir Haraldur.

Hann segir að unnið sé að því að fá heitið „Íslenskt viskí“ sem verndað afurðaheiti.

Það myndi skapa þeirra framleiðslu þá sérstöðu sem Eimverk þurfi, svo ekki þurfi að standa í samkeppni við vörur sem lítið eða ekkert sé íslenskt við.

/smh

Sjá nánar bls. 32–33.

FRÉTTIR



Bæði ökutækin á myndinni eru skráð sem dráttarvél hjá Samgöngustofu. Mynd / ÁL

Langflestar nýskráðar dráttarvélar fjórhjól

Á liðnu ári voru 838 ný ökutæki flutt til landsins sem Samgöngustofa skráði sem dráttarvél. Þegar tölurnar eru skoðaðar nánar sést að sex vinsælustu tegundirnar eru merki eins og Can-Am, Polaris o.fl., sem í daglegu tali nefnast fjórhjól.

164 af ökutækjunum í áðurnefndum flokki ganga fyrir dísel og eitt sem gengur fyrir metan, og má reikna með að hefðbundnar dráttarvélar séu á bak við þær tölur.

Af þeim er vinsælasta tegundin indverski smávélaframleiðandinn Solis, með 42 nýskráð eintök. Þar á eftir kemur New Holland með 21 vél, Valtra með 20, Claas með 19, Massey Ferguson með 16 og John Deere með 14 nýskráðar vélar.

Aðrir framleiðendur seldu færri vélar. Case IH og Kubota seldu sex eintök hvor. Deutz Fahr og Fendt fimm hvor og Hattat þrjú. Branson, Daedong, Iseki, McCormic og Zetor seldu eina nýja dráttarvél hver. */ÁL*

Verð á mjólk hækkar

Verðlagsnefnd búvara tók fyrir jól ákvörðun um hækkun lágmarksverðs mjólkur til bænda og heildsöluverðs mjólkur og mjólkurafurða sem nefndin verðleggur.

Lágmarksverð 1. flokks mjólkur til bænda hækkaði um 2,38%, úr 116,99 kr./ltr í 119,77 kr./ltr. þann 1. desember 2022.

Þann 1. janúar hækkaði heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara sem nefndin verðleggur um 3,5%. Þannig verður heildsöluverð á mjólk, í eins lítra fernum, 171 króna. Hálfur lítri af rjóma mun kosta 595 í heildsölu og 45% ostur í heilum og hálfum stykkjum mun kosta 1.671 krónu. Álagning smásöluverslana er þó frjáls og því getur verðið orðið misjafnt milli söluaðila.

Í tilkynningu frá verðlagsnefnd búvara segir að verðhækkunin komi til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun 1. september 2022.



Kostnaðarhækkun við framleiðslu og vinnslu á mjólkurvörum er ástæða hækkunar afurða- og heildsöluverðs. Mynd / Anita Jankovic

„Frá síðustu verðákvörðun til desembermánaðar 2022 hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 2,38%. Á sama tímabili hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðva hækkað um 5,06% að meðtöldum áhrifum kjarasamninga á launakostnað og er þetta grundvöllur hækkunar heildsöluverðs auk hækkunar á afurðaverði.“ */ghp*



Fagráð um velferð dýra:

Seinagangur varðandi birtingu fundargerða og afgreiðslu mála

– Fulltrúar BÍ og DÍ sammála um að grípa þurfi fyrr inn í alvarleg dýravelferðarmál

Á fundi fagráðs um velferð dýra frá 26. október var meðal annars fjallað um viðbrögð Matvælastofnunar við tilkynningum um illa meðferð á dýrum, í kjölfar nokkurra alvarlegra mála sem komu upp síðasta haust.

Í fundargerð kemur fram að fulltrúar Dýraverndarsambands Íslands og Bændasamtaka Íslands séu sammála um að Matvælastofnun eigi að grípa fyrr inn í slík dýravelferðarmál.

Fjallað var um dýravelferðarmál í fréttaskýringu í jólablaði Bændablaðsins þar sem fram kom að engin fundargerð úr fagráðinu hefði birst frá 29. júní, þrátt fyrir nokkur fundarhöld frá hausti í tengslum við áðurnefnd mál. Eftir útkomu jólablaðsins 15. desember birtust tvær fundargerðir og fjallar önnur þeirra um téð mál, sem fyrr segir.

MAST ætti að grípa fyrr inn í mál

Í fundargerðinni kemur fram að fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands telji að Matvælastofnun hafi ekki nýtt þau úrræði sem stofnunin hafi í löggjöf til að grípa fyrr og sterkar inn í mál um velferð dýra.

Þar kemur einnig fram að fulltrúi Bændasamtakanna segir samtökin hafa rætt við Ríkisendurskoðun vegna úttektar hennar á Matvælastofnun, og taki undir sjónarmið DÍS um að æskilegt hefði verið að grípa fyrr inn í mál er varða dýravelferð. Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir og formaður fagráðsins, telur hins vegar að Matvælastofnun hafi brugðist við og unnið samkvæmt útgefnu verklagi stofnunarinnar og í samræmi við stjórnsýslulög. Ákveðið var að fresta umræðum um málin og komust þau ekki á dagskrá fyrr en 12. desember.

Sigurborg Daðadóttir segir að fundargerðin frá þeim fundi sé ófrágengin en ákveðið hafi verið að vinna ályktun ráðsins um þessi mál á milli funda. Næsti reglulegi fundur sé áætlaður undir lok janúarmánaðar.



Aðsetur fagráðs um velferð dýra er hjá Matvælastofnun.

Ólíðandi að fundargerðir séu ekki birtar

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands og fulltrúi þeirra í fagráðinu, segir að málin hafi ekki verið kláruð á fundinum 12. desember. „Ég gerði athugasemdir við það á síðasta fundi að fundargerðir hefðu ekki verið birtar sem er auðvitað ekki ásættanlegt.

Ég hef svolítið verið að reyna að skilja starfsemi Matvælastofnunar en margt er þar sem er erfitt að átta sig á. Ef maður spyr hvort Matvælastofnun hafi nægilegar valdheimildir til að bregðast við í dýraverndarmálum þá eru svörin jafn mörg og ólík og fólkið sem maður talar við. Sama á við um það hvort Matvælastofnun vanti fjármuni til að ráða fleira fólk, þá eru svörin annaðhvort að það vanti ekki fólk eða að það sé svo mikið að gera að fólkið nái ekki að sinna verkefnunum.“

Matvælastofnun skylt að leita álits fagráðs

Fagráð um velferð dýra starfar á grunni laga um velferð dýra. Framkvæmd stjórnsýslunnar, í málum sem varða velferð dýra, er í höndum Matvælastofnunar sem er skylt að leita álits fagráðsins um stefnumótandi ákvarðanir og umsóknir um leyfi til dýratilrauna.

Fagráðið hefur aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins. Í ráðinu skulu sitja fimm menn og jafnmargir til vara; fagfólk á sem flestum eftirtalinna fagsviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði. Hlutverk þess er meðal annars að vera Matvælastofnun til samráðs um stefnumótun og einstök álitaefni á sviði velferðar dýra, að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa stofnunina um mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar auk þess að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Trúnaður gildir um innihald funda ráðsins en í því sitja nú, auk Sigurborgar og Hilmars, þau Anna Berg Samúelsdóttir, búfræðingur og landfræðingur, tilnefnd af Dýraverndarsambandi Íslands, Katrín Andrésdóttir dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands, og Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. */smh*

Kornrækt:

Kornbændum fjölgaði milli ára

Alls fengu 283 kornræktendur jarðræktarstyrk fyrir ræktun síðasta árs, samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu. Það eru 15 fleiri en fengu slíkan styrk árið 2021 og telst fjölgunin vera um 5,3 prósent.

Land til kornræktar var hins vegar aukið um 12 prósent, úr 3.036 hekturum í um 3.450 hektara – eins og fram kom í umfjöllun í síðasta tölublaði. Þar kom einnig fram að uppskerumagn á síðasta ári var um tvö þúsund tonnum meira af þurru korni en árið 2021, eða alls 9.500 tonn sem er um 3,1 tonn á hektara.

Svipaður fjöldi frá ári til árs

Fjöldi kornræktenda er svipaður frá ári til árs. Árið 2020 voru ræktendur tveimur færri en á síðasta ári, en átta fleiri árið 2019, eða alls 281. Árið 2018 voru þeir hins vegar tveimur færri en árið 2021, eða 266.

Því virðist lítil sem engin fjölgun vera í greininni sé horft til síðustu ára, sem kemur heim og saman við það sem haft er eftir Eiríki Loftssyni, jarðræktarráðunauti hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, í áðurnefndri umfjöllun í síðasta tölublaði.




Kornuppskeran á síðasta ári var um tvö þúsund tonnum meiri en árið á undan, sem skýrist aðallega af meira umfangi og betri uppskeru þeirra kornbænda sem fyrir voru í greininni.

Þar taldi hann að skýringuna á meira umfangi í kornræktinni á síðasta ári mætti finna í hækkandi fóðurverði á heimsmörkuðum og að hlýtt sumar árið 2021 hafi hvatt þá bændur sem fyrir voru í kornrækt til að auka umfang sinnar ræktunar.

/smh

Stofn

Tryggjum fleiri gæðastundir



SJÓVÁ

Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá **Stofnendurgreiðslu**.
Þannig hefur það verið í rúm 25 ár.

FRÉTTIR



Nýi umhverfisvæni ullarþurrkarinn í þvottastöðinni. Mynd / Ístex

Ístex:

Hnökrar hjá þvottastöðinni í ullarþurrkun og -móttöku

Á undanförnum vikum hafa hnökrar verið á ullarþurrkun í ullarþvottastöðinni á Blönduósi. Nýr og umhverfisvænn ullarþurrkari var settur upp í desember í stað þess olíuknúna sem fyrir var - og breytingarnar hafa valdið tæknilegum örðugleikum í vinnslunni.

Þeim vandræðum hafa fylgt enn meiri tafir en venjulega eru, á því að hægt sé sækja ull eins hratt og æskilegt er talið. Guðmundur Svavarsson, verksmiðjustjóri í ullarþvottastöð Ístex, segist hafa heyrt óánægjuraddir meðal bænda með að Ístex hafi ekki náð að sækja ullina heim á bæi í eins miklum mæli og æskilegt sé.

Risastór örbylgjuofn

Guðmundur segir að vegna þess hversu hægt hafi gengið að þurrka þá ull sem þegar er í stöðinni þá hafi hreinlega ekki verið geymslupláss fyrir meiri ull. „Þetta var nú ekkert alvarlegt og allt á réttri leið nú þó við séum ekki komin á alveg full afköst, en beðið er eftir íhlutum í nýju vélina.

Við erum vön því að heyra þessar raddir, þetta er ekkert nýtt að bændur séu ókátir með að fá ekki ullina sótta. Vandamálið er að við erum ekki með nógu stórar ullargeymslur hér og á meðan svo er þá verður þetta vandamál á hverju ári. Það vilja auðvitað allir losna við ullina í einu," segir hann. „Aðalfréttin frá okkur er sú að við erum hætt að nota kínverskan þurrkara, sem þurfti að brenna olíu til að búa til gufu til að þurrka ull. Núna notum við nýjan umhverfisvænan þurrkara sem virkar eins og risastór örbylgjuofn," bætir Guðmundur við. */smh*

Loftslagsmál:

Útgáfa fyrstu vottuðu kolefniseininganna

Yggdrasill Carbon hefur fengið útgefnar fyrstu íslensku vottuðu kolefniseiningarnar í bið.



Björgvin Stefán Pétursson.

Þær koma úr nýskógræktarverkefni á vegum félagsins á Arnaldsstöðum í Fljótsdalshreppi. Framkvæmdastjóri félagsins segir í fréttatilkynningu að þetta sé stórt skref og hann finnur fyrir miklum áhuga hjá fyrirtækjum að tryggja sér þessar einingar. Björgvin Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri Yggdrasil Carbon, segir að þetta sé mikil viðurkenning fyrir þá miklu vinnu sem félagið hefur lagt í. Kolefniseiningarnar eru vottaðar af vottunarstofunni iCert eftir kröfum Skógarkolefnis Skógræktarinnar, sem byggt er á breska staðlinum UK Woodland Carbon Code. Einingarnar hafa verið gefnar út sem kolefniseiningar í bið í Loftslagsskrá og er hver og ein eining komin með raðnúmer. Fyrsta raðnúmerið er FCC-ICE-354-17-2027-CC-1-00000000, og er gert ráð fyrir að sú eining fullgildist árið 2027.

Björgvin segir að vottaðar kolefniseiningar og virkir markaðir með þær séu lykillausn til að tryggja fjármagn í aðgerðir sem skila mælanlegum árangri með gagnsærri upplýsingagjöf. Þann 1. desember sl. útskýrði Bændablaðið í fréttaskýringu í hvaða farveg loftslagsverkefni þurfa að fara áður en hægt er að gefa út kolefniseiningar á móti losun. */ÁL*



Áburður 2023:

Enn ekki komið verð hjá flestum innflytjendum

Sláturfélag Suðurlands, sem flytur inn áburð frá Yara, er enn sem komið er eini innflytjandinn sem gefið hefur út verðskrá um áburðarverð árið 2023. Aðrir innflytjendur segja að búast megi við tilkynningu frá þeim um verð á næstunni.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins kom fram að ekki væri spáð sömu hækkunum á áburðarverði og gert var síðastliðið haust.

Verðbreyting Yara frá apríl-verðskrá 2022 eru á bilinu 0–7,4%. Köfnunarefnisáburður hækkar mest, eða rúmlega 7%. Algengar NP og NPK tegundir eru að hækka á bilinu 0–5%.

Færri tegundir í boði

Hjá Búvís fengust þær upplýsingar að þeir væru ekki enn búnir að fá á hreint hvað þeir fengju áburðinn á og því ekki hægt að gefa upp verð til bænda. Einar Guðmundsson hjá Búvís segist ekki eiga von á öðru en að Búvís fái allan þann áburð sem þeir vilja.

„Það er aftur á móti spurning um hvort við fáum allar þær tegundir sem við vorum með í fyrra."

Engin vandræði með magn

Jóhannes Baldvin Jónsson segir að hjá Líflandi sé enn verið að skoða markaðinn og meta stöðuna. „Við erum enn sem komið er ekki búin að gefa út neitt verð og óljóst hvenær það verður og munum bíða og sjá hvað aðrir og stærri áburðarinnflytjendur munu gera. Ég á ekki von á að það verði nein vandræði með að fá þann áburð sem við viljum og höfum fengið vilyrði fyrir að fá það magn og gerðir sem við þurfum."



Sláturfélag Suðurlands reið á vaðið með útgáfu á áburðarverði og þrátt fyrir að aðrir innflytjendur hafi ekki enn gefið út sitt verð má búast við að það verði á svipuðum nótum. Mynd / Myndasafn Bændablaðsins

Verðlisti væntanlegur

„Við erum búin að fá hugmynd að væntanlegu verði, segir Lúðvík Bergmann hjá Skeljungi, og það styttist í að við gefum það út. Staðan er samt sú að það er ekki 100% frágengið þannig að ég get ekki gefið það upp eins og er. Ég á von á að verðið verði á svipuðu róli og Yara eða SS er búið að gefa út, enda erum við öll innflutningsfyrirtækin að versla á sama heimsmarkaði."

Lúðvík á ekki von á öðru en að úrvalið hjá þeim verði sama eða svipað og á síðasta ári.

Selenlaus áburður

Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni segir að þar á bæ sé ekki búið að fastsetja áburðarverð fyrir árið 2023. „Á síðasta ári birtum við okkar verð 18. janúar. Mér sýnist einhver hækkun í kortunum en hversu mikil hún verður get ég ekki sagt enn. Við eru enn að klára samninga við okkar birgja og þegar því er lokið getum við farið að gefa út verðið."

Að sögn Úlfs er Fóðurblandan búin að tryggja sér það magn sem fyrirtækið ætlar að flytja inn. „Við ætlum að bjóða upp á allar sömu gerðir og undanfarin ár enda sumar þeirra keimlíkar að innihaldi.

Það gæti því fækkað um eina eða tvær gerðir og hugsanlega komið ein önnur í staðinn. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur mælst til að það verði í boði selenlaus áburður og við erum að skoða innflutning á honum." */VH*

Uppfært reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló

	Dilkar				Fullorðið			
Sláturleyfishafi	2020	2021	Breyting milli ára	2022	2020	2021	Breyting milli ára	2022
Fjallalamb	486	520	+43,5%	746[3]	119	120	+6,2%	127
Kaupfélag Skagfirðinga	507	560	+34,2%	753[1]	140	140	+12,9%	158
Norðlenska	504	549	+35,9%	746[3]	113	115	+10%	127
SAH afurðir	502	549	+35,9%	746[3]	113	115	+10%	127
Sláturfélag Suðurlands	504	559	+41,5%	790[2]	122	132	+37,1%	182[2]
Sláturfélag Vopnfirðinga	506	549	+31,4%	748[4]	118	118	+6,1%	125
Sláturhús KVH	507	560	+34,2%	753[1]	140	140	+12,9%	158
Landsmeðaltal	**504**	**552**	**+36,8%**	**755**	**124**	**127**	**+16,0%**	**147**

1) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 30 kr/kg vegna innágreiðslu afurðaverðs komandi hausts, sem greidd var í maí á grunni innleggs árið 2021.
2) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 30 kr/kg eingreiðslu sem viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2022. Greitt verður 5% viðbót á allt afurðainnlegg 20.02.2023.
3) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 26 kr/kg eingreiðslu sem greidd verður 25. febrúar, 2023.
4) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá að viðbættum 26 kr/kg eingreiðslu sem greidd verður 1. febrúar, 2023. **Heimild:** *Bændasamtök Íslands*

Sláturfélag Suðurlands:

Afurðaverð hækkar um 5%

Sláturfélag Suðurlands (SS) hefur ákveðið að greiða fimm prósenta afurðaverðshækkun ofan á allt afurðainnlegg síðasta árs.

Þar með er ljóst að SS greiðir hæsta afurðaverð til sauðfjárbænda, þegar tekið er mið af þessum hækkunum, bæði fyrir dilka og fullorðið. Reiknað afurðaverð SS fyrir dilkakjöt er þannig komið í 790 krónur á kílóið og fyrir fullorðið er það 182 krónur á kílóið, miðað við gefnar forsendur í útreikningum Bændasamtaka Íslands.

Greiðslan berst 20. janúar

Greiðslan vegna hækkunarinnar mun berast þann 20. janúar 2023, en í tilkynningu segir að þessi viðbótargreiðsla sé hrein viðbót við heildarafurðaverð ársins 2022, þar með taldri þeirri viðbót sem kynnt var í ágúst þegar 30 króna eingreiðslu var bætt við hvert kíló innleggs vegna erfiðari rekstraraðstæðna bænda.

Í tilkynningunni kemur fram að í heild greiði SS um 212 milljónir króna ofan á allt afurðainnlegg ársins 2022 til bænda. Stefna félagsins sé að greiða samkeppnishæft verð og skila hluta af rekstrarhagnaði sem viðbót á afurðaverð. */smh*

© Inter IKEA Systems B.V. 2023

Stílhreint eldhús

KUNGSBACKA framhliðar í kolgráu gefa eldhúsinu nútímalegt yfirbragð og passa á METOD eldhús-einingarnar. Finndu hurðir og skúffuframhliðar í þeirri stærð sem hentar þínu eldhúsi. Við minnum á sendingarþjónustuna okkar.

KILSVIKEN
vaskur
38.450,-

ÚTSALA

KUNGSBACKA skúffuframhliðar
B40×H40 cm ~~3.950,-~~

2.765,-/stk.

ÚTSALA

KUNGSBACKA skúffuframhliðar
B80×H40 cm ~~5.450,-~~

3.815,-/stk.

HACKÅS höldur
L30 cm
1.850,-/2 í pk.

HÅLLBAR
flokkunarsamsetning

12.300,-

Skoðaðu sendingarþjónustuna hér!

Skannaðu

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is

IKEA

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Áskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is - Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARI

Verklag og forgangsröðun

Í þessu fyrsta tölublaði Bændablaðsins árið 2023 má finna sögu bænda á Suðurlandi sem segja farir sínar ekki sléttar í samskiptum við Matvælastofnun (MAST). Ákvörðun um að veita þeim Ragnari og Hrafnhildi, bændum á Litla-Ármóti, ekki undanþágu, því þau notuðust við eyrnamerki á nautgrip sem MAST taldi ekki samræmast reglugerð, dró dilk á eftir sér. Sú túlkun, að eyrnamerkin væru svo ótæk að fleygja þurfti heilum nautsskrokk í flýti, kom bændunum að óvörum. Þau reyndu að bregðast fljótt við og finna lausnir en MAST stóð keik við ákvörðun sína og úr varð ellefu mánaða langt málaferli. Ákvörðun MAST hefur nú verið úrskurðuð ógild hjá matvælaráðuneytinu og geta bændurnir nú sótt skaðabætur. Fleiri slík mál eru í ferli.

Að tryggja uppruna matvæla er tilgangur reglugerðar um merkingu búfjár og sýnt þótti að þrátt fyrir að téður nautgripur hafi verið merktur með handskrifuðu gripanúmeri, léki enginn vafi á uppruna hans. Þykir því furðulegt að MAST skyldi bera fyrir sig túlkun sína á sömu reglugerð og ganga langt í rökræðum um óafmáanleika prentstafa. Tilgangurinn helgaði ekki meðalið.

Meðan á merkingarmálaferlunum stóð, með tilheyrandi notkun á tíma og fjármunum stofnunarinnar, komst upp um stórfellt dýraníð í Borgarfirði.

Áhyggjufullir íbúar sögðust hafa sent ábendingar gegnum tilkynningahnapp vefsíðu MAST þegar þeir urðu varir við illa meðferð á hrossum í hesthúsi í Borgarnesi. Þessar ábendingar finnast hvergi, þeir sem þær sendu fengu engar staðfestingar á tilkynningum sínum og MAST virðist ekki hafa móttekið ákall um aðgerðir fyrr en málið komst í hámæli í fjölmiðlum.

Stofnunin hefur verið gagnrýnd harðlega fyrir seinlæti í þessu stóra máli. Talsmenn hennar hafa gefið út að hún fylgi útgefnu verklagi við eftirlit, eftirfylgni, beitingu þvingana og refsinga samkvæmt lögum og reglugerðum og að hún hafi gert það í þessu máli. Þetta er jú ríkisstofnun, sem verður að fylgja þeim verklagsreglum sem þeim er sett í hvívetna.

„Ég hef svolítið verið að reyna að skilja starfsemi Matvælastofnunar en margt er þar sem er erfitt að átta sig á. Ef maður spyr hvort Matvælastofnun hafi nægilegar valdheimildir til að bregðast við í dýraverndarmálum þá eru svörin jafn mörg og ólík og fólkið sem maður talar við. Sama á við um það hvort Matvælastofnun vanti fjármuni til að ráða fleira fólk, þá eru svörin annaðhvort að það vanti ekki fólk eða að það sé svo mikið að gera að fólkið nái ekki að sinna verkefnunum," segir Hilmar Vilberg Gylfason lögfræðingur hér í blaðinu.

Yfirstandandi úttekt Ríkisendurskoðunar á störfum MAST mun vonandi leiða í ljós hvort og þá hvar potturinn sé brotinn í starfsemi og verklagi stofnunarinnar. Þarf MAST skýrari valdheimildir og verkferla til að bregðast fumlaust við þegar viðamikil dýraverndarmál eru annars vegar? Þarf betri og skýrari tilgang þeirra reglugerða sem farið er eftir? Þarf aukinn mannafla inn í þessa mikilvægu stofnun?

Eitthvað þarf að bæta, því á meðan stofnunin gekk hart fram í máli sem virðist þó nokkuð borðleggjandi þegar í það er rýnt, þá endurspeglast ákveðin vangeta í svifaseinum viðbrögðum þegar stærra og viðameira mál er annars vegar.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ritstjóri.

Út í veður og vind

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



„Í garðyrkjunni eru um 200 fyrirtæki starfrækt á Íslandi en þeim hefur fækkað. Þá hefur raforkuverð til garðyrkju lítið breyst undanfarið en ljóst að hagurinn af því að markaðssetja vöru sem lífræna eða framleidda undir formerkjum grænnar orku er fokið út í veður og vind.“ Mynd / ghp

Líkt og frægur maður sagði eitt sinn, þá sækjum við Íslendingar styrkleika okkar í tölfræði.

Við erum best í heiminum, miðað við höfðatölu. Á Íslandi erum við einnig með flesta nóbelsverðlaunahafa, miðað við höfðatölu og á Íslandi er gnótt grænnar orku, miðað við höfðatölu! Hvert mannsbarn á Íslandi veit að hér á landi erum við í sérstöðu, búandi að umhverfisvænni orku sem felur ekki í sér losun koltvísýrings eða mengunar. Þessa umhverfisvænu orku sækjum við í fallandi vatnsaflið og jarðvarmann og styðjum þar m.a. við matvælaframleiðslu, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Við orkuskipti á landsvísu stefnum við hraðbyri í átt að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Það var því mikill áfangi hjá umhverfisráðherra að koma í gegnum þingið þriðja áfanga rammaáætlunar sem samþykktur var af Alþingi í júní á síðasta ári. Með áætluninni um vernd og nýtingu landsvæða verður þar með hægt að ná yfir helstu orkuauðlindir landsins og taka tillit til ólíkra hagsmuna á breiðum grundvelli.

Sérstaða íslenskrar landbúnaðarframleiðslu

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að íslenskur landbúnaður, sjávarútvegur og fiskeldi séu þungamiðja innlendrar matvælaframleiðslu sem efld verði á kjörtímabilinu. Neytendur sýna í sífellt stærra mæli aukinn áhuga á hreinum afurðum, sem framleiddar eru með endurnýjanlegri orku og grunnu kolefnisspori á Íslandi. Þar með skapast mikil sóknarfæri í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða. En það er með öllu tilgangslaust að tala um sóknarfæri og sérstöðu íslenskrar landbúnaðarframleiðslu með tilliti til grænnar orku ef orkuöryggið er ekki til staðar. Við þurfum að byggja upp sterkt flutningskerfi sem er viðnáms- og áfallaþolið enda erum við staðsett við 66° norðlægrar breiddargráðu, þar sem langflestir Bolvíkingar eru búsettir eins og maðurinn sagði eitt sinn.

Í stjórnarsáttmálanum kemur jafnframt fram að á kjörtímabilinu sé stefnt að aukinni lífrænni ræktun. Það raungerist ekki án grænnar orku. Það sló mig því óneitanlega þegar tilkynnt var um það að Landsvirkjun hætti um liðin áramót að afhenda græn vottorð til smásala raforku á Íslandi án endurgjalds. Þess í stað verða þessi vottorð seld á evrópskum markaði. Samkvæmt fréttum RÚV okkar landsmanna allra, þýðir þetta að íslensk smásölufyrirtæki, eins og Orka náttúrunnar, HS Orka og fleiri mega ekki markaðssetja þá orku sem keypt er af Landsvirkjun sem græna orku nema að greiða fyrir það sérstakt gjald. Að sama skapi geta fyrirtæki sem framleiða vörur með grænni orku ekki auglýst að varan sé framleidd úr grænni orku nema að hafa verslað sér vottun. Þetta hefur því bein áhrif á okkar atvinnugrein sem samanstendur af landeldi og landbúnaði.

Aukinn kostnaður

Staðan er raunverulega sú að ef smásölufyrirtæki raforku og þar með notendurnir sjá ekki hag sinn í því að versla vottun geta þeir að sjálfsögðu ekki nýtt hana á sínar vörur. Fram hefur komið að markaðsvirði þessara vottana sé um 1,3 krónur á kílóvattstund. Fyrir meðalgarðyrkjustöð er það um 4-5 millj. kr. í aukinn framleiðslukostnað ár hvert, þar sem launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í greininni.

Í garðyrkjunni eru um 200 fyrirtæki starfrækt á Íslandi en þeim hefur fækkað. Þá hefur raforkuverð til garðyrkju lítið breyst undanfarið en ljóst að hagurinn af því að markaðssetja vöru sem lífræna eða framleidda undir formerkjum grænnar orku er fokið út í veður og vind. „Tækifærin okkar liggja í orkunni“ segja allir. En er það raunin?

GAMLA MYNDIN



Frá Búnaðarþingi 1949 sem haldið var á Egilsstöðum. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands

LÍF & STARF



Hrunaréttir í froststillunni. Mynd / Ástvaldur Lárusson




Jarðýta í malarnámu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Mynd / Birta Rós Brynjólfsdóttir

Vetrarríki

Landsmenn hafa ekki farið varhluta af fannfergi undanfarnar vikur. Bændur eru líklega ein af þeim stéttum sem verða fyrir hvað mestum áhrifum af vonskuveðri – því ekki er hægt að slá búverkum á frest. Hér eru nokkrar myndir sem teknar voru í sveitum landsins á síðustu vikum. /ÁL



Hestur ber sig vel þrátt fyrir frost og kulda. Mynd / Hulda Finnsdóttir



Þorsteinshorn við Ingjaldssand í Önundarfirði. Mynd / Guðmundur Kristinn Ásvaldsson



Snjólétt á Sandsheiði sem liggur frá Dýrafirði yfir á Ingjaldssand í Önundarfirði. Mynd / Guðmundur Kristinn Ásvaldsson



Hrútur og gimbur sem var bjargað eftir að hafa grafist ofan í fönn hjá Ljárskógarfjalli í Laxárdal í Dalasýslu. Mynd / Hafþór Sævar Bjarnason



Holdanaut í Minni-Mástungu. Mynd / Jón Marteinn Finnbogason



Gripið í traktor til að moka burt skafli fyrir framan fjárhúsdyrnar á Eystra-Geldingaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Mynd / Pálína Axelsdóttir Njarðvík

MÆLT AF MUNNI FRAM

312

Allt frá síðasta útgáfudegi Bændablaðsins þann 15. desember sl. hafa skakviðri gengið yfir landið.

Óvanaleg frostharka hefur fylgt, og fannburður ofan mikill, einkum sunnan og suðvestanlands. Nokkurt ráðaleysi var ríkjandi allt þar til innviðaráðherra stofnaði stýrihóp. En þá hafði reyndar **Ingólfur Ómar Ármannsson** nokkru fyrr verið búinn að greina vandann:

Fýkur snær um freðinn völl,
fönn er drjúg í giljum.
Fljót og lónin eru öll
undir klakaþiljum.

Mjög er svo í tísku að strengja einhvers lags heit um áramót. Flestir sem áforma slíkt ætla sér einhverjar mannbætur eða jafnvel meinlæti. Þessu er þó misjafnlega farið. Mér barst á dögunum staka frá þjóðkunnum vísnasmið, sem óskaði þó fullkominnar nafnleyndar af ótta við ærumeiðingar á samfélagsmiðlum. Sjálfsagt er að virða þær óskir:

Mark- ég engin -miðin set,
við mitt ég uni glaður,
og einfaldlega ekki get
orðið betri maður.

En fleira áramótaefni rak á fjörur mínar nýverið. Í tölvutilskrifi frá Guðmundi Guðmundssyni, sem búfesti á í Reykjavík, eru skráðar nokkrar áramótavísur. Fyrst eru tilgreindar tvær vísur og ein limra eftir **Aðalgeir Arason líffræðing**, sem hann sendi vini sínum, Guðmundi Andra Thorssyni:

Í dag með þér fjölmargir fagna
og flugeldar æpa og þagna.
Ári er út býtt
sem eitt sinn var nýtt.
Nú er það nýtt upp til agna.

Upp var runninn enn í gær
ársins dagur fyrstur.
Ekki var ég ýkja glær
og ekki heldur þyrstur.

Í gær var hér mungát, svo mikið ég veit.
Margt er í dag öðruvísi.
Núna ég iðrast og ný strengi heit.
Næst drekk ég einungis lýsi.

Frá vísnabréfi Guðmundar er svo að endingu vísa sem er samstarfsverkefni **Ara** og **Ríkarðs Arnar Pálssonar tónlistarmanns:**

Fyrsti jan er fram undan,
fljótt er ár að líða.
Á harðaspani heimskringlan
hleypur um tómið víða.

Enginn hagyrðingur hefur þó betur ort en **Óskar Sigurfinnsson í Meðalheimi á Ásum**, þegar hann lýsir harðindum:

Þegar ekki sést til sólar
sit ég inni og forðast kal.
Í útvarpinu einhver gólar
aftur kemur vor í dal.

Og fyrst er komið að efnistökum í Austur-Húnavatnssýslu, þá er hollast að heilsa upp á einn mesta rímsnilling sem sýslan hefur alið, **Rósberg Guðnason Snædal.**

Úr einstöku vísnakveri hans frá árinu 1956 eru næstu vísur teknar. Vísnakverið gaf skáldið út í 50 eintökum. Fyrsta tölusetta eintak útgáfunnar barst mér sem gjöf frá Gígju Snædal, dóttur skáldsins, nú um jólin. Vísnakverið er verðmætara öllum mínum mörgu bókum, og verður ekki nógsamlega þakkað með neinum hætti. Hið knappa form hringhendunnar hefur varla sést sem í vísum Rósbergs.

Heimþrá:
Oft mig dreymir unað þinn,
eldinn geymi falinn.
Ennþá sveimar andi minn
yfir heimadalinn.

Þó að týnist frægð og fé
og frami á lífsins brautum.
Hugurinn á heilög vé
heima í grænum lautum.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Trékyllisvík á Ströndum. Mynd / Svanlaug Sigurðardóttir

Fasteignakaup:

Úrræði sem eigi að nýtast ungum bændum

Ungir bændur hafa verið að kalla eftir því að þeir geti nýtt öll fasteignakaupsúrræði sem almennt miða að þéttbýlinu eins og að greiða inn á lán með séreignarsparnaði eða hlutdeildarlánin svo dæmi sé tekið.

Ný reglugerð, nr. 555/2017, um samræmt verklag við ráðstöfun iðngjalda til séreignarsparnaðar til stuðnings kaupa á fyrstu íbúð hefur tekið gildi. Reglugerðin tekur mið af breytingum á lögum til stuðnings til kaupa á fyrstu íbúð samkvæmt breytingalögum, 55/2022, sem tóku gildi 1. janúar 2023.

Málið var opið til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda 2. til 22. desember síðastliðinn.

Leggja til viðbætur

Ungir bændur hafa kallað eftir því að þeir geti nýtt öll úrræðin sem almennt miða að þéttbýlinu, meðal annars til að geta greitt upp lán til kaupa á fyrstu íbúð.

Á þeim forsendum sendu Bændasamtök Íslands inn umsögn um drög að reglugerð um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, mál nr. 244/2022. Og lögðu til breytingu á annarri grein reglugerðarinnar og að orðalag hennar yrði:

„Með íbúð samkvæmt lögum nr. 111/2016 er átt við fasteign sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem og lögbýlisjörð sem þegar er í búrekstri eða ætluð er til búrekstrar. Eigandi íbúðar í skilningi laganna telst einungis sá sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.“

Breyting Bændasamtakanna fólst í að bæta inn orðalaginu „sem og lögbýlisjörð sem þegar er í búrekstri eða ætluð er til búrekstrar.“

Staða ungra bænda erfið

Þrjá umsagnir bárust og þar af ein frá Bændasamtökum Íslands. Í umsögn samtakanna segir meðal annars: „Staða þess unga fólks sem vill hefja búskap er í mörgu sambærileg við stöðu ungs fólks vegna kaupa á fyrstu íbúð þar sem í báðum tilvikum er um að ræða aðgerðir einstaklinga til að eignast húsaskjól fyrir sig og fjölskyldu sína. Staða þessa hóps hefur verið erfið þar sem kröfur eru gerðar um hátt eiginfjárframlag við kaup á fyrstu bújörð. Þannig er full þörf á því að stjórnvöld gæti þess að ívilnandi aðgerðir sem finna má stoð í lögum nýtist öllum sambærilegum hópum á grundvelli sjónarmiða um jafnræði sem og að slíkar aðgerðir tali beint inn í byggða- og atvinnustefnu út um allt land. Með slíku úrræði er einnig byggt undir að búskap sé viðhaldið á bújörðum með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á fæðuöryggi þjóðarinnar.“



Hilmar Vilberg Gylfason.

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands, segir að samtökin hafi átt gott samtal við fjármála- og efnahagsráðuneytið í framhaldinu.

„Þó ekki hafi verið fallist á breytingartillögu Bændasamtakanna þá hafi ráðuneytið tekið undir röksemdirnar og fengist staðfesting á því að ráðuneytið líti svo á að úrræðin eigi að nýtast ungum bændum eins og öðrum þegar íbúðarhúsnæði er hluti af kaupum á bújörðum. Einnig gaf ráðuneytið vilyrði fyrir því að ef einhverjir vankantar eru á regluverkinu sem koma í veg fyrir að ungir bændur geti nýtt sér úrræðið þá sé það vilji ráðuneytisins að bregðast við því.“

/VH

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR


Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull





| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Þótt útflutningur hrossa hafi verið lakari árið 2022 en í fyrra var hann vel yfir meðallagi ef horft er til síðasta áratugar. Uppgefið verð er mun hærra en í fyrra. Mynd / Íslandsstofa

Hrossaútflutningar:

Fjöldinn yfir meðallagi og verðið hækkar

Alls voru 2.085 hross flutt úr landi árið 2022. Er það töluvert minni útflutningur en metárið 2021.


Hrossin fóru til átján landa Evrópu auk Bandaríkjanna. Hrossin samanstóðu af 312 stóðhestum, 823 geldingum og 950 hryssum samkvæmt tölum Worldfengs, upprunaættbók íslenska hestsins.

Eins og venja er fóru langflest hross til Þýskalands, 970 talsins. Alls fóru 269 til Danmerkur, 243 til Svíþjóðar, 119 til Austurríkis, 110 til Sviss og 93 til Bandaríkjanna. Eitt hross fór til Írlands, annað til Póllands og enn annað til Rúmeníu og tvö til Ítalíu.

Þá höfðu 125 af útfluttu hrossunum hlotið fyrstu verðlaun í kynbótadómi. Hæst dæmda útflutta hrossið var ein stjarna ársins, stóðhesturinn Viðar frá Skör, sem hlaut meteinkunn, 9,04, í aðaleinkunn. Hann fór til Danmerkur.

Af öðrum hátt dæmdum útfluttum hrossum má nefna Sólon frá Þúfum (ae. 8,90), Brimni frá Efri-Fitjum (ae. 8,75), Spaða frá Stuðlum (ae. 8,73), Valdísi frá Auðsholtshjáleigu (ae. 8,60), heiðursverðlaunastóðhestinn Eld frá Torfunesi (ae. 8,60) og Magna frá Stuðlum (ae. 8,56).

Árið 2021 var metútflutningsár síðan mælingar hófust, en þá fóru 3.341 hross utan. Árið 2020 voru þau 2.320 og var útflutningurinn 2022 því lakari en síðastliðin tvö ár. Ef horft er til útflutnings síðasta áratugar var hann hins vegar vel yfir meðallag.



Bestu útflutningsárin fyrir utan árið 2021 var á fyrri hluta tuttugustu aldar, en á árunum 1993–1997 fóru að meðaltali rúm 2.600 hross út ár hvert.

Uppgefið meðalverð 916.000 krónur

Hagstofa Íslands heldur einnig utan um tölur tengdum útflutningi á hrossum gegnum tollskrárnúmer og hafa birt þær fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2022. Þar hefur útflutningur 1.465 hrossa verið gefinn upp og rúmir 1,3 milljarðar króna heildar FOB verð.

Deilt niður á fjölda blasir við að meðaltalið á uppgefnu verði er tæpar 916.000 krónur sem er mun hærra verð en árið áður þegar það var um 690.000 krónur.

Tollskrárnúmerin eru tvö, annars vegar „hreinræktaðir hestar til undaneldis“ og hins vegar „reiðhestar“. Meðalverðið í fyrrnefnda flokknum er um 1,2 milljónir króna en um 655 þúsund krónur í þeim síðari.

Ef litið er til einstakra landa er hæsta uppgefna meðalverðið fyrir hross sem fóru til Svíþjóðar rúmar þrjár milljónir króna. Lægst er verðið fyrir hross sem fóru til Belgíu, en þar virðist 148.960 krónur vera algeng tala.

/ghp

Menning:

Vefnaðarverk að gjöf

Bændasamtök Íslands hafa fært Listasafni Reykjavíkur vefnaðarverk Hildar Hákonardóttur, Árshringinn, að gjöf.

Verkið er eitt af stærstu verkum listakonunnar og verður á meðal þeirra fjölmörgu listaverka sem sýnd verða á umfangsmikilli yfirlitssýningu á verkum Hildar sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum 14. janúar.

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að Konráð Guðmundsson, hótelstjóri á Sögu, hafi keypt verkið af Hildi á sínum tíma. „Verkið samanstóð upphaflega af tólf ofnum teppum og stóðu fyrir gróður jarðar árið um kring og var hugsað sem heild.“

Vigdís segir að verkið hafi lengi verið í geymslu en hafi verið nokkrum sinnum sýnt opinberlega, meðal annars í Kaupmannahöfn árið 2018. „Þegar eigendaskipti urðu á Hótel Sögu nýverið fundust aðeins tíu hlutar verksins og verða þeir færðir Listasafni Reykjavíkur til varanlegrar varðveislu og er verkið fært safninu að gjöf án skilyrða.“



Árhringurinn formlega afhentur. Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri, Hildur Hákonardóttir myndlistarmaður, Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna og Sigrún Inga Hrólfsdóttir sýningarstjóri. Mynd / Listasafn Reykjavíkur

Hver hluti verksins er 202 x 94 sentímetrar og eru tíu hlutar þess færðir listasafninu að gjöf en tveir hlutar hafa glatast.

Sýningin í verkum Hildar ber yfirskriftina Rauður þráður og er afrakstur rannsóknarstöðu við Listasafn Reykjavíkur sem ætlað er að endurskoða hlut kvenna í íslenskri listasögu.

/VH

AFLVÉLAR



TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.
GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

































AFLVÉLAR

2018 2022 Framúrskarandi fyrirtæki

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

FRÉTTIR

Sauðfjársæðingar:

Fróði og Gimsteinn voru vinsælastir

– Sæðingahlutfallið er 6,4 prósent sem er það hæsta frá 2012

Fróði frá Bjargi í Miðfirði var vinsælasti hrútur sæðingastöðvanna í síðustu vertíð. Skammt á eftir honum kemur Gimsteinn frá Þernunesi, sem vekur athygli þar sem hann er með viðurkennda verndandi arfgerðina ARR gegn riðusmiti og er það í fyrsta skiptið sem boðið er upp á slíka hrúta. Gullmoli, annar hrútur frá Þernunesi með ARR-arfgerð, endaði sem níundi vinsælasti hrúturinn.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að ákveðin tímamót hafi verið í sæðingum í vetur, þegar ákveðið var að bjóða upp á slíka hrúta. „Þrír hrútar með þessa arfgerð voru í boði, tveir þeirra voru meðal þeirra vinsælustu og sá þriðji endaði í 23. sæti. Það má ætla að þeim megi þakka að hlutfallsleg þátttaka í sæðingum var svo góð sem raun bar vitni.“

ARR-hrútarnir góðir sæðisgjafar

„Ásóknin var mismikil eftir landshlutum í þessa hrúta, líkt og við var að búast, en þar sem þeir stóðu sig afbragðsvel sem sæðisgjafar kom ekki mikið til þess að þyrfti að beita forgangsröðun,“ segir Eyþór.

En samkvæmt reglugerð sem veitti undanþágu fyrir notkun þessara hrúta á sæðingastöðvum áttu tiltekin riðusvæði að njóta forgangs ef eftirspurn væri meiri en framboð af sæði. „Úr Fróða frá Bjargi voru sendir 2.130 skammtar til bænda.

Þessi hrútur kom nýr inn á sæðingastöð í haust eftir að hafa tekið þátt í afkvæmarannsókn á Bergsstöðum í Miðfirði. Vinsældir hans byggja væntanlega á því að Fróði er mjög álitlegur bæði sem lambafaðir og ærfaðir en nokkur reynsla er komin á dætur hans sem lofar afar góðu. Gimsteinn 21-001 frá Þernunesi kemur þar skammt á eftir með 1.925 skammta.

Það er síðan ekki útséð með hvor þeirra hefur verið í raun meira notaður, þar sem reyndin er að ekki nýtast allir skammtar. Samkvæmt stöðu á skráningum sæddra áa í Fjárvís stuttu eftir áramót þá var mjótt á munum hjá þessum tveimur, Fróði með 1.202 sæddar ær en Gimsteinn 1.153 en talsvert virðist enn óskráð,“ segir Eyþór.

Lofandi alhliða kynbótahrútar

„Þriðji mest notaði hrúturinn er síðan Hnaus frá Mýrum 2 í Hrútafirði. Hann var ekki síður vinsæll í pöntunum heldur en Fróði og Gimsteinn en illa gekk að ná úr honum sæði í upphafi vertíðar. Næstir koma svo Kraftur frá Skarði og Alli frá Snartarstöðum. Báðir mjög lofandi alhliða kynbótahrútar. Næstur á eftir þeim kemur svo Grettir frá Skógum og er hann í raun vinsælastur af „eldri“ hrútum stöðvanna. Hann er mórauður að lit og líklega hefur aldrei verið jafn sterkur lambafaðir á stöðvunum sem skartar þeim lit,“ segir Eyþór.

Hann segir að útsendir skammtar endurspegli ekki að fullu vinsældir hrútanna þar sem þeir séu misgóðir sæðisgjafar. „Ásamt Hnaus, þá var mikil eftirspurn eftir Gullmola frá Þernunesi, Anga frá Borgarfelli, Glæsi frá Litlu-Ávik og Baldri frá Urriðaá. En þeir önnuðu ekki eftirspurn af ýmsum ástæðum. Gullmoli stóð sig í raun vonum framar en ekki er við því að búast að lambhrútar séu jafn öflugir sæðisgjafar og fullorðnu hrútarnir. Hann er hins vegar í hópi þeirra 10 hrúta sem mest sæði var afgreitt úr, með 1.045 skammta.“

Höfðingjarnir Raftur og Grábotni

Eyþór segir að í gegnum tíðina hafi það stundum farið saman að vinsælustu hrútarnir séu jafnframt frábærir sæðisgjafar og nefnir hina kunnu höfðingja Raft 05-966 og Grábotna 06-833 til marks um það. „Þeir gefa hugmynd um það hvað bestu hrútarnir geta annað miklu. Grábotni er sá hrútur sem flestir skammtar hafa verið sendir út til bænda frá sæðingastöðinni í Þorleifskoti eða 2.865 skammtar árið 2010. Á stöðinni í Borgarnesi á Raftur metið, þó ekki liggi fyrir hvað voru nákvæmlega sendir út margir skammtar úr honum en hann gaf 3.024 skammta árið 2009 og var þá vinsælasti hrútur stöðvanna.“

Hátt sæðingahlutfall

Almennt var þátttaka býsna góð í sæðingum, að sögn Eyþórs. „Stöðvarnar sendu frá sér alls tæpa 34 þúsund skammta þetta haustið. Ef gert er ráð fyrir að um 70 prósent af því hafi nýst þá myndi það gefa tæplega 24 þúsund sæddar ær. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Matvælastofnun er áætlað að ásett sauðfé í landinu sé alls um 370 þúsund kindur. Ef horft er á þátttöku sæðinga út frá heildarfjölda sauðfjár þá má áætla sæðingahlutfallið 6,4 prósent þetta árið. Þetta hlutfall var 5,8 prósent á síðustu sæðingavertíð í desember 2021 og árin 2017 til 2019 var þetta hlutfall innan við fimm prósent. Á síðustu tíu árum hefur þetta hlutfall einu sinni verið hærra en í ár, en það var árið 2012 þegar sæddar voru rúmlega 32 þúsund ær. Þá var fjárfjöldinn mun meiri, eða rúmlega 476 þúsund kindur, en sæðingahlutfallið þá var 6,8 prósent,“ segir Eyþór.

Hann segir að veðurfar hafi sett aðeins strik í reikninginn þetta árið og hefði því verið meira sætt ef allt hefði gengið að óskum. Síðustu fjórir sæðingadagarnir, frá 17. til 20. desember, hafi verið mjög erfiðir vegna ófærðar og því aðeins sæddar fáar kindur á heimasvæðum stöðvanna þessa daga. Eftirspurn eftir sæði er þó farin að dragast mikið saman þegar svo langt er liðið á fengitímann.

Hrútar með lítið næmar eða verndandi arfgerðir

Eyþór segir að af þeim 47 hrútum sem voru í boði hafi 20 hrútar borið arfgerðir sem ekki teljast hlutlausar með tilliti til næmi fyrir riðuveiki. „Þeir bera þá einhverja af breytileikunum T137, N138, C151, H154 eða R171.

Nú standa yfir rannsóknir á næmi þessara breytileika fyrir riðu og vonandi kemur fljótlega í ljós hvort allir þeir áhugaverðu breytileikar sem finnast í þessum hrútum standist væntingar. Í heildina voru sendir út tæplega 15 þúsund skammtar úr þessum 20 hrútum. Ef gert er ráð fyrir 70 prósenta nýtingu á sæðinu, að fanghlutfallið verði 65 prósent og að frjósemi ánna verði 1,85, þá má búast við rúmlega 12.400 lömbum sem eiga möguleika á að erfa þessa breytileika. Reyndar mun ekki nema rúmur helmingur þeirra fá breytileikana því flestir hrútarnir eru arfblendnir. En best væri að taka sýni úr þessum lömbum strax í vor til þess að vita hvaða arfgerð þau bera.

Ef bara er horft til „ARR-hrútanna“ þá má samkvæmt sömu forsendum gera ráð fyrir að úr sæðingunum skili sér rúmlega 3.000 lömb og af þeim ætti helmingurinn að bera ARR-genasamsætuna eða breytileikann „R“ í sæti 171 á príongeninu.“

Endurnýjun hrúta

Í meðfylgjandi töflu er merkt við 19 hrúta sem ákveðið hefur verið að fella. Eyþór segir að um eðlilega endurnýjun sé að ræða en mikilvægt sé að skipta út hluta af hrútakostinum árlega.

Fyrir ræktunarstarfið er það mikilvægt með tilliti til erfðaframfara og þá er það líka mikilvægt til að viðhalda áhuga bænda á sæðingunum. Flestir þessara hrúta fara vegna þess að þeir hafa skilað hlutverki sínu en líka séu þar hrútar sem felldir voru af heilsufarsástæðum.

Hvetur Eyþór að lokum þá bændur sem enn eiga eftir að skrá sæðingarnar í Fjárvís að gera það, því mikilvægt sé að fá þessar skráningar inn svo hægt sé að fylgjast með árangri sæðinganna.



Fróði 18-880 frá Bjargi í Miðfirði var vinsælasti hrúturinn í síðustu sæðingavertíð. Myndir / Aðsendar



Eyþór Einarsson. Mynd / Aðsend

Hrútum sæðingastöðvanna raðað eftir fjölda útsendra skammta veturinn 2022–2023

	Hrútur		PrP arfgerð	Stöð	Skammtar	Afdrif
1	Fróði 18-880 frá Bjargi	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**2.130**	
2	Gimsteinn 21-899 Þernunesi	Kollóttur	ARR/ARQ	Vesturland	**1.925**	
3	Hnaus 20-890 frá Mýrum 2	Hyrndur	AHQ/ARQ	Vesturland	**1.725**	
4	Kraftur 19-883 frá Skarði	Hyrndur	AHQ/ARQ	Suðurland	**1.415**	
5	Alli 19-885 frá Snartarstöðum	Hyrndur	ARQ/ARQ	Vesturland	**1.375**	
6	Grettir 20-877 frá Ytri-Skógum	Hyrndur	ARQ/ARQ	Vesturland	**1.350**	
7	Angi 18-882 frá Borgarfelli	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**1.215**	
8	Askur 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri II	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**1.065**	
9	Gullmoli 22-902 frá Þernunesi	Kollóttur	ARR/ARQ	Suðurland	**1.045**	
10	Þór 21-896 frá Ytri-Skógum	Hyrndur	AC_{151}RQ/ARQ	Vesturland	**1.035**	
11	Austri 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum	Hyrndur	ARQ/AT_{137}RQ	Suðurland	**985**	
12	Galli 20-875 frá Hesti	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**950**	Felldur
13	Strokkur 21-898 frá Hesti	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**925**	
14	Glæsir 19-887 frá Litlu-Ávík	Kollóttur	ARQ/ARQ	Vesturland	**890**	
15	Svörður 18-854 frá Hesti	Kollóttur	AN_{138}RQ/ARQ	Vesturland	**840**	
16	Bikar 17-852 frá Syðri-Reykjum	Kollóttur	ARQ/ARQ	Suðurland	**820**	Felldur
17	Jaður 20-891 frá Múlakoti	Hyrndur	ARQ/ARQ	Vesturland	**800**	
18	Rammi 18-834 frá Hesti	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**790**	Felldur
19	Móri 19-888 frá Klúku	Kollóttur	ARQ/ARQ	Suðurland	**780**	
20	Sævar 21-897 frá Ytri-Skógum	Hyrndur	ARQ/ARQ	Suðurland	**775**	
21	Baldur 19-886 frá Urriðaá	Hyrndur	AHQ/ARQ	Vesturland	**750**	
22	Þokki 17-853 frá Lundi	Kollóttur	AN_{138}RQ/ARQ	Vesturland	**735**	Felldur
23	Hornsteinn 22-901 frá Þernunesi	Hyrndur	ARR/ARQ	Suðurland	**730**	



Gimsteinn frá Þernunesi. Næstflestir skammtar voru sendir úr honum.



LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettar** eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
- Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
- Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

EININGAKERFIÐ - *Með hagkvæmni að leiðarljósi*

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

*Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettar 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.*

REITIR RAÐHÚS

Stærð hverrar íbúðar er 84fm. Hægt er að stækka hverja íbúð ef óskað er. Fjöldi íbúða í hverri raðhúsalengju er valkvæður.



Raðhúsið á myndinni er með þremur íbúðum



Hver íbúð er 84 fm

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



***Foss nr. 4** – Einbýlishús (180fm)*

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

LANDSHÚS

FRÉTTIR



Forsíða bæklings um sviðsmynd framleiðslukerfis sauðamjalta samhliða kjötframleiðslu.

Sauðfjárrækt:

Möguleikar á að auka árstekjur sínar

Nýlega lauk formlega verkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sem heitir Fundið fé og gengur út á að skoða möguleikana á því að koma á nýju framleiðslukerfi í sauðfjárrækt, meðal annars með fjölgun burða yfir árið og nýtingu sauðamjólkur.

Verkefnið hófst fyrir tæpum tveimur árum og var stutt af Matvælasjóði. Markmið þess var að skoða möguleika sauðfjárbænda á að auka árstekjur sínar eftir hverja vetrarfóðraða kind, meðal annars með skilvirkari framleiðslu í sauðfjárrækt og bættari nýtingu aðfanga. Tilefnið er lágt afurðaverð og erfiðleikar á markaði, meðal annars vegna einhæfrar framleiðslu þar sem slátrað er nær eingöngu að hausti og stærstur hluti kjötsins frystur. Það er síðan selt þannig næstu 11 mánuðina í samkeppni við aðrar ferskar kjötafurðir.

Þrjár sviðsmyndir að nýjum framleiðslukerfum

Í niðurstöðum skýrslu sem gefin var út eftir að verkefninu lauk, kemur fram að möguleikar séu til staðar til að auka fjölbreytni í íslenskri sauðfjárframleiðslu, með vöruframboði á ferskum afurðum í mun lengri tíma en úr hefðbundinni hausstslátrun. Þessi aukna fjölbreytni getur stuðlað að aukinni heimavinnslu, bæði á kjöti og sauðamjólk.

Ýmsir óvissuþættir séu þó til staðar, einkum varðandi mögulega verðlagningu afurðanna.

Til að meta möguleikana á að breyta að hluta um framleiðsluaðferð voru settar upp þrjár mögulegar sviðsmyndir til hliðar við núverandi ráðandi framleiðsluaðferð. Síðan var reynt að bera þær saman við niðurstöður úr afkomuverkefni sauðfjárbænda sem RML hefur staðið fyrir undanfarin ár.

Í fyrstu sviðsmyndinni er miðað við að láta ær bera á átta mánaða fresti, þrisvar á tveimur árum. Í annarri sviðsmyndinni var gert ráð fyrir sauðamjöltum samhliða kjötframleiðslunni. Í þeirri þriðju var dreifður burðartími skoðaður, með því að nýta eðlislægan fengitíma eins og kostur er.

Bú með 500 fullorðnar kindur og 500 ærgilda greiðslumark var notað sem grunnviðmið. Niðurstöður benda til þess að fyrstu tvær sviðsmyndirnar gefi hagstæðustu framleiðslukerfin, með rekstrarafgangi nálægt 24 prósentum.

Verulegir möguleikar til fjármögnunar

Í skýrslunni kemur enn fremur fram, í umfjöllun um aðgengi að fjármagni fyrir sauðfjárbændur til að breyta sínum framleiðslukerfum, að verulegir möguleikar séu til staðar í að sækja fjármagn til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Samhliða útgáfu RML á skýrslu um verkefnið voru útbúnir rafrænir bæklingar um þær þrjár sviðsmyndir sem skoðaðar voru. */smh*



VEIÐIFÉLAGAR
FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

Bændablaðið kemur næst út 26. janúar

Fuglaflensa:

Smitvarnir áréttaðar

Í ljósi útbreiðslu bráðsmitandi afbrigðis af fuglaflensu H5N1 sá Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL) ástæðu til að senda á félagsmenn sína tilkynningu um að huga sérstaklega að smitvörnum.

Í henni kemur m.a. fram að hænsnaeigendur skuli varast að ganga um í kringum hænur sínar í sömu skóm og notast var við í nýlegri utanlandsferð. Einnig að gæta þess að villtir fuglar komist ekki í fóður eða vatn í hænsnahúsunum og ekki síst að taka ekki óþarfa áhættu með flutningi á eggjum eða öðrum búnaði milli landa.

Varúðarráðstafanir fyrst og fremst

„Undanfarin ár hafa reglulega komið upp varúðarráðstafanir vegna fuglaflensu, erlendis og hér heima. Því fylgja gjarnan ákveðnar takmarkanir eða varúðarráðstafanir, sem eru gefnar út af opinberum aðilum eins og Matvælastofnun. Við hjá ERL vitum mjög vel að eigendur hænsna í smáum hópum eiga oft erfitt með að framfylgja slíkum reglum í öllum smáatriðum, enda miðast slíkar reglur við aðbúnað og aðstæður í alifuglahúsum stórra alifuglabænda.

Það breytir því þó ekki að alltaf er gott að staldra við og horfa gagnrýnum augum á eigið verklag og aðstöðu. Það er akkúrat það sem við erum að hvetja eigendur landnámshænsna til að gera. Horfa til hvaða atriða þeir geti bætt sig varðandi smitvarnir og aðbúnað," segir Magnús Ingimarsson, ritari í stjórn ERL.



Magnús segir að ERL hvetji félagsmenn sína og aðra sem halda hænsni að vera sérstaklega meðvitaða um klæðnað sinn eftir utanlandsferðir. Þá sé handþvottur mikilvægur. Mynd / Aðsend

Sjúkdómastaðan er almennt mjög góð

Magnús segir að sjúkdómastaða í alifuglarækt sé almennt mjög góð á Íslandi. Hér séu fáir sjúkdómar í samanburði við það sem gerist í mörgum löndum í kringum okkur.

„Vegna þessarar góðu stöðu á Íslandi er því til mikils að vinna fyrir heilbrigði hænsnanna sem við eigum hér á landi að halda þessum sjúkdómum í lágmarki. Bæði fyrir heilbrigði hænsnanna og okkar sjálfra. Hvort sem um er að ræða landnámshænur eða stóru framleiðslustofnana hér á landi. Það er líka rétt að minnast á að fuglaflensan hefur lítil áhrif á fólk. Engin hætta er á neyslu afurða hænsna (egg/kjöt). Fyrst og fremst hefur hún áhrif á heilbrigði dýrsins," segir Magnús.

ERL var stofnað í nóvember 2003. Félagið er fyrir alla þá sem áhuga hafa á varðveislu íslensku landnámshænunnar og hænsnahaldi yfirleitt. Félagsskapurinn er góður vettvangur fyrir þá sem áhuga hafa á varðveislu íslensku búfjárkynjanna eða varðveislu gamalla norrænna búfjárstofna. Félagsmenn eru um 200 talsins. */mhh*

Coda Terminal:

Byggja kolefnismóttöku- og förgunarstöð í Straumsvík

Carbfix, Coda Terminal, Hafnarfjarðarbær og Rio Tinto á Íslandi undirrituðu fyrir skömmu viljayfirlýsingu um uppbyggingu kolefnismóttöku- og förgunarstöðvar í Straumsvík undir heitinu Coda Terminal.

Edda Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix, segir að með verkefninu sé lagður grunnur að nýrri atvinnugrein hérlendis, sem byggir á íslensku hugviti sem geti með tímanum orðið að útflutningsgrein.

„Ráðgert er að fyrsti áfangi stöðvarinnar taki til starfa 2026 og að hún nái fullum afköstum árið 2031. Fullbyggð mun stöðin geta tekið á móti og bundið um þremur milljónir tonna af CO_2 árlega, sem samsvarar meira en helmingi af árlegri losun Íslands," segir Edda.

Eitt vænlegasta stóra loftslagsverkefni Evrópu

Edda segir að markmiðið um að hemja hlýnun jarðar við 1,5 gráður munu vart nást án umfangsmikillar föngunar og förgunar á CO_2. „Carbfix hefur þróað tækni sem hermir eftir og flýtir náttúrulegum ferlum til bindingar á CO_2 í jarðlögum, sem felur í sér að því er blandað í vatn og kolsýrðu vatninu dælt niður í basaltberglög, þar sem CO_2 gengur í efnasamband við málma í berginu og breytist varanlega í steindir.

Aðferðinni hefur verið beitt með góðum árangri á Hellisheiði allt frá árinu 2012 og hefur hún vakið heimsathygli."



Viljayfirlýsing var undirrituð í Ráðhúsi Hafnarfjarðar. Rannveig Rist, Rósa Guðbjartsdóttir, Grettir Haraldsson og Edda Aradóttir. Mynd / Aðsend

16 milljarða styrkur

Coda Terminal stöðin verður sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum og verkefnið hlaut fyrr á árinu viðurkenningu sem eitt vænlegasta stóra loftslagsverkefni í Evrópu með úthlutun á um 16 milljarða króna styrk úr Nýsköpunarsjóði Evrópu, eftir ítarlega rýni á vegum sjóðsins.

Það er tæplega þriðjungur af áætluðum heildarkostnaði við verkefnið.

„Í verkefninu felst að þróa skilvirkar flutningsleiðir fyrir CO_2 allt frá föngun í Evrópu til niðurdælingar í Straumsvík. Á Íslandi eru kjöraðstæður til varanlegrar, umhverfisvænnar, hagkvæmrar og öruggrar kolefnisförgunar með aðferðinni, en helstu forsendur hennar eru að til staðar séu CO_2, vatn og hentug jarðlög."

Hagkvæm leið til að minnka kolefnisfótspor

Að sögn Eddu verður stöðin hagkvæm leið fyrir íslenska aðila til að minnka kolefnisfótspor sitt. Rio Tinto á Íslandi er í þessum hópi og mun vinna að því að fanga CO_2 frá álverinu til förgunar á staðnum.

„Yrði það í fyrsta skipti sem tækist að farga varanlega CO_2 frá álveri og yrði það mikilvægt skref í átt að kolefnishlutleysi 2040.

Carbfix hóf í nóvember rannsóknarboranir á lóð álversins við Straumsvík með það fyrir augum að auka þekkingu á jarðlögum á svæðinu og fá nákvæmari upplýsingar um aðstæður til varanlegrar bindingar á CO_2 í jarðlögum. Matsáætlun vegna umhverfismats framkvæmdarinnar var nýlega skilað inn til Skipulagsstofnunar." */VH*

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT – gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Sauðfjárrækt:

Niðurtröppun greiðslumarks að hefjast

Niðurtröppun á greiðslumarki í sauðfjárrækt hefst á þessu ári, samkvæmt núgildandi sauðfjársamningi búvörusamninga á milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands frá 2016.

Sauðfjárbændur hafa á undanförnum mánuðum lýst sig andsnúna þessari leið og reynt án árangurs að fá fyrirkomulaginu breytt fyrir endurskoðun samningsins sem verður á þessu ári.

Sérstaklega hefur borið á óánægjuröddum ungra sauðfjárbænda með hið breytta fyrirkomulag, enda er hlutfallslegt eignarhald greiðslumarks mest í þeirra höndum miðað við þá sem eldri eru. Upphaflega átti niðurtröppunin að hefjast árið 2019, en ákveðið var að fresta gildistöku hennar til 1. janúar 2023 vegna slæmrar afkomu í greininni. Í samningnum er gert ráð fyrir að greiðslumarkið falli niður í áföngum út samningstímann, til ársloka árið 2026 þegar það verður að fullu fallið úr gildi.



Niðurtröppun á greiðslumarki í sauðfjárrækt hefst nú í janúar.
Mynd /smh

Ráðuneytið hafði ekki áhuga á breytingum

Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að alltaf hafi verið talið að það mætti stöðva niðurtröppunina. „Samtal okkar við ríkið bauð þó aldrei upp á það að finna leiðirnar til þess vegna þess að ráðuneytið hafði ekki áhuga á því að gera þetta fyrir endurskoðun samningsins.

Það hefur þó komið fram hjá ráðuneytinu að það telji að þetta sé þess vert að skoða í endurskoðun og því ekki ástæða hjá okkur til að ætla annað en að við getum komist að samkomulagi um að hverfa frá þessu markmiði samningsins við endurskoðunina og breyta lögum á þann veg að ærgildin falli ekki út á samningstímanum," segir Trausti.

Sami heildarstuðningur eftir breytingarnar

Í desember voru yfirvofandi breytingar talsvert í umræðunni meðal bænda. Brást matvælaráðuneytið við með því að gefa út yfirlýsingu þar sem fram kom að Bændasamtök Íslands hefðu tvisvar farið fram á það við matvælaráðherra að vikið verði frá gildandi samningi um niðurtröppunina á þessu ári. Ráðuneytið hafi talið slíkt fara gegn ákvæðum samningsins og gildandi búvörulögum og því ekki fallist á beiðnirnar. Þá var bent á að samningsbundin endurskoðun væri á dagskrá á árinu 2023.

Í yfirlýsingunni leggur ráðuneytið áherslu á að við niðurtröppunina verði engar breytingar á heildarfjárhæðum opinbers stuðnings við sauð- fjárrækt.

Hins vegar færist um 1,9 prósent af stuðningi á milli framleiðenda. „Þeir fjármunir sem flytjast af beingreiðslum á næsta ári munu hækka framlög til býlisstuðnings, ullarnýtingar og fjárfestingastuðnings. Það hefur í för með sér að stuðningur hækkar hjá 784 framleiðendum en lækkar á móti hjá 907.

Almennt má segja að þeir hækki sem eiga lítið greiðslumark og öfugt. Meðalásetningshlutfall fyrri hópsins er 1,7 og munu framlög til hans hækka. Hjá seinni hópnum er hlutfallið 0,8 og munu framlög til hans lækka. Heilt yfir dreifist stuðningurinn því jafnar á framleiðendur.

Ekki er aldursmunur milli hópanna tveggja," segir í yfirlýsingunni.

Ácetlanir aðgengilegar síðar í janúar

Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu munu sauðfjárbændur fá upplýsingar um áætlaðar greiðslur ársins síðar í janúarmánuði, ásamt fyrstu greiðslu ársins.

Áætlanir verði birtar stafrænt í Afurð og í pósthólfi hvers og eins á Ísland.is. */smh*





Hráefni til rannsóknarinnar er aflað af gras- og smáraræktunarreitum Landbúnaðarháskólans. Myndir / Aðsendar

Íslenskar rannsóknir:

Vinnsla á próteini úr grasi

Þörf heimsins fyrir prótein er alltaf að aukast og sífellt er leitað leiða til að anna þeirri eftirspurn. Ein þeirra leiða er að nýta gras til próteinframleiðslu fyrir fiskeldi, sem fóður fyrir búfé og hugsanlega til manneldis

Erlendis og þar á meðal í Danmörku hafa verið unnar talsverðar rannsóknir á vinnslu próteina úr grasi, smára og alfalfa með góðum árangri. Margrét Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir að verkefnið Er grasið grænna hinum megin? sé fyrsta skrefið í að athuga hvort slík framleiðsla sé fýsileg hér á landi.

Prótein sem unnin eru úr grasi er bæði hægt að nýta sem fóður og fæðu. Einnig hafa rannsóknir sýnt að hrat úr próteinvinnslu er nýtanlegt sem fóður þannig að hliðarafurðir framleiðslunnar eru í raun engar.

Rannsóknir við innlendar aðstæður

Verkefnið, sem er það fyrsta á þessu sviði hér á landi, er að sögn Margrétar afar mikilvægt. „Í sumum tilfellum er hægt að yfirfæra erlendar rannsóknir yfir á íslenskar aðstæður en ekki í þessu tilfelli og því nauðsynlegt að byggja fýsileikamat framleiðslunnar á íslenskum rannsóknum.

Á sama tíma leggur verkefnið grunn að þekkingu sem hægt er að byggja ofan á með áframhaldandi rannsóknum." Margrét segir að verkefninu sé ætlað að afla upplýsinga um próteinheimtur, amínósýrusamsetningu og vinnslueiginleika grass af mismunandi yrkjum á mismunandi sláttutíma.

Setja á upp vinnsluferla fyrir einangrun próteina úr grasi og afla þekkingar á próteininnihaldi og eiginleikum einangraðs próteins úr grasi. Auk þess að greina fýsileika á uppsetningu verksmiðju til próteinvinnslu úr grasi á Íslandi.

Hugmyndin kviknaði á Jótlandi

Margrét er með mastersgráðu í matvælafræði frá Danmörku og hefur unnið mikið með framleiðslu á próteinum úr hliðarafurðum í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

„Árið 2019 var ég stödd á ráðstefnu á Jótlandi og eitt af því sem var skoðað í tengslum við hana var tilraunaverksmiðja háskólans í Árhúsum sem framleiðir prótein úr grasi. Ég man að ég hugsaði með mér hvað hugmyndin væri áhugaverð en að ólíklegt væri að hún mundi borga sig heima á Íslandi."

Síðastliðið vor buðu Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Matís og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins til stefnumóts um verðmætaaukningu og nýsköpun í landbúnaði. Margrét, sem tók þátt í viðburðinum, segir að hún hafi tekið eftir þegar hún fór milli borða að það voru nánast allir að tala um prótein og próteinframleiðslu úr grasi.



Eva Margrét Jónudóttir pakkar hráefni til rannsóknanna í lofttæmdar umbúðir til frystingar.



Margrét Geirsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís. Mynd / Matís

„Ég nefndi hugmyndina við kollega minn og að mér þætti ólíklegt að hún væri raunhæf hér. Meðal annars vegna þess hversu mikið gras þarf til framleiðslunnar og að það þyrfti að fjárfesta í dýrum tækjum sem aðeins væru í notkun í fáa mánuði á ári.

Hann benti mér á að á Íslandi væri mikið ræktarland sem hægt væri að nýta í svona framleiðslu."

Samstarfsverkefni

Í framhaldi af því var búinn til samstarfshópur sem sótti um styrk til Matvælasjóðs til verkefnisins og stendur að baki því. Samstarfsaðilar eru Matís, Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

„Eitt af því sem við munum gera er að rannsaka mismunandi grastegundir sem ýmist geta verið blandaðar með belgjurtum eða ekki, af mismunandi ræktunarreitum á vegum Landbúnaðarháskólans og möguleika þeirra til próteinframleiðslu." Margrét segir að styrkurinn hafi komið í haust og að þá hafi þurft hraðar hendur til að viða að sér hráefni til rannsóknanna.

„Við rukum til og slógum af sumum þessara reita og erum með heyið í frysti í lofttæmdum umbúðum og hefjum rannsóknir á því innan skamms."

Aukið fæðuöryggi

„Á Íslandi er talsverð reynsla af því að vinna prótein úr sjávarfangi og sú reynsla á eflaust eftir að vera okkur dýrmæt. Auk þess sem sú hugmynd hefur komið upp að hægt væri að nota grasþróteinverksmiðju til vinnslu á próteini úr annars konar hráefni yfir vetrarmánuðina."

Að lokum segir Margrét að ef rannsóknin sýni að það sé fýsilegt að framleiða prótein úr grasi hér á landi sé það liður í að auka fæðuöryggi á Íslandi með því að auka innlenda próteinframleiðslu til notkunar í fóður og fæðu. */VH*

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Tilboð aðeins í janúar og febrúar

TILBOÐ Nr 1
540.000
án blómaramma
440.000

Litur steina að eigin vali - svart, grátt eða paradiso - sjá heimasíðu
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi
Sendum steina frítt um allt land.
Geymum steina ef óskað er.





TILBOÐ Nr 2
Hægt að setja 2 nöfn
350.000



TILBOÐ Nr 3
198.000

TILBOÐ Nr 4
620.000
án blómaramma
520.000



s: 466 2800 / 899 9370 **sala@minnismerki.is** **steinsmidjaakureyrar.is**

NYTJAR HAFSINS

Er jörðin að farast?

Arthur Bogason
arthur@smabatar.is



Ég fer ekki varhluta af því að allt sé á heljarþröm á jörðu hér. Sem dyggur hlustandi Rásar 1 var verulega af mér dregið fyrir örfáum dögum eftir að hafa hlustað á hvert erindið af fætur öðru þar sem hörmulegri framtíð plánetunnar var lýst í smáatriðum.

Allt okkur mönnunum og þar með mér að kenna. Hamfarahlýnun sé að valda því að jörðin eigi stutt eftir og útrýming dýrategunda í veldisvexti. Aldauði fram undan að óbreyttu. Þetta var drjúgur hluti jólaboðskapar ríkisfjölmiðilsins. Í barnaefninu er hamrað á því sama. Ekki einni einustu sekúndu varið í að geta annarra sjónarmiða, sem ég hélt (í barnaskap mínum) að væri aðalsmerki hlutlausrar fréttamennsku.

Dýra- og plöntutegundir á Íslandi

Þar sem ég bý á Íslandi finnst mér rökrétt að skoða hvaða dýra- og plöntutegundir hérlendis hafa horfið úr flórunni. Geirfuglinn er þar frægastur, dó drottni sínum um miðja 19. öld af mannavöldum.

Nokkrar fuglategundir eiga undir högg að sækja, án augljósra tengsla við landnám mannsins. Gróðurtegundum hefur sennilega fjölgað og hvað sem segja má um stofnstærðir einstakra tegunda sjávarlífvera (fiska sem annarra) þá hafa fleiri tegundir greinst og veiðst við landið undanfarin ár en áður.

Engu að síður dynja á manni fréttir um gríðarlega fækkun lífvera á jörðinni. Reyndar læðast inn á milli spurnir af því að áður óþekktar tegundir hafi fundist. Hvort þær séu færri eða fleiri en þær sem eru að glatast kemur hvergi fram.

Ég sakna þess að finna hvergi á hinu alvitra interneti lista yfir dýra- og plöntutegundir sem deyja út dag hvern annars vegar og nýuppgötvaðar tegundir/lífverur hins vegar.

Heimsendaspádómar

Ég er nógu gamall til að muna fullyrðingar – ekki spádóma – færustu vísindamanna um yfirvofandi ísöld, sem átti að dynja yfir af sömu ástæðu og færustu vísindamenn nútímans predika nú varðandi „hamfarahlýnun“, þ.e. vegna CO_2 losunar mannsins.

Ég sakna þess að hafa hvergi séð útskýrt á mannamáli á hvaða tímapunkti vísindamenn áttuðu sig á því að aukið magn CO_2 í andrúmsloftinu myndi leiða til hlýnunar en ekki kólnunar. Hlutfall þessarar ósýnilegu gastegundar, sem reyndar er nauðsynleg öllu lífi á jörðinni, hefur oft verið hærra í jarðsögunnni, löngu fyrir iðnbyltingu.

Heimsendaspádómum hefur verið haldið að okkur í þúsundir ára, jafnvel með nákvæmum dagsetningum. Ég væri varla að skrifa þetta ef ein einasta þeirra hefði ræst.

Forverar þeirra sem nú standa á torgum voru fulltrúar hins geistlega valds, sem halda reyndar boðskap sínum enn til streitu. Það er engu líkara en að í manninum búi genísk þrá eftir heimsendi og dómsdegi, helst í fyrramálið.

Stærsti ljóður mannsins er sóðaskapur

Hvað sem öllu líður er ég sammála því að maðurinn getur gengið mun betur um jörðina. Stærsti ljóður hans er sóðaskapur. Í gegnum tíðina hefur hann hent drasli þar sem hann stendur. Ég man mætavel eftir því að öskubakkinn í bílnum var losaður út um gluggann. Ég man eftir því að hafa hent troðfullum ruslapokum fyrir borð á togurum á landleið ásamt ónýtum netum, vírum og fleiru.


Og það er ekki lengra síðan en fyrir þremur árum að ég og fjölskyldan gerðum okkur ferð út á Langanes í októbermánuði í stórkostlega fallegri vetrarstillu. Við stöldruðum við á þremur stöðum við fjöruborð. Við trúðum varla eigin augum. Plastdrasl og rusl fyllti alla þessa þrjá viðkomustaði. Netadræsur og kúlur, fiskikassar og dragnótartóg, svo fátt eitt sé talið. Mér varð svo um að ég hafði mig ekki í að taka myndir.

Í áratugi hefur þetta rekið á fjörur, að langmestu leyti grafist í sandinn og þar með horfið um alla framtíð.

Ég vil trúa því að þetta sé að breytast til batnaðar hin síðari ár. En betur má ef duga skal.

Maltus og Rosling

Á 19. öld (fæddur á þeirri 18.) var uppi Thomas nokkur Malthus sem hélt því fram að þegar mannkynið næði því að verða 600 milljónir yrði jörðinni ofboðið. Enn þann dag í dag eru til samtök sem halda svipuðu fram. Sem þetta er ritað náði mannfjöldinn á jörðinni því að vera 8 þúsund milljónir og 10 milljónum betur. Þar sem ég er talnafíkill finnst mér viðeigandi að geta þess að samkvænt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna fæðast nú um 385 þúsund börn á hverjum sólarhring og um 185 þúsund hverfa yfir móðuna miklu. Dagleg fjölgun mannkyns er því um 200 þúsund. Í mannfæðinni á Íslandi eru þetta sjálfsagt ógnvekjandi tölur fyrir flesta.



1,3 milljörðum tonna af matvælum er fargað

Þeim sem telja mennina vera of marga vil ég benda á eftirfarandi: 1,3 milljörðum tonna af matvælum er fargað árlega.

Ég endurtek: eittþúsundogþrjú hundruðmilljónum tonnum af matvælum er fargað árlega!

Til að átta sig á þessari ótrúlegu tölu þá var heildarafli íslenska fiskiskipaflotans árið 2021 ein milljón og 160 þúsund tonn, innan við þúsundasti hluti þessarar tölu.

Samkvæmt FAO, Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, er árleg framleiðsla matvæla u.þ.b. 4 milljarðar tonna. Sóunin er því u.þ.b. þriðjungur af því sem framleitt er. FAO áætlar að u.þ.b. 828 milljónir manna séu um þessar mundir fórnarlömb hungurs og vannæringar, þ.e. rúmlega 10% mannfjöldans á jörðinni. Á sama tíma rær yfir 1 milljarður í eigin spiki, 13% mannfjöldans.

Væri gæðunum skipt réttlátlega hyrfi hungrið í heiminum þótt mannkyninu fjölgaði hressilega yfir 10 milljarða.

Ég hef ferðast vítt og breitt um heiminn, fyrst og fremst vegna þátttöku minnar í starfi Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF). Eðli máls samkvæmt voru staðirnir og svæðin sem ég heimsótti að jafnaði fjarri ferðamannastöðum.

Á öllum þessum flækingi rakst ég ekki á einn einasta mann sem var augljóslega ofaukið.

En það hefur nú oft háð mér að vera ekki sérlega mannglöggur.

Að öðru, en náskyldu

Árið 2017 féll frá sænskur læknir og altmugligtman að nafni Hans Rosling. Ævistarf hans var stórmerkilegt en ég tíunda það ekki hér.

Hans Rosling setti saman þá mögnuðustu fyrirlestra með myndasýningum sem ég hef séð. Ég skora á lesendur að fletta honum upp, hvort heldur á TED talks eða Youtube.

Hans Rosling var einstakur fyrir þær sakir að hann byggði fyrirlestra sína alfarið á tölfræðilegum gögnum frá þeim alþjóðlegu stofnunum sem þjóðir og ráðamenn heims líta á sem áreiðanlegar.

Niðurstöður hans stangast heiftarlega á við daglegan fréttaflutning af offjölgun mannkynsins. Hans sýndi rækilega fram á að þessar áhyggjur eru óþarfar og hvers vegna.

Það besta sem hinar ríku þjóðir heims geta gert er að styðja þær fátæku til mennta. Afleiðingin er sú að barnsfæðingum fækkar, ævilengd eykst, tekjur aukast og þar með lífsgæði ásamt fjölmörgum öðrum jákvæðum afleiðum. Í örstuttri útgáfu: hann var að lýsa því hvernig íslenska þjóðin braust frá örbirgð til álna.

Hans sýndi fram á að mannkynið muni fjölga sér um sinn, ná upp undir 10 milljarða þakið en eftir það dragi úr. Það er hressandi fyrir sálartetrið að sjá þessa framsetningu Hans Rosling eftir að hafa hlustað á dómsdagsdagskrána sem bylur á okkur alla daga.

Þessa nálgun, að byggja á tölfræðilegum gögnum, leiðir að því sem ég vil enda þennan pistil á.

Hafið við Ísland og hitamælingar Hafró

Fjölmiðlar endurtaka í síbylju að hafið í kringum Ísland sé að hlýna.

Hafrannsóknastofnun fer tvisvar á ári í svokölluð togararöll. Aðalrallið (vorrallið) fer fram í endaðan febrúar og fram í mars en haustrallið í október.

Ég hef gagnrýnt þessa aðferðafræði til stofnmælinga, en eitt er mælt í þessum leiðöngrum sem engin ástæða er til að bera brigður á. Það eru hitamælingar sjávar á föstum sniðum hringinn í kringum landið. Fyrir stuttu gaf Hafró út skýrslu um framkvæmd og helstu niðurstöður úr haustralli 2022. Þar er að finna á bls. 31 mynd af hitamælingum leiðangursins. Myndin er uppfærð af sömu mynd sem birst hefur til margra ára úr vor- og haustleiðöngrum stofnunarinnar.

Ég tek mér það bessaleyfi að útbúa graf fyrir Norðvestur- og Norðaustursvæðin og með því feta í fótspor Hans Rosling og skoða eingöngu tölulegar staðreyndir.

Þróunin frá árinu 2003, samkvæmt hitamælingum í haustralli, er í flestum tilfellum samhljóma. Hafið í kringum Ísland hefur verið að kólna sl. 20 ár. Textinn sem fylgir myndinni í skýrslu Hafró eftir haustrallið 2022 er eftirfarandi:

Botnhiti

„Meðalhitastig sjávar við botn í haustralli hækkaði á flestum svæðum og dýpisbilum frá 1996 til 2010 (20. mynd).

Á árunum 2012-2018 lækkaði meðalhiti sjávar við botn lítillega á landgrunninu (grynnra en 400 m) fyrir sunnan og vestan land. Síðustu ár sýnir meðalhitinn á landgrunninu (1-200 m) fyrir vestan, norðvestan og norðaustan land áberandi lækkun eða um 1°C frá 2019. Á djúpslóð (>400 m) er breytileiki mikill fyrir sunnan og vestan land, en meðalhiti sjávar hefur haldist svipaður frá árinu 2012. Hins vegar má greina hækkun á meðalhita við botn í kalda sjónum fyrir norðvestan og norðaustan land frá því mælingar hófust árið 1996“.

Það verður Hafró að eiga að hún tekur varfærnislega til orða. Sé rýnt í textann og hvað þá gröfin er augljóst að endalusar fréttir af „hlýnun sjávar“ eru vægast sagt vafasamar.

Hitastig er líka mælt í vorrallinu

Myndin sýnir þróunina frá árinu 2003–2022 (rauða línan er línuleg þróun). Þessar upplýsingar hafa enn sem komið er ekki vakið athygli fjölmiðla.

Í fréttum frá Noregi nú í vikunni er til þess tekið að minni vöxtur sé í laxeldi vegna lækkandi sjávarhita. Þar með fauk út um gluggann sú kenning að um væri að ræða „kuldapoll“ í kringum Ísland.

Eru þetta ekki tíðindi fyrir þjóð sem byggir að stórum hluta á fiskveiðum og hugsanlega fréttnæmara en það hvort lesblindur rútubílstjóri hafi reykspólað framhjá einhverjum lokunarskiltum?

Ég er þeirrar skoðunar að fréttir af andláti jarðar séu stórlega ýktar. Maðurinn hefur í gegnum söguna sýnt að hann finnur lausnir, þó stundum taki það tímann sinn.

Arthur Bogason,
formaður Landssambands smábátaeigenda



BÚGREINAÞING 2023

HÓTEL NATURA REYKJAVÍK

22. OG 23.FEBRÚAR

Þingsetning: 22.febrúar klukkan 11:00

Nánari upplýsingar á bondi.is

Kjörgengi inn á Búgreinaþing hafa einungis fullgildir félagsmenn BÍ

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Samanburður:

Hagræðing og samkeppnishæfni íslenskra landbúnaðarvara

Á þessu ári setjast bændur og þeirra fulltrúar niður við samningaborðið og semja um breytingar á núgildandi búvörusamningum. Í fyrstu grein rammasamningsins er farið yfir markmið þessa samnings en hann gildir frá árinu 2017 til 2026.

Markmiðin eru margvísleg og fjalla meðal annars um að bændum sé tryggð leiðbeiningarþjónusta og skýrsluhaldshugbúnaður, að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og sjálfbæra nýtingu og að nýliðun sé auðvelduð.


Fyrsta markmiðið er hins vegar þetta:

Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu búvara ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæðaafurða á sanngjörnu verði.

Er tilefni til að fara yfir hvernig staðan á þessum markmiðum er fyrir endursamningana. Hér verður hagræðing og samkeppnishæfni landbúnaðarins skoðuð betur.

Dregur úr ríkisstuðningi

Þegar litið er til hagræðingar í landbúnaði er hægt að horfa á marga mismunandi mælikvarða. Ríkisútgjöld til landbúnaðarins hafa lækkað um 1,3% á ári að meðaltali (verðlag ársins 2021) á samningstímanum, 2017-2021. Ekki er búið að færa inn endanlegar tölur fyrir 2022 en mögulegt er að upphæðin hafi hækkað eitthvað á því ári vegna spretthópsgreiðslna sem gæti fært meðaltalið í kringum 0%.




Sama gildir um framleiðslu mælda í tonnum. Munurinn á framleiðslu ársins 2016 (kjöt, grænmeti, egg og mjólk lögð saman) og 2021 er -0,1%. Á tímanum dróst kjötframleiðsla saman um 0,7%, eggja um 1,6% og mjólk um 1,9%. Grænmetisræktun jókst hins vegar um 25,7%. Framleiðsluvirði landbúnaðarafurða hefur lækkað örlítið á samningstímabilinu. Líklega er hægt að benda á verð sauðfjárafurða sem stærstu orsök þess en síðan 2018 hefur verðið verið að hækka. Nýjustu tölur um framleiðsluvirði er hins vegar frá árinu 2020 og vantar því tölur síðustu tveggja ára.


Má draga þetta saman og segja að ef þróun áranna 2017-2021 er borin saman við árið 2016 hafi framleitt magn staðið nokkurn veginn í stað, á föstu verðlagi hefur framlag ríkisins einnig verið nokkuð stöðugt en framleiðsluvirðið lækkað örlítið. Hagræðing í aðföngum hefur verið töluverð. Að meðaltali fékkst 5,1% meira kjöt af hverjum sláturgrip árið 2020 en árið 2016 ef hestar eru frátaldir. Sú þróun heldur áfram lengra aftur í tímann. Árið 2020 fékkst 11,1% meira kjöt af hverjum sláturgrip en árið 2008. Starfsfólki í landbúnaði fækkaði líka umtalsvert á tímabilinu.

Aukinni eftirspurn mætt með innflutningi

Á samningstímanum, frá árinu 2017 og til dagsins í dag, hefur verðvísitala búvara án grænmetis hækkað um 4,2% á meðan innfluttar mat- og drykkjarvörur hafa hækkað um 1,3%. Gerir það 29,9% hækkun á innlendum búvörum (án grænmetis) á samningstímanum en 9% á innfluttum mat- og drykkjarvörum.

Á meðan þessi þróun hefur átt sér stað hefur innflutningur á mann aukist töluvert meira en matvælaframleiðsla. Er ástæða þess að einhverju leyti sú að erfitt hefur verið að spá fyrir um eftirspurn á landinu með tilkomu ferðamanna og svo hvarfi þeirra um stund.





Samkeppnishæfni innlendra afurða hefur því a.m.k. ekki vænkast á samningstímanum. Bæði hefur verð hækkað umfram erlenda samkeppni og innflutningur matvæla hefur aukist og hefur nær allri aukningu á eftirspurn verið svarað með innflutningi. Hagræðingaraðgerðir undanfarinna ára hafa gengið vel, bæði þegar kemur að vinnuafli og aðföngum. Að viðhalda samkeppnishæfni gagnvart erlendum staðgönguvörum hefur reynst erfiðara, að minnsta kosti þegar einungis er horft á verð og magn. Fyrir þessari þróun eru margskonar ástæður sem vert er að taka saman og hafa í huga á komandi búgreina- og Búnaðarþingi sem og við samningaborðið við fulltrúa ríkisins. */sfb*



Markaðir

Evra
€
154,7 kr

USD
$
144,27 kr

Pund
£
175,14 kr

95 okt bensín
322,2 kr

Dísel
331,4 kr

Mjólk (USD/100 pund)
19,53 USD

Korn (USD/sekkur)
7,35 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
29,3 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1323 AUD

Ostur (USD/pund)
1,99USD

Smjör (EUR/tonn)
5123 EUR

vfs.is

JANÚAR
ÚTSALA
20%

VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

FRÉTTASKÝRING

Búfjármerkingar:

Yfir tonni af kjöti sóað að ósekju

– Túlkun Matvælastofnunar á reglugerðum olli bændum á Suðurlandi tjóni

Ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna undanþágubeiðni bónda um að nautgripur, sem hann hafði sent til slátrunar, yrði fargað vegna rangra eyrnamerkinga, var úrskurðuð ógild hjá matvælaráðuneytinu um miðjan desember. Úrskurðurinn er fordæmisgefandi og gæti haft áhrif á úrvinnslu fleiri sambærilegra mála sem komið hafa upp á sama svæði.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Á síðustu mánuðum hefur nokkrum nautgripaskrokkum verið fargað á Sláturhúsinu á Hellu vegna ákvörðunar Matvælastofnunar um að merkingar á gripunum séu ófullnægjandi. Magnús Ingvarsson sláturhússtjóri leiðir að því líkum að að minnsta kosti fimm skrokkum hafi verið hent vegna þessa í fyrra en auk þess hefðu tveir farið sömu leið ef ekki hefði verið fyrir DNA sönnun á uppruna þeirra.

Hóflega má áætla að ungneyti sé um 250 kg og er því hægt að gera ráð fyrir að töluvert meira en tonni af nautakjöti hafi verið sóað af þessari ástæðu. Tjón bænda sem í þessu lentu hleypur á milljónum króna.

Álitamál um handskrifað gripanúmer

Í febrúar sl. hringdi Magnús sláturhússtjóri í Litla-Ármót, til þeirra Ragnars Finns Sigurðssonar og Hrafnhildar Baldursdóttur, og tilkynnti þeim að grip sem slátrað hafði verið þann dag yrði fargað að beiðni Matvælastofnunar, vegna þess að gripanúmer í eyrnamerki hans væri handskrifað en ekki forprentað.

Benti hann þeim á að hafa samband við héraðsdýralækni og sækja um undanþágu.

„Við sendum fimm uxa til slátrunar. Allir voru þeir með merki í báðum eyrum og töldum við þau uppfylla allar reglur og viðmið. Síðar kom í ljós að einn gripurinn var með handskrifað gripanúmer á annars forprentuðu merki. Þegar við fórum að skoða þennan einstaka grip virðist vera að merkingin með forprentuðu merkjunum hafi mistekist og höfðum við sett í hann neyðarmerki, þ.e. merki með forprentuðum upplýsingum um bú og land ásamt handskrifuðu gripanúmeri. Merkingin átti sér stað fyrir rúmum tveim árum. Þá var heilbrigð skynsemi enn við lýði hjá MAST og handskrifuð neyðarmerki talin eðlilegur hlutur og letrið metið óafmáanlegt," segir Ragnar Finnur.

Eyrnamerkin sem eiga að fara í gripina eru gul plötumerki sem eru upphaflega forprentuð með einkennismerki, búsmerki og gripanúmeri. Þeim er komið fyrir í báðum eyrum gripa innan 20 daga frá fæðingu skv. ákvæðum reglugerðar nr. 916/2012 um merkingar búfjár.

Markmiðið með því að merkja búfé á þennan hátt er að tryggja rekjanleika búfjárafurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjáreftirliti.


Ragnar Finnur segir að forprentuðu merkin eigi það til að brotna eða detta úr á líftíma gripanna. Jafnvel komi fyrir að merki fari forgörðum við upphafsmerkingu eins og í þessu tilfelli. Hægt er að panta merki með forprentuðum upplýsingum um land og bú og fylgir þeim sérstakur penni til að skrá gripanúmer á plötuna. Þannig er hægt að bregðast fljótt við ef merki detti úr gripum.

„Þessi handskrifaða merking fer ekkert af frekar en sú sem er forprentuð. Hún er óafmáanleg og notkun á þessum merkjum hefur tíðkast í langan tíma," segir hann.

Slíkar merkingar þóttu fullnægjandi sönnun á uppruna gripanna samkvæmt eftirlitsmönnum Matvælastofnunar þar til nýlega. Túlkun stofnunarinnar á reglugerðinni virðist breytast því í fyrra var farið að taka strangar á kröfum um merkingar.



Ungneyti á Litla-Ármóti. Glittir þar í gular eyrnamerkingar. Myndir / Aðsendar



Hrafnhildur Baldursdóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson, bændur á Litla-Ármóti, en málið varðar uxa sem þau sendu til slátrunar.

Ragnar og Hrafnhildur rekja breytinguna til mannabreytinga innan MAST. „Við vorum farin að heyra að eftirlitsaðilar væru farnir að taka strangara á því í sláturhúsinu ef merki vantaði í grip, eða ef gripanúmer væri handskrifað. Einnig heyrist okkur í samtali við aðra bændur að það líti út fyrir að einhverjir fái undanþágur en aðrir ekki. Þetta hljómar því eins og um sé að ræða geðþóttaákvörðun innan stofnunarinnar hverju sinni."

Rekjanleikinn algjör

Í sjónarmiði Ragnars Finns og Hrafnhildar í úrskurði Matvælastofnunar kemur fram að skilningur þeirra á tilgangi reglugerðar um merkingar búfjár sé að tryggja rekjanleika búfjárafurða. Fyrir hafi legið forprentað bæjarnúmer ásamt skýrt merktu gripanúmeri ásamt móðerni, faðerni og fæðingardegi sem stemmdi við hjarðbók og því væri hægt að taka allan vafa á uppruna gripsins. Töldu þau öll skilyrði hafa verið fyrir hendi til að veita undanþágu fyrir slátrun gripsins. Ákvörðun héraðsdýralæknis hafi verið íþyngjandi og valdið þeim fjárhagstjóni.

„Þegar Magnús hafði samband brugðumst við með undanþágubeiðni til héraðsdýralæknisins. Enginn vafi var á um hvaða grip ræddi og því töldum við að gefa ætti undanþágu því rekjanleiki væri til staðar. Héraðsdýralæknir heldur því engu að síður til streitu að henda eigi gripnum. Okkur finnst dapurlegt að fórna lífi gripsins til einskis með tilliti til matarsóunar og umhverfis," segir Hrafnhildur.

Ragnar segist hafa verið í reglulegu sambandi bæði við Magnús sláturhússtjóra og starfsmenn Matvælastofnunar í ferlinu, til að reyna að leysa úr málinu á farsælan hátt. Magnús segist hafa boðist til að geyma gripinn í frysti á meðan úr málinu væri skorið en hafi fengið ítrekun frá Matvælastofnun um að henda honum.

Ragnar og Hrafnhildur skilja ekki af hverju farið var fram með slíku offorsi. „Við athuguðum hvort mætti taka gripinn heim og nýta hann til eigin nota en það var ekki leyfilegt.

Eingöngu átti að henda honum og af einhverri ástæðu var mikil áhersla lögð á að gripnum yrði fargað hið snarasta."

Hjónin segjast ekki hafa reiknað nákvæmlega út tjón þeirra vegna



Merkin sem málið snýst um eru plastplötur með forprentuðu bæjarnúmeri en handskrifuðu gripanúmeri. Móðerni, faðerni og fæðingardagur gripsins voru einnig skráð á merkin sem stemmdu við hjarðbók.

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

málsins, en auk innleggsins sem þau misstu af og á að greiða þann kostnað og tíma sem fór í uppeldi nautsins, leggst á þau förgunargjald.

„Einnig fór töluverður tími í að leita réttar okkar en lengd málsins spannar ellefu mánuði. Þannig að heildartjón af völdum þessa atviks hleypur fljótt á hundruðum þúsunda króna, sé vinnan reiknuð með. Okkur þykir þetta allt rosalega dapurlegt.

Í öðru orðinu er talað um matarsóun en svo er gripið til svona aðgerða vegna rangtúlkunar á regluverki," segja þau.

Verklagsreglum breytt

Í umsögn Matvælastofnunar, sem sjá má í úrskurði matvælaráðuneytisins, er vísað í 5. grein reglugerðarinnar um merkingu búfjár, þar sem fram kemur að tiltekin viðurkennd forskráð plötumerki skuli notuð, þar sem allar upplýsingar eigi að vera prentaðar á merkið svo þær séu óafmáanlegar. Krafan sé að upplýsingarnar á merkjunum séu óafmáanlegar og lítur Matvælastofnun svo á að handskrifaður texti á merki uppfylli ekki það skilyrði.

Þá vísar stofnunin í 15. grein umræddrar reglugerðar.

„Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að berist ómerkt dýr í sláturrétt sláturhúss skuli það tilkynnt dýralækni sláturhússins. Dýrinu skuli slátrað en heilbrigðisskoðun dýralæknis frestað eða tryggt við heilbrigðisskoðun dýralæknis og stimplun að afurðirnar fari ekki til manneldis. Jafnframt er kveðið á um í ákvæðinu að Matvælastofnun geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef viðhlítandi skýringar koma fram á því af hverju dýrið er ómerkt og hægt er að sýna fram á uppruna þess m.a. hvaða einstaklingsnúmer dýrið hafði og skráningu í hjarðbók. Það er á ábyrgð sláturhúss og/eða eiganda búfjár að sýna fram á uppruna og veita skýringar sem og óska eftir undanþágu fyrir heilbrigðisskoðun dýralæknis. Matvælastofnun vísar til þess að rekjanleiki samkvæmt löggjöfinni teljist ekki fullnægjandi þegar forprentuð eyrnamerki vantar í nautgrip."

Þá rekur stofnunin breytt verklag til tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem tilkynnt var sláturleyfishöfum í júní árið 2021. Þar voru sláturleyfishafar beðnir um að kynna verklagsbreytingar fyrir sínum viðskiptamönnum, þ.e.a.s. bændum.

Breytingarnar fólu meðal annars í sér að undanþágubeiðnir skyldu berast a.m.k. sólarhring fyrir slátrun. Í þessu tiltekna tilfelli hafi undanþágubeiðnin borist eftir slátrun.

Gekk lengra en ákvæði reglugerðarinnar

Í úrskurði matvælaráðuneytisins kemur fram að það taki ekki undir það sjónarmið Matvælastofnunar að hafna beri undanþágubeiðni bóndans á þeim forsendum að stofnunin hafi breytt verklagi sínu eins og lýst sé.

Verklagið gangi lengra en ákvæði reglugerðarinnar og feli í sér íþyngjandi kröfur sem ekki hafi stoð í henni og gangi jafnvel í berhögg við skýrt orðalag reglugerðarinnar. Þannig hafi stofnunin brotið gegn ákvæðum um meðalhóf með ákvörðun sinni. Þá telur ráðuneytið að Matvælastofnun hafi brotið gegn leiðbeiningaskyldu sinni með því að tilkynna aðeins sláturleyfishöfum breytt verklag en ekki bændum, enda sé um að ræða verklagsbreytingar sem hafi bein og íþyngjandi áhrif á bændur.

Úrskurður ráðuneytisins var því að ógilda ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna undanþágubeiðninni.

Í niðurstöðu úrskurðarins kemur fram að bændurnir geti krafist bóta en bera þarf slíka kröfu upp við ríkislögmann. Ragnar og Hrafnhildur gera fastlega ráð fyrir því að ganga í það verk á næstunni.

Biðlar til bænda

Magnús, sláturhússtjóri á Hellu, segir að gripum merktum með handskrifuðu númeri hafi fækkað gríðarlega enda séu menn orðnir meðvitaðir um nýjar verklagsreglur. Hann segir hins vegar að fyrir komi að gripir beri slík merki en þá séu þau í öllu falli fyrir löngu skrifuð.

„Það sést að þetta eru ekki nýskrifuð merki og auðséð að ekki er verið að reyna að svindla. Það leikur enginn vafi á uppruna frekar en á öðrum merkjum."

Handskrifuð merki eru því frekar undantekning en regla og bendir Hrafnhildur á að uppruni hafi aldrei verið vafaatriði í þeirra máli.

„Ég veit ekki betur en að bændur séu að reyna að gera sitt besta og hlýða tilmælum. Í okkar tilfelli var hægt að fara beint inn í hjarðbókina og sjá að ekki kom annað dýr til greina. Ég velti fyrir mér af hverju neyðarmerkin séu ekki leyfð eins og áður, fyrst þau standa bændum til boða. Ef bændum er treyst til að merkja gripina sína sjálfir, af hverju er þeim ekki treyst til að endurmerkja með merki með handskrifuðu gripanúmeri ef merki dettur úr? Mér finnst í raun algjör sóun á fjármunum Matvælastofnunar að leggjast svona þungt á mál sem eru nokkuð augljós í úrvinnslu. Eðlilegra væri að stofnunin legði þunga sinn í að leysa alvarlegri mál. Það er vel skiljanlegt að það þurfi að vera reglur en það má ekki ganga út yfir almenna skynsemi."

Ragnar segir niðurstöðu matvælaráðuneytisins að öllum líkindum fordæmisgefandi fyrir önnur tengd tilfelli sem komið hafa upp.

„Við vonum að mál okkar verði til þess að ekki þurfi að sóa frekari tíma og fjármunum fyrir bændur, umhverfið og Matvælastofnun. Nú stendur til að Ríkisendurskoðun geri úttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra og því biðla ég til bænda að beina athugasemdum til Ríkisendurskoðanda ef þeir hafa orðið varir við misbrest eða undarlega starfshætti við eftirlit Matvælastofnunar. Allt er þetta mannanna verk sem má bæta. "

Viðbrögð Matvælastofnunar:
Verklagsreglur útfærðar eftir úrskurð

Matvælastofnun vinnur nú að því að útfæra verklagsreglur stofnunarinnar hvað varðar ómerkta nautgripi á sláturhúsum til samræmis við úrskurð matvælaráðuneytisins. Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, og Freydís Dana Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri afurða kjöts hjá MAST, svöruðu fyrirspurn þegar kallað var eftir viðbrögðum MAST við úrskurðinum. „Viðbrögð okkar eru jákvæð. Í úrskurðinum kemur fram viðurkenning á verkferlinu eins og MAST hefur sett það fram. En útfæra þarf túlkun einstakra tilfella betur og það er það sem við erum að vinna að núna."

Þær svöruðu enn fremur sértækum spurningum um úrskurðinn og málið í heild:

Mér skilst að neyðarmerki hafi verið í boði til kaups fyrir bændur og vitað hafi verið að forprentaðar merkingar gætu farið forgörðum, annaðhvort við upphafsmerkingu eða á líftíma gripa. Hvað varð til þess að MAST breytti afstöðu sinni gagnvart þessum merkjum?

„Það sem varð til þess að MAST breytti afstöðu sinni er ábending frá ESA sem átti við rök að styðjast. Hin svokölluðu neyðarmerki eru í raun ætluð sem bráðabirgðamerki til að nota í gripi á meðan beðið er eftir því að pöntun á endurprentuðu merki komi í hús. Þessi merki eru fyrst og fremst ætluð til þess að nota í gripi í stíum sem týna merki og nauðsynlegt er að bregðast við og auðkenna þá vegna hættu á að rekjanleiki gripa hverfi ef fleiri en einn í sömu stíu missir merki og erfitt er að þekkja þá í sundur.
Það var aldrei meiningin með þessum merkjum að þau yrðu að varanlegum merkjum í eyrum gripa. Möguleikinn á endurprentun merkja hefur ávallt verið fyrir hendi og afgreiðsla tekur almennt ekki meira en viku (fyrir utan sumarleyfistíma). Líftími kvendýra sem mögulega eru merktir með bráðabirgðamerki snemma á lífsleiðinni er of langur til þess að hægt væri að taka tillit til hans. Séu einhverjar ástæður fyrir því að bóndi getur ekki beðið eftir varanlegu merki fyrir slátrun getur bóndi sent inn undanþágubeiðni til héraðsdýralæknis og sett var verklag um að bærist umsókn tímanlega þar sem sýnt var að erfitt væri að skipta um merki var tekið tillit til þess. Þar með taldi stofnunin að búið væri að taka tillit til gripa sem þegar voru með neyðar-/bráðabirgðamerki."

Nú urðu bændur varir við að sumir fengu undanþágur en aðrir ekki, í nákvæmlega sömu aðstöðu, og tala um geðþóttaákvörðun stofnunarinnar í því samhengi. Getið þið brugðist við slíku?

„Sömu verklagsreglur eru við lýði í öllum umdæmum og reynt eftir því sem mögulegt er að samræma verklag á þessu sviði sem og öðrum. Það er misjafnt eftir umsóknum hvort allar upplýsingar sem til þarf koma fram, þó svo að dýraeigendurnir telji sig vera í sömu stöðu þá nálgast héraðsdýralæknar undanþágubeiðnir út frá áhættu en einnig er tekið tillit til stöðu skráninga hjá viðkomandi bónda við síðasta eftirlit ásamt fleiri upplýsingum. Stefna MAST er að gera sitt besta til að koma í veg fyrir misræmi á milli svæða."

Er einhver ástæða fyrir því að þessi mál, sem komu upp, eru einangruð við eitt svæði?

„Vandamál vegna handskrifaðra eða ólögmætra merkja virðast fyrst og fremst tengjast einu/mjög fáum sláturhúsum. Kynningarbréf frá MAST fóru til allra sláturhúsa og oftar en einu sinni og voru sláturleyfishafar beðnir um að kynna reglurnar fyrir sínum viðskiptavinum. Það getur hafa orðið einhver misbrestur á því. En flestir bændur hafa aðgang að Bændablaðinu þar sem þessar verklagsreglur voru einnig kynntar í grein sem ég sendi inn á síðasta ári til þess að reyna að tryggja að allir hefðu aðgang að þessum upplýsingum. Verkferlar héraðsdýralækna eru þeir sömu í öllum umdæmum. Í flestum umdæmum sækja menn um undanþágu vegna vanmerkinga sólarhring fyrir slátrun og er þá langoftast hægt að fyrirbyggja þessi vandamál. Sárasjaldan verður misbrestur á því nema, eins og fram hefur komið, hjá örfáum sláturleyfishöfum."

Matvælastofnun fer offari

Afstaða Bændasamtaka Íslands á málinu er einörð og fleiri mál af sambærilegum toga eru í vinnslu innan samtakanna. Þau telja að framkvæmd Matvælastofnunar við veitingu undanþága vegna frávika í merkingum nautgripa sé ekki í samræmi við regluverkið. Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur hjá BÍ, bendir m.a. á að stofnunin hafi ekki ansað fyrirspurn samtakanna um málið í átta mánuði. Þá skjóti skökku við að heimtaka á skrokkum sé ekki leyfð við þær aðstæður sem Ragnar og Hrafnhildur lýstu.

„Það hefur verið eindregin afstaða Bændasamtakanna alveg frá því samtökin fengu fyrst fregnir af þessu máli að þarna væri MAST að fara offari. MAST er hluti af stjórnsýslunni og verður að fylgja þeim reglum sem þar gilda sem eru meðal annars rannsóknarreglan og meðalhófsreglan. Því miður er þetta ekki eina málið af sambærilegum toga en vonandi verður þessi úrskurður til þess að hér eftir verði fylgt verklagi sem byggir á meðalhófi. Bændasamtökin hafa átt umtalsverð samskipti við MAST vegna þessara mála og ítrekað bent á að framkvæmd veitingar undanþága vegna frávika í merkingum á nautgripum sé ekki í samræmi við regluverkið.

Það er tvennt í þessu, í fyrsta lagi að MAST er heimilt að veita undanþágur og ber að veita þær ef hægt er að sýna fram á um hvaða grip/gripi er að ræða. Í maí á síðasta ári, eða fyrir tæpum átta mánuðum, sendu Bændasamtökin upplýsingabeiðni á MAST þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum sem varða framkvæmd veitingar undanþága á þessum grundvelli, en þrátt fyrir margar ítrekanir hefur stofnunin enn ekki brugðist við erindinu.
Í öðru lagi höfum við klórað okkur ansi mikið í kollinum yfir þeirri einörðu afstöðu MAST að leyfa ekki heimtöku á skrokkum sem ekki uppfylla kröfur reglugerðar um rekjanleika. Það er nokkuð sérstakt að stofnunin skuli túlka regluverkið á þann veg að óheimilt sé að taka óstimplað kjöt út úr sláturhúsi til heimaneyslu en sama grip hefði mátt slátra í hlöðunni heima á bæ til sömu nota. Bændasamtökin hafa óskað skýringa á þessari afstöðu MAST en ekki fengið neinar skýringar sem standast skoðun.

Í öllu þessu þá skýtur skökku við að á tímum þar sem mikið er rætt um matarsóun og loftslagsmál sé 250 kg nautsskrokkum, sem í öllu falli myndu standast heilbrigðisskoðun, fargað, án þess að stjórnsýslan svo mikið sem blikni, á þeim grundvelli einum að í eyranu á gripnum sé handskrifað merki, sem þó er vel læsilegt og hægt að rekja. Það er að sjálfsögðu framkvæmd sem stenst enga skoðun. Sérstaklega í ljósi þess að það er jú bóndinn sem setur merkin í eyrun á gripunum og því verði jafnframt að ganga út frá því að sami bóndinn sé heiðarlegur með það hvaða gripur sé að fara í sláturhús," segir Hilmar.



UTAN ÚR HEIMI

Sjálfbær þróun:

Matvælakerfi og markaðssetning hluti af virðisauka

– Um innleiðingu nýrrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins

Sjálfbær þróun er meginregla sáttmálans um Evrópusambandið og forgangsmarkmið fyrir stefnu sambandsins. Framkvæmdastjórnin skuldbindur sig til að innleiða sjálfbæra stefnu samkvæmt þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Önnur og skyld umræða sem rætt var um á viðskiptaþingi Evrópusamtaka bænda, Copa Cogeca, sem fram fór síðla hausts, er hvernig samvinnufélög leitast í átt til sjálfbærni með því að miðla umhverfis-, félags- og efnahagsþætti sinna félaga.

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi umhverfisráðgjafar Íslands, Environice, fagnar þessum skrefum og bendir á að stjórnvöld hér á landi mættu vinna markvissara að því að beina bændum í sjálfbærari áttir.

Í samræmi við skuldbindinguna er evrópski græni samningurinn (European Green Deal) settur á stefnuskrá. Samningurinn miðar að því að breyta Evrópusambandinu í sanngjarnt velmegunarsamfélag með nútímalegu, auðlindanýttu og samkeppnishæfu hagkerfi. Í því felst meðal annars skuldbinding um loftslagshlutleysi fyrir árið 2050, þar með talið lækkun losunar um að minnsta kosti 55% fyrir árið 2030.

Til að ná þessum markmiðum þurfa meðal annars aðilar í landbúnaði að hafa sjálfbærni og samfélagsábyrgð að leiðarljósi.

Sjálfbærnisamningar í matvælavirðiskeðjunni

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynnti á dögunum aðgerðir á öllum stefnusviðum, þar á meðal landbúnaðar og byggðaþróunar. Í svonefndri Farm to Fork-stefnu eru meðal annars markmið um að stuðla að umskiptum yfir í sjálfbær matvælakerfi en í henni eru lagðar fram grundvallaraðgerðir til að minnka notkun á skordýraeitri ásamt sýklalyfjanotkun, bæta dýravelferð og auka líffræðilegan fjölbreytileika, ásamt því að auka lífræna ræktun.

Hin nýja sameiginlega landbúnaðarstefna (CAP) fyrir tímabilið 2023-2027 styður viðleitni til að auka sjálfbærni í framleiðslu og framboði landbúnaðarafurða með breyttu stuðningsfyrirkomulagi og markaðsreglum. Í landbúnaðarstefnunni er einnig að finna undanþágur gegn samkeppnishamlandi samningum. Undanþágan heimilar, með vissum skilyrðum, sjálfbærnisamninga sem gerðir eru á milli frumframleiðenda og annarra aðila í matvælavirðiskeðjunni. Samningarnir miða að því að ná meiri sjálfbærni með stöðlum sem lúta að umhverfi, þar með talið að draga úr loftslagsbreytingum, stuðla að sjálfbærri notkun og verndun landslags, vatns og jarðvegs, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi með minni matarsóun, mengunarvörnum, ásamt verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni. Einnig er hugað að dýraheilbrigði og dýravelferð með því að draga úr notkun varnarefna og sýklalyfja við framleiðslu á landbúnaðarafurðum.

Virðisauki, sýnileiki og viðurkenning

Önnur umræða, þessu tengdu, fór fram á viðskiptaþingi Evrópusamtaka bænda, Copa Cogeca, síðla síðasta hausts og haldið er annað hvert ár, sem snýr að því hvernig samvinnufélög leitast í átt til sjálfbærni með því að miðla umhverfis-, félags- og efnahagslegum þætti sinna félaga. Slík samvinnufélög eru víða þekkt í Evrópu sem sameign bænda og framleiðenda um vernduð afurðaheiti eins og fyrir parmaskinku, kampavín og fetaost sem dæmi. Þá er sameiginlegt fé nýtt í mörkun og ímyndarsköpun. Auk þess vinna samvinnufélögin að sameiginlegum hagsmunum gegn þeim sem reyna að blekkja neytendur með því að gera eftirmyndir af vörum og selja sem staðkvæmdarvörur.

Á viðskiptaþinginu, þar sem saman komu stefnusérfræðingar og fulltrúar landbúnaðarsamvinnufélaga víðs vegar að úr Evrópu, var sjónum beint að umhverfisþáttum og samskiptum stjórna til sinna félaga. Þar var meðal annars tekið fyrir hvernig sjálfbær matvælakerfi geta leitt til virðisauka fyrir samvinnufélög í landbúnaði ásamt mikilvægi markaðssetningar og samskipta til að auka vitund um framlag samvinnufélaga til sjálfbærni um alla Evrópu.



Landbúnaðarsamvinnufélög hafa samkeppnisforskot á önnur með tilliti til sjálfbærni. Slík samvinnufélög eru víða þekkt í Evrópu sem sameign bænda og framleiðenda um vernduð afurðaheiti eins og fyrir parmaskinku, kampavín og fetaost sem dæmi. Mynd / Tristan Gassert



Christian Høegh-Andersen, varaforseti Evrópusamtaka bænda, Copa Cogeca.

Christian Høegh-Andersen, umsjónarmaður viðskiptaþingsins og varaforseti Copa Cogeca, sagði eftirfarandi við upphaf þingsins: „Okkur er ljóst að landbúnaðarsamvinnufélög hafa samkeppnisforskot á önnur með tilliti til sjálfbærni. Þess vegna ættum við að skoða hvaða leiðir eru bestar til að tryggja að neytendur séu upplýstir um þetta og að samvinnufélögin geti öðlast virðisauka, sýnileika og viðurkenningu.“

Því er mikilvægt að sjálfbærnimerkingar á matvælum innihaldi skýrar og nákvæmar upplýsingar um umhverfis- og samfélagsleg áhrif vöru. Þannig geta neytendur tekið upplýsta ákvörðun um innkaup sín. Evrópsk landbúnaðarsamvinnufélög eru ekki aðeins vel í stakk búin til að mæta félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum sjálfbærniþörfum matvælakerfa, heldur geta þau einnig náð virðisauka fyrir sínar vörur umfram aðra framleiðendur með því að nýta sjálfbærnimerkingarkerfi á áhrifaríkan hátt.

Stjórnvöld mættu stuðla að meiri sjálfbærni

Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi umhverfisráðgjafar Íslands, Environice, fagnar því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuldbindi sig til að innleiða sjálfbæra stefnu samkvæmt þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Hann bendir á að stjórnvöld hér á landi mættu vinna markvissara að því að beina bændum í sjálfbærari áttir.

„Það er alltaf ávinningur af samvinnu og samstarfi eins og gerist hjá samvinnufélögum en ég get ekki séð í fljótu bragði af hverju þau ættu endilega að geta gert meira þegar kemur að sjálfbærnimarkmiðum en til dæmis almennir bændur. Samvinnufélögin, sem eru vel þekkt í nágrannalöndum okkar og víða í Evrópu, geta þó miðlað upplýsingum til félagsmanna og hafa afl til þess og með þeim hætti gætu þau komið öflug inn,“ segir Stefán og bætir við:

„Almennt er talað um lífræna framleiðslu sem sjálfbærasta formið en það vantar, til dæmis hér á landi, að meira sé gert fyrir lífræna bændur því hér er mun minni stuðningur við lífræna bændur en annars staðar. Íslensk stjórnvöld hafa gert lítið til að styðja við lífræna framleiðslu og þar af leiðandi stuðla að sjálfbærni. Einnig hefur lítið verið gert til að beina bændum almennt inn í sjálfbærar áttir, eins og til dæmis með beitarstýringu. Fyrir tæpum 40 árum stóðu menn frammi fyrir því að draga úr stuðningi við sauðfjárrækt, strax þá hefðu stjórnvöld getað tekið skref í átt að sjálfbærni með því að hafa skilyrði fyrir stuðningi þannig að bændur myndu nýta landið á sjálfbæran hátt. Enn er hægt að keyra um landið og sjá sauðfé á beit hér og þar, þar sem gróður er í hnignun, meðal annars uppi á hálendi, sem ríkið er að greiða fyrir og stuðlar að eyðingu landsins. Reyndar var tekin upp gæðastýring, en henni var ekki nægilega fylgt eftir. Fyrir 40 árum voru tækifæri og eru enn til þess að hætta að beita land sem er í hnignun. Eitt skrefið gæti verið að til þess að bændur fái stuðning úr búvörusamningum þá verði þeir að sýna fram á að þeir eigi landið eða hafi þinglýstan rétt til að nýta það til beitar með ákveðnum fjölda af sauðfé sem dæmi.“



Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi umhverfisráðgjafar Íslands, Environice.



Löggilding

SKIPASKOÐANIR OG LÖGGILDINGAR ALLRA VOGA

REYNT FAGFÓLK — ÞJÓNUSTA UM ALLT LAND



LÖGGILDING VOGA

SKIPASKOÐUN

Löggilding með áherslu á góða þjónustu á sanngjörnu verði. Þjónustusamningar eru í boði.

Heimsóknir eru ákveðnar í samráði við eiganda/umráðaaðila. Unnið er samkvæmt aðferðum sem uppfylla kröfur reglugerða og staðla.

Löggilding ehf. sér um að tilkynna um gilda skipaskoðun inn til SGS, og löggildingu voga inn til HMS.

Löggilding
Okkar fag

HAFÐU SAMBAND Í DAG

Sími 566 6030 / loggilda@loggilda.is / www.loggilda.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**

MENNING

Bandalag íslenskra leikfélaga:

Allt á uppleið með nýju ári

Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri BÍL, gefur okkur stöðuna á áhugaleikhúsum landsins eftir að starfsemin hefur legið í dvala í rúm tvö ár.

Já, öll starfsemi litaðist fram á sumar síðasta árs af Covid-veirunni en mikið líf hefur verið í áhugaleikhúsunum frá því í haust og félögin virðast hafa hrist þetta alveg af sér," segir Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga.

„Staðan núna er mjög ánægjuleg eins og gefur að skilja og gaman að segja frá því að nokkur ný félög hafa verið sett á laggirnar, þá bæði glæný svo og önnur sem hafa vaknað úr dvala eftir mörg ár. Það hefur ef til vill kitlað fólk að endurvekja félög, eftir að hafa þurft að þreyja tíð Covid sem hefur í mörgum tilvikum lagst á sálina. Andinn þarf einhverja útrás!" segir Hörður brosandi.



Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri BÍL.

Starfsemin komin á réttan kjöl

Hörður segir starfsemina eins og hún er núna svo að segja komna á réttan kjöl. Hann útbjó nú í haust einblöðung sem skýrir stjórnum félaga áhugaleikhúsa þær skyldur sem þær hafa gagnvart Bandalaginu, svo og þær skyldur sem Bandalagið ber gagnvart félögunum. „Þetta ekki síst ætlað stjórnum nýrra félaga," heldur Hörður áfram, „en svo er nokkuð um að verið sé að skipta um stjórnir í eldri félögum og þá er gott að vera upplýstur um hvernig þetta fer allt fram. Þeir sem hafa áhuga á að fá þessar upplýsingar mega gjarnan hafa samband við mig."

Árið í heild

„Árið hjá okkur núna lítur vel út," heldur Hörður áfram, „flest í föstum skorðum og bjart fram undan. Við bjóðum að venju upp á Leiklistarskólann okkar sem rekinn hefur verið á sumrin í rúm 25 ár. Mögulega verður skólinn núna á nýjum stað. Hann hefur verið rekinn að Reykjum í Hrútafirði í mörg ár en við færum okkur nú líklega að Laugum í Sælingsdal."

Nýr staður þýðir breytingar og nýjar áskoranir og það er ákveðin spenna í kringum það. Meðal annars er Bandalag íslenskra leikfélaga meðlimur norrænu samtakanna NEATA, North European Amateur Theatre Association (Samtök sambanda áhugaleikhúsa á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum).

Starfsemi NEATA leið fyrir Covid eins og víða en samtökin hlutu þó nýverið styrk til þess að halda fundaröð með það fyrir augum að leggja línurnar fyrir samstarfið næstu ár.

Hátíðir og húllumhæ

„Þetta er í raun þriggja funda röð, segir Hörður, fyrsti fundur var í Helsinki nú í nóvember, sá næsti verður í Litáen í mars og sá þriðji áætlaður hér í Reykjavík nk. október. Þetta eru níu lönd sem eru í samtökum NEATA og samtals tólf manns sem mæta á fundina til skipulagningar. Samtök NEATA hafa haldið með jöfnu millibili leiklistarhátíðir þar sem löndin koma saman og sýna valin verk. Þetta raskaðist auðvitað vegna ástandsins, síðasta stóra hátíð var haldin árið 2018 en vonast er til að hægt verði að taka upp þráðinn, og þá í Noregi, árið 2024. Þannig að það er allt á uppleið," segir Hörður. „Að lokum vil ég þó endurtaka hversu ánægjulegt er að sjá hve mikið líf hefur færst í starfsemi áhugaleikhúsanna eftir erfiða tíð. Starfsemin er að komast í eðlilegt horf ef svo má segja og nýir sprotar að spretta upp."

Með það í huga er rétt að hvetja sem flesta til að kynna sér starfsemi áhugaleikhúsanna og jafnvel athuga hvort væri ekki skemmtilegt að ganga til liðs við eitt slíkt, enda mikið um að vera, allir velkomnir að rétta fram hönd eða jafnvel stíga á sviðið. */SP*

Áhugaleikhúsin:

Frá nokkrum sýningum síðasta misseris



Kardimommubær Freyvangsleikhússins.



Í fylgd með fullorðnum, leiksýning Leikfélags Hörgdælinga.



Nei, ráðherra hjá Leikfélagi Sauðárkróks.



Ávaxtakarfan á sviði Leikfélags Vestmannaeyja.



Leikfélag Kópavogs settu Þjófa & lík á svið.



Fljótsdalshérað sýndi Gulleyjuna.

Bílanaust

FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000

STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800

Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510

Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200

Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085

Sólvangi 5 700 Egilsstöðum S. 471 1244

Þar sem allir eru velkomnir og geta lagt hönd á plóg

Nú í byrjun árs eru allar horfur á góðu leikári og þeir hvattir til að hafa samband við leikhúsin sem áhuga hafa á að vera með.

Áætlaður æfinga- og vinnslutími sýninga er um 6–8 vikur og auk þess að spreyta sig á sviðinu má aðstoða við uppsetningu leikmynda, ljósa eða hljóðhönnun svo eitthvað sé nefnt.

Áhugaleikhús má finna víða um land, allt frá höfuðborgarsvæðinu til Hornafjarðar – en samkvæmt vefsíðu BÍL, Bandalags íslenskra leikfélaga, eru aðildarfélögin eftirfarandi:

Freyvangsleikhúsið Eyjafirði, Halaleikhópurinn Reykjavík, Hugleikur Reykjavík, Leikdeild UMF. Gnúpverja, Leikfélag A-Eyfellinga, Leikfélag Blönduóss, Leikfélag Dalvíkur, Leikfélag Fjallabyggðar, Leikfélag Flateyrar, Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Leikfélag Hafnafjarðar, Leikfélag Hofsóss, Leikfélag Hólmavíkur, Leikfélag Hörgdæla, Leikfélag Hornafjarðar, Leikfélag Húsavíkur, Leikfélag Hveragerðis, Leikfélag Keflavíkur, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Norðfjarðar, Leikfélag Ölfuss, leikfélag Rangæinga, Leikfélag Sauðárkróks, Leikfélag Selfoss, Leikfélag Seyðisfjarðar, Leikfélag Sólheima, Leikfélag Vestmannaeyja, Leikfélagið Borg, Leikfélagið Grímnir Stykkishólmi, Leikfélagið Skagaleikflokkurinn Akranesi, Leikfélagið Sýnir sem starfar á landsvísu, Leikflokkur Húnaþings vestra, Leikhópurinn Lopi á Suðurlandi, Litli Leikklúbburinn Ísafirði, Stúdentaleikhúsið Reykjavík, Umf. Biskupstungna Leikdeild Bláskógabyggð, Umf. Dagrenning Leikdeild Lundarreykjadal, Umf. Efling Suður-Þingeyjarsýslu, Umf. Íslendingur Leikdeild Skorradalshreppi, Umf. Reykdæla Logalandi og Umf. Skallagrímur Leikdeild.

Á síðasta ári bættist svo m.a. við leikfélagið Lauga á Snæfellsbæ, endurreist á stoðum Leikfélags Ólafsvíkur, en nafngiftin Lauga var til heiðurs Sigurlaugu Heiðrúnu Jóhannsdóttur heitinni, formanni Leikfélags Ólafsvíkur til margra ára.

Í þjónustumiðstöð BÍL, sem staðsett er á Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík, er að finna stærsta leikritasafn landsins fyrir þá er hyggjast setja upp leikrit. Starfsfólk miðstöðvarinnar aðstoðar svo við útvegun sýningarleyfa og sér um innheimtu höfundargreiðslna auk þess að veita aðra ráðgjöf.

Síminn hjá BÍL er 551-6974 og lista yfir leikstjóra má svo finna á vefsíðunni www.leiklist.is undir flipanum þjónusta og um að gera að kynna sér feril þeirra og fjölbreytileika. */SP*

NÝÁRSTILBOÐ

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast*

Við bjóðum þér að geyma fyrir þig húsið að kostnaðarlausu til vors 2023.

Geymsluhús eða gestahús fyrir vorið á frábæru verði · Ekki missa af þessu



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

*Afsláttur af uppgefnum verðum á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - hagstæðar afborganir



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/23-01

nowfoods.is

Mundu eftir D vítamíninu

NOW býður upp á fjölbreytt úrval af D vítamíni sem tryggir að þú getur mætt vetrinum með bros á vör.

Gæði
Hreinleiki
Virkni



Bætiefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki neyta meira af vörunni heldur en ráðlagður daglegur neysluskammtur segir til um án ráðlegginga frá lækni. Ófrískar konur, konur með börn á brjósti og þeir sem eru að taka lyf ættu einnig að ráðfæra sig við lækni varðandi inntöku bætiefna. Geymist þar sem börn ná ekki til.

NOW® Síðan 1968

LÍF & STARF

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna:

Hirsi í hávegum haft

– Viðnámsþolin og næringarrík fræ fyrir grauta og brauð



Tvær konur mylja hirsi í mortéli með stöplum. Mynd / Emmanuel Offei

Árið 2023 er alþjóðlegt ár hirsis (*e. millet*) samkvæmt yfirlýsingu Allsherjaþings Sameinuðu þjóðanna. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) mun leiða átaksverkefni undir myllumerkinu #IYM2023.

Hirsi er samheiti yfir fjölda grastegunda sem ræktaðar eru víða um heim vegna fræjanna, sem notuð eru til manneldis og sem fóður. Hirsi hefur verið í fæðukeðju manna frá örófi alda og verið undirstöðufæða þjóða Afríku sunnan Sahara og í Suðaustur-Asíu.

Fræin eru minni en fræ þeirra tegunda sem flokkast sem korn. Hirsi er harðger planta og þeim hæfileikum búin að geta vaxið í þurrum og næringarsnauðum jarðvegi. Því telja aðstandendur átaksverkefnis FAO hirsi vera tilvalin til ræktunar á þeim rýru svæðum sem farið hafa halloka í baráttunni við loftslagsbreytingar.

FAO ætlar því að nýta árið til að beina athygli að plöntunum og afurðum hennar. Þannig vilja þau stuðla að sjálfbærri framleiðslu á hirsi og undirstrika framleiðslumöguleika þess. Bent er á að aukin ræktun hirsis geti stuðlað að betra fæðuöryggi þjóða sem treysta á innflutt korn.

Næringargildi hirsis er fjölbreytt og inniheldur það trefjar, góð steinefni og prótein, auk þess sem það er án glútens. Er átakinu ekki eingöngu ætlað að leggja grunn að grundvallarfæðuframleiðslu þjóða sem búa við bág kjör, heldur er einnig vonast til að tilraunaglaðir Vesturlandabúar sjái sóma sinn í að gera hirsi hluta af nútíma borgarfæðu, smábændum í fátækari ríkjum Afríku og Asíu til hagnaðar.

Framleiðsla og eftirspurn hirsis hefur dregist saman samhliða aukinni neyslu á hveiti, maís og hrísgrjónum. Heimsframleiðsla hirsis var um það bil 30 tonn árið 2020 og er langmest framleitt í Indlandi, eða um 12,5 tonn.



Páfagaukur á perluhirsi á Indlandi en þar er ræktunin umfangsmest. Mynd / Sagar Paranjape



FAO ætlar að róa að því öllum árum að stuðla að meiri framleiðslu og neyslu á hirsi núna á árinu. Mynd / FAO

Önnur stærri framleiðslulönd eru Níger í Afríku, Kína, Nígería, Malí og Eþíópía.

Með því að koma hirsi betur á framfæri við neytendur víða um heim binda aðstandendur átaksverkefnisins vonir við að framleiðsla aukist. Lítil utanríkisverslun á sér stað með hirsi en ef framleiðslan eykst gæti hirsi orðið plássfrekara í matvælakerfi heimsins og treyst fæðuöryggi víða.

Með því að hvetja til aukinnar ræktunar og framleiðslu á hirsi víðs vegar vill FAO stuðla að skilvirkari, viðnámsþolnari og sjálfbærari matvælakerfi, mönnum og umhverfi til bóta. */ghp*



Vandamál í landbúnaði og matvælaframleiðslu innan Evrópusambandsins voru ærin á síðasta ári. Mynd / Gov.si

Evrópusambandið:

Debet og kredit 2022

Uppgjör ársins 2022 í landbúnaði á heimsvísu og ekki síst innan Evrópusambandsins leiðir ýmislegt áhugavert í ljós. Hvað tókst vel og hvað rann út í sandinn? Á heimasíðunni politico.eu er að finna grein sem tekur saman debet og kredit ársins.

Innrás Rússa í Úkraínu í febrúar á síðasta ári og stríðsátökin þar hafa haft gríðarleg áhrif á orkuverð í Evrópu og landbúnað í heiminum. Verð á áburði og öðrum aðföngum til bænda hefur hækkað og í framhaldinu verð á matvælum til neytenda. Hverjir eru það sem hafa hagnast eða tapað fjárhagslega á slíkum hækkunum?

Óleyst mál og verðhækkanir

Vandamál í landbúnaði og matvælaframleiðslu voru ærin fyrir og innrás Rússa í Úkraínu voru eins og að hella olíu á eldinn. Þjóðir heims voru rétt að ná sér eftir Covid-faraldurinn og lítill sem enginn árangur hafði eða hefur náðst í baráttunni við loftslagsbreytingar. Árið 2022 stóð því heimurinn þegar frammi fyrir aðsteðjandi fæðuóöryggi.

Korn á heimsmarkaði

Stríðið í Úkraínu og aðgerðir Rússa hafa komið í veg fyrir útflutning á korni frá Úkraínu og olíu frá Rússlandi og hvort tveggja leiddi til mikilla verðhækkana.

Á friðartímum hefur Úkraína framleitt um 10% af öllu hveiti á heimsmarkaði og stór hluti af því var seldur til fátækari landa heims. Útflutningur á korni frá Úkraínu fór úr fimm milljónum tonna í 1,4 milljón tonn á tímabili og jók það enn á fæðukreppu heimsins og olli hækkun á korni.

Á sama tíma og bændur í Úkraínu hafa staði frammi fyrir gríðarlegum erfiðleikum hefur verð á korni á heimsmarkaði og framfærslukostnaður neytenda hækkað mikið. Ekki er heldur hægt að líta framhjá því að í heiminum líða tugmilljónir manna fæðuskort og tóra margir við hungurmörk.

Fyrr á þessu ári bentu Sameinuðu þjóðirnar á að allt frá upphafi stríðsins hafi spákaupmenn á hrávörumarkaði hagnast verulega á verðhækkununum. Auk þess sem fjöldi fjölþjóðlegra fyrirtækja með sterka markaðsstöðu hafi nýtt sér stöðuna til að hækka álagningu sína og hagnað.

Notkun eiturefna í landbúnaði

Árið 2022 var lögð fram metnaðarfull áætlun um að draga saman notkun eiturefna í landbúnaði í löndum innan Evrópusambandsins um helming fyrir árið 2030.

Ekki voru allir sáttir við áætlunina og í framhaldinu var bent á að í henni væri ekki gert ráð fyrir því að hún mundi hafa áhrif á matvælaframleiðslu og líklega draga úr henni. Áætlunin hefur því verið tekin til endurskoðunar.

Ljóst er að þeir sem vilja draga úr notkun eiturefna í landbúnaði hafa lotið í lægra haldi að þessu sinni og að þeir sem mótmæltu áætluninni standi með pálmann í höndunum.

Áburðarverð

Fyrir innrás Rússa í Úkraínu sáu Hvíta-Rússland og Rússar Evrópu fyrir um 60% af áburði til landbúnaðar og í kjölfar stríðsins hækkaði verð á honum um 149%.

Hækkunin var gríðarlegt högg fyrir bændur og þrátt fyrir að þeir hafi víða fengið stuðning ríkisvaldsins til að mæta hækkuninni olli hún hækkun framleiðslukostnaðar og á matvælum til neytenda. Þrátt fyrir að verð á áburði hafi að hluta gengið til baka, gildir ekki það sama um smásöluverð á matvælum.

Eins og gefur að skilja eru það bændur og neytendur, ekki síst í fátækari ríkjum heims, sem mest hafa tapað á hækkun áburðarverðs.

Þeir sem hafa hagnast mest fjárhagslega á hækkuninni eru áburðarframleiðendur eins og Yara, BAFS, OCI, Fertiberia og Grupa Azoty.

Merkingar á matvælum

Í lok síðasta árs stóð til að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefði lokið frágangi að stefnu sem kreðist samræmdrar næringarmerkingar framan á matvælapakkningum. Merkingarnar áttu meðal annars að hvetja neytendur til að kaupa hollari matvæli. Deilur milli Frakka og Ítala um hvaða upplýsingar kæmu fram á merkingunum stöðvuðu ferlið.

Varla er hægt að tala um sigurvegara í þessu máli en án efa eru það neytendur sem tapa þar sem upplýsingar um næringarefnainnihald matvæla mundi koma þeim mjög til góða.

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins

Á árinu tókst Evrópuráðinu að áætla útgjöld ríkisstjórna landa innan Evrópusambandsins næstu fimm ár vegna sameiginlegrar landbúnaðarstefnu sambandsins. Gagnrýnendur stefnunnar hafa lengi sagt hana allt of kostnaðarsama og að henni sé stjórnað ofan frá og að ekki sé tekið tillit til sérstöðu einstakra landa eða búgreina innan þeirra.

Það að 28 lands- og svæðisáætlanir hafi verið samþykktar í Brussel er talið vera sigur fyrir bændur. Umhverfisverndarsinnar telja aftur á móti að samþykkt lands- og svæðisáætlana sé afturför og muni draga úr umhverfisvernd. */VH*

Lífræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14”
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Netklúbbur Skanva.is

Sérhannaðir gæðagluggar og hurðir frá Skanva.is

Skanva hefur yfi r 10 ára reynslu í Skandinavíu, þar sem gott og vandað gæðahandverk einkennir alla gluggaog hurðir Skanva. Þar að auki eru Skanva gluggar og hurðir vottaðir og slagveðursprófaðir fyrir íslenskar aðstæður. Skanva framleiðir glugga og hurðir í margvíslegum útfærslum, þar sem er lögð rík áhersla á efnisgæði, öryggi og fagurfræði.

10 ára ábyrgð







Skanva ehf. - Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 8400 | Skanva.is

RANNSÓKNIR

Nordforsk og LbhÍ:

Samnorrænt verkefni um fæðuöryggi

– Skoða hvernig loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á ræktun

Samstarfsverkefni norræna og baltneskra sérfræðinga á sviði jarðræktar og skyldra sviða hlutu á dögunum vænlegan rannsóknarstyrk frá Nordforsk vegna verkefnis um fæðuöryggi.

Afurð verkefnisins verður víðtækur gagnagrunnur sem nýtast mun við aðlögun og ræktun nytjajurta við breytt veðurfar á norrænum slóðum.

Styrkur Nordforsk hljóðar upp á samtals 10 milljónir norskra króna sem samsvarar um 142 milljónum íslenskra króna en níu stofnanir frá öllum fimm Norðurlöndunum koma að því.

Ber það enska heitið *Future Food Security in the Nordic-Baltic Region: Merging Past, Present, and Future* – sem mætti þýða á íslensku sem *Framtíðarfæðuöryggi á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum:Samruni fortíðar, nútíðar og framtíðar.*



Starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ meta byggtilraun í Keldudal en unnið verður með bygg, rauðsmára og kartöflur í verkefninu. Mynd /ÞS

Unnið með kartöflur, rauðsmára og bygg

Alls mun 31 sérfræðingur á sviði jarðræktar, plöntukynbóta, erfðamengjagreininga, tölfræðigreininga og veðurspálíkana taka þátt í verkefninu auk doktorsnema. Munu þau, á næstu fjórum árum, setja á fót eina aðgengilega gagnasmiðju, sem halda mun utan um sem flest fáanleg og nýtileg gögn um nytjajurtir og veðurfar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum frá upphafi mælinga til dagsins í dag.

Verkefnisstjóri er Þórdís Þórarinsdóttir umhverfistölfræðingur, sem starfar sem yfirsérfræðingur hjá Norsku Gagnamiðstöðinni, eða (Norwegian Computing Center) í Osló, en Þóroddur Sveinsson, deildarforseti fagdeildarinnar Ræktunar & fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, er tengiliður íslenska vísindasamfélagsins við verkefnið.

„Þessar upplýsingar eru til í miklu magni á mörgum stöðum í hverju landi fyrir sig sem við hyggjumst sameina, samræma og vinna úr til að búa til framtíðarspár. Vísindalega markmiðið er að skapa meiri þekkingu á loftslagsbreytingum sem hefur hagnýta þýðingu fyrir aðlögun nytjajurta að framtíðarloftslagi svæðanna, með áherslu á kornrækt, fóðurrækt og ræktun rótarávaxta," segir Þóroddur, en unnið verður aðallega með bygg, rauðsmára og kartöflur sem staðaltegundir.



Þóroddur Sveinsson.

Skoða hvernig loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á ræktun

Með verkefninu er ætlunin að auka fæðuöryggi með markvissu átaki til að aðlaga, eins og kostur er, plöntukynbætur og landbúnaðarframleiðslu að loftslagi framtíðarinnar. Þannig á að auðvelda miðlun og dreifingu upplýsinga til vísindasamfélagsins, ræktenda og almennings.

Þá segir Þóroddur að með verkefninu sé verið að stuðla að þverfaglegu samstarfi ólíkra rannsóknastofnana sem tengjast veðurfræði og aðlögun landbúnaðar að loftslagsbreytingum, stuðla að þverfaglegu samstarfi meðal yngri vísindamanna úr ólíkum fagsviðum lífvísinda og stækka alþjóðlegan prófíl Norðurlandanna með framlagi verkefnisins til vísindasamfélagsins um heim allan. Lagt verður upp með að svara þremur rannsóknaspurningum:

1. Hvaða árstíðabundnu loftslagsvísar hafa mest áhrif á árangur í bygg-, rauðsmára- og kartöflurækt og hvert er samspilið á milli jarðvegseiginleika, arfgerða tegunda og loftslags? Hvernig munu loftslagsbreytingar hafa áhrif á ræktunarárangur þessara tegunda á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum?

2. Eru til landsvæði í dag sem líkist áætluðu loftslagi í framtíðinni á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum?

3. Getum við gert gagnlegar árstíðabundnar loftslagsspár (líkön) sem skipta máli fyrir ræktun korns, fóðurjurta og rótarávaxta á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum í framtíðinni?

Nordforsk er stofnun sem rekin er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Stofnunin veitir styrki til norrænnar samvinnu á sviði rannsókna og rannsóknainnviða. Höfuðstöðvar hennar eru í Osló.

/ghp





Niðurstöðurnar sænsku rannsóknarinnar sýndu að kjötlíki er ekki góð uppspretta járns. Mynd /Unsplash

Næringarfræði:

Járn í kjötlíki ómeltanlegt

– Þörf er á rannsóknum um grænkeramatvæli

Niðurstöður sænskrar næringarfræðirannsóknar sýna að margar vörur sem framleiddar eru sem kjötlíki (vegan-kjöt) innihalda mikið af járni sem ekki er aðgengilegt fyrir meltingarkerfi manna. Innihaldslýsingar á pakkningum þeirra geti því verið villandi.

Mikil þörf er á frekari rannsóknum á næringaruppsprettum grænkerafæðis ef marka má niðurstöður nýlegrar rannsóknar matvæla- og næringarfræðideildar Chalmer-háskólans í Svíþjóð.

Í henni voru 44 matvæli sem innihalda kjötlíki, sem aðallega er búið til úr plöntum eins og soja og baunum, efnagreind með tilliti til innihalds fæðutrefja, fitu, járns, sinks, fýtats, salts, fenóla og próteina skoðuð og jafnframt var skoðuð samsetning nauðsynlegra amínósýra og fitusýra. Einnig voru rannsakaðar vörur úr gerjuðu sojaafurðinni tempeh og úr próteinum unnum úr sveppum (mycoprotein).

Innihaldslýsingar ekki í samræmi við raunverulegar næringarupplýsingar

Niðurstöðurnar sýndu að allfæstar matvörurnar töldust góð uppspretta járns. Í fyrsta lagi vegna þess að þær héldu lítið af járni sem aðgengilegt er meltingarfærum manna. Í öðru lagi vegna þess að þær áttu það til að innihalda hátt magn fýtats, en það er efni sem hindrar upptöku steinefna í líkamanum og hefur því hamlandi áhrif á næringarinntöku.

Undantekningin var kjötlíkið tempeh sem rannsakendurnir telja hafa mikla möguleika sem próteingjafi vegna þess að það inniheldur lítið fýtat og járnmagn þess er nálægt næringarráðleggingum. Vísindamennirnir telja ástæðu þess vera vegna þess að við vinnslu tempeh er notast við gerjun með örverum sem brjóta niður fýtat.

Bent er á það í rannsókninni að innihaldslýsingar framleiðenda voru oft ekki í samræmi við raunverulegar næringarupplýsingar. Virtust þeir setja fram innihaldsupplýsingar um járninnihald án þess að taka tillit til þess að lítill hluti þess væri aðgengilegt. Telja þeir því merkingarnar ekki í samræmi við Evrópureglugerðir.

Samkvæmt því er ekki hægt að treysta því að neytandinn sé að innbyrða það magn af járni sem innihaldslýsingin segir til um. Einstaklingar sem kjósa aðallega jurtafæðu þurfa því að mæta járnþörf líkamans með öðrum leiðum, s.s. með fæðubótarefnum.

Niðurstöður efnagreininganna sýndu líka að margar vörur innihéldu afar mikið salt og mettaðar fitusýrur. Samsetning amínósýra virtust vera undir miklum áhrifum af vinnsluaðferðum matvælanna.

Benda rannsakendur á að afar nauðsynlegt sé að rannsaka frekar virkni próteininnihalds kjötlíkis og að innleiða þurfi næringarfræðilega þekkingu í vöruþróun slíkra matvara.

Járnskortur algengur

Járnskortur og blóðleysi meðal kvenna er stórt vandamál á heimsvísu en samkvæmt úttekt Al þjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) skortir 29,9% kvenna á aldrinum 15–49 ára járn.

Konur eru einnig líklegri til að vera grænkerar og borða einnig minnst af rauðu kjöti, sem er ein mikilvægasta uppspretta járns sem fyrirfinnst. Vörur ættu að hafa skýrari upplýsingar um næringarinnihald. Ekki er talið nóg að skoða innihaldslýsinguna til að fá hugmynd um hvaða næringu maturinn getur veitt, að mati rannsakenda.

Gríðarlegir möguleikar eru fyrir hendi í þróun grænkeramatvæla. Haft er eftir Inger-Ceciliu Mayer Labba, fyrsta höfund sænsku rannsóknarinnar, í sænska miðlinum Forskning, að huga þurfi að næringargildi grænkeraafurða og nýta þekkta vinnslutækni, eins og gerjun, til að þróa nýjar aðferðir til að auka aðgengi ýmissa mikilvægra næringarefna.

Framleiðsla kjötlíkis

Þær grænkera-próteinvörur sem eru á markaði í dag eru flestar byggðar upp af próteini sem hefur verið einangrað úr nytjaplöntum, á borð við soja og baunum – sem oftar en ekki eru innflutt.

Próteinið er unnið með háum þrýstingi og hitastigi til að ná fram ákveðinni áferð. Í það er svo bætt aukaefnum svo maturinn sé vænlegur undir tönn. Þessi aukaefni bera oft með sér hindrandi eiginleika þegar kemur að upptöku næringarefna, auk þess sem fitugæði eru lág og salti oft ofaukið, að því er fram kemur í rannsókninni. */ghp*

Hafrannsóknastofnun:

Kaldsjávarspendýr og fiskar leita norðar

Breytingar í sjávarvistkerfum hafa leitt til þess að óvæntur fjöldi langreyða og hnúfubaka hafa haldið til undanfarin ár á áður ísilögðum hafsvæðum við Suðaustur-Grænland.



Hnúfubakur leitar norðar með hækkandi sjávarhita. Mynd / wikipedia

Bendir það til þess að umhverfisskilyrði og vistkerfi hafi farið fram yfir ákveðinn vendipunkt. Í umfjöllun á vef Hafrannsókna-stofnunar segir að vistkerfi við Suðaustur-Grænland einkenndust af miklu magni af rekís en hafa breyst mikið undanfarin ár og áratugi í átt að tempraðra kerfi með auknum sjávarhita og minni hafís sem nú er nánast horfinn yfir sumarmánuðina.

Breytingar að þessu tagi gera svæðið að hentugra búsvæði fyrir hvalategundir eins og langreyði og hnúfubak, auk makríls, túnfisks og annarra uppsjávarfisktegunda en fækkað hefur í stofnum norðlægari tegunda á svæðinu, eins og náhvala og rostunga. Víðtækar breytingar á vistkerfum eins og þessar kallast „regime shift" á ensku, og geta verið óafturkræfar þegar kerfi fara fram fyrir ákveðinn vendipunkt. Þættir eins og hörfun hafíss geta haft víðtæk áhrif á vistkerfi á stórum hafsvæðum. Þetta eru niðurstöður nýrrar vísindarannsóknar sem birtar voru í Global Change Biology. Rannsókninni var stýrt af Mads Peter Heide Jørgensen hjá Greenland Institute of Natural Resources í Danmörku, í samvinnu við vísindamenn frá Danmörku, Grænlandi, Bandaríkjunum og Íslandi.

Rannsóknin byggir á fjölmörgum langtímaathugunum, þar á meðal mælingum á stofnstærð og útbreiðslu hvala- og fisktegunda, athugunum á hafís og mælingum á hita og seltu sjávar. Mæligögn frá stöðinni Faxaflói 9 sem Hafrannsóknastofnun aflaði síðastliðin 50 ár í reglubundnum mælingum á ástandi sjávar voru notuð til að meta breytingar á hitastigi og seltu í Irmingerhafinu. Mælingar Hafrannsóknastofnunar á makríl og loðnu voru nýttar í að kortleggja breytta útbreiðslu uppsjávarfiska í tengslum við hækkandi hitastig sjávar.

Samkvæmt því sem segir á Heimasíðu Hafró á hvarf hafíssins við Suðaustur-Grænland sér engin fordæmi undanfarin 200 ár þegar mælingar á hafís að sumarlagi lágu fyrir á þessu svæði. */VH*



Landbúnaðarverðlaun matvælaráðuneytisins

Matvælaráðherra veitir landbúnaðarverðlaun árlega í tengslum við Búnaðarþing.

Úthlutunarnefnd á vegum matvælaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um bændabýli, önnur landbúnaðarfyrirtæki eða félög sem talin eru hafa verið á einhvern hátt til fyrirmyndar í íslenskum landbúnaði á næstliðnu ári.

Stutt greinargerð skal fylgja með tilnefningum. Þar skulu koma fram helstu upplýsingar um starfsemi tilnefndra ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Verðlaunahafar geta verið allt að þrír og mun úthlutunarnefndin velja verðlaunahafa.

Við valið er litið til þátta eins og frumkvöðlastarfs, nýjunga í starfshættum eða annars árangurs sem getur verið öðrum fyrirmynd í landbúnaði svo sem á sviði umhverfisstjórnunar, loftslagsmála, ræktunarstarfs eða annarra þátta í starfseminni.

Tillögur skulu berast eigi síðar en **1. mars 2023**, merktar „Landbúnaðarverðlaun" á netfangið **mar@mar.is** eða bréflega til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Ráðherra landbúnaðarmála veitti landbúnaðarverðlaun fyrst 1997 og þau hafa verið veitt flest ár síðan eða alls í 24 skipti.

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



LÍF & STARF



Lukas Jokumssen er 22 ára Dani sem keypti í sumar Voðmúlastaði í Austur-Landeyjum. Myndir / smh

Austur-Landeyjar:

Ungur Dani kaupir Voðmúlastaði

– Lukas Jokumssen er með skýra framtíðarsýn um hagkvæman búrekstur

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Lukas Jokumssen er 22 ára Dani , sem keypti í sumar kúabúið Voðmúlastaði í Austur-Landeyjum, af þeim Hlyni Snæ Theódórssyni og Guðlaugu Björk Guðlaugsdóttur.

Á Voðmúlastöðum hefur verið rekið myndarlegt kúabú, en á síðasta ári voru Voðmúlastaðir 10. nythæsta bú landsins, með 8.117 kíló eftir hverja árskú.


Bætt aðstaða

„Það gengur allt vel, núna er ég bara á fullu við að smíða 11 nýja bása inn í nýrra fjósið og var reyndar að flytja róbótann úr gamla fjósinu í það nýja.

Fjósin liggja saman en ég ætla að nota líka eldri hlutann og því þarf ég að uppfæra hann dálítið. Svo, eftir svona tíu ár, byggjum við kannski alveg nýtt og stórt fjós.

Svo eru verkefni fram undan í að laga aðstöðuna fyrir geldkýrnar," segir Lukas, sem segist ekkert hafa verið einmana á bænum á aðventunni.

„Það er góður friður hér til að vinna enda þarf ég að koma ýmsu í verk fyrir utan hefðbundin bústörf. Ég fékk reyndar föður minn í heimsókn um jólin sem hjálpaði til við að koma upp þessum básum."



Lukas vann hörðum höndum að því að bæta ellefu básum við nýja fjósið þegar blaðamann bar að garði, enda ætlar hann að fjölga mjólkandi kúm upp í 60.





Fjárhundurinn Spori er á Voðmúlastöðum. Honum líkaði ekki lífið hjá fyrri eigendum í þéttbýlinu en kann mjög vel við sig hjá nautgripunum.

Í verklegu námi á Seljavöllum

Lukas kom til Íslands fyrir um tveimur árum til að taka verklega hlutann af búfræðinámi sínu í Danmörku. Hann dvaldi fyrst í hálft ár við nám á Seljavöllum í Hornafirði, snéri til Danmörku að því loknu til að ljúka búfræðinámi sínu en fór svo aftur á Seljavelli og starfaði þar í eitt ár. Hann segist ekki eiga neinar beinar rætur í landbúnaði í Danmörku en einhver ættmenni leggi þó stund á búskap.

„Ég hef alltaf haft áhuga á landbúnaði og stefnt að því að verða bóndi, en ég hef helst ekki viljað stunda hann í Danmörku. Það er svo rosalegt vesen," segir Lukas og vitnar til þess skrifræðis sem þar ríkir.

„Hér á Íslandi er ég kominn í frelsið og ég lendi oft í því að þurfa að útskýra fyrir bændum hér að þeir hafi það bara mjög gott, miðað við í Danmörku í það minnsta. Það er líka miklu auðveldara að hefja búskap hér."

Markviss stækkun

Að sögn Lukasar fjármagnar hann kaupin á Voðmúlastöðum annars vegar með láni frá Byggðastofnun og hins vegar láni frá föður sínum, sem rekur verktakafyrirtæki í Danmörku.

Hann tók formlega við jörðinni í júlí og stefnir hann á að fjölga mjólkandi kúm á næstu misserum. Við yfirtökuna á búskapnum tók hann við 38 kúm frá fyrri eigendum, er kominn með 49 mjólkandi kýr núna en ætlar á næstu mánuðum að fjölga þeim upp í sextíu.

„Nytin hefur lækkað talsvert hér frá því að ég tók við, alveg niður í 23 lítra að meðaltali á kú yfir daginn frá um 28 lítrum þegar Hlynur og Guðlaug voru hér. Það er út af því að ég hef minnkað kjarnfóðurgjöf talsvert vegna þess hversu fóðrið hefur hækkað rosalega í verði. Ég á samt von á því að heildarútkoman verði góð hjá mér til lengri tíma litið – og að mjólkin verði í úrvalsflokki," segir hann.

Íslenskar kýr í of góðum holdum

Lukas hefur mjög ákveðnar skoðanir á kúabúskapnum og hvernig hann vill byggja upp sinn búrekstur. Ætlunin sé að bæta eitt og annað á næstu mánuðum og til dæmis verði vatnsdýnur fljótlega lagðar á 56 bása en hann áætlar að það eitt og sér ætti að getað skilað um tíu prósenta meiri nyt.

Hann segir að aðbúnaður og

GÓLF Í GRIPAHÚS

SWAANS BETON

SIB ŁOWICZ

BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

bondi@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Hér sést heilsárshúsið sem er í útleigu á Airbnb, en stefnt er á að fjölga þeim í sex á næstu misserum.



Á Voðmúlastöðum er Voðmúlastaðakapella, byggð 1946, og grafreitur. Þar var lengi kirkjusetur en það var lagt niður árið 1912. Lukas hefur tekið að sér umhirðu lóðarinnar, sem er í eigu þjóðkirkjunnar.

fóðrun mjólkurkúa verði lykilatriðin í átt að hámarksárangri til framtíðar í búrekstrinum á Voðmúlastöðum. Almennt segir hann að lykilatriðið sé að stilla orkufóðrun í hóf svo holdstigunarstig sé ákjósanlegt og líkaminn í jafnvægi, en hann telur að almennt séu gripir á kúabúum í of góðum holdum á Íslandi.

„Það er ekki gott, hvernig sem á það er litið, bæði vegna hættunnar á sjúkdómum og út af mjólkurframleiðslunni – ekki frekar en það er gott fyrir okkur mannfólkið," segir hann.

Jarðrækt á næsta ári

„Svo ætla ég að gera ýmislegt í jarðræktinni á næsta ári til að ná markmiðum mínum um aukna sjálfbærni í búrekstrinum. Ég ætla að fara í byggrækt og svo einnig að prófa baunaræktun, reyna að fá hana til að virka hér. Ég held það séu talsverðir möguleikar í slíkri ræktun og hún er einnig mjög hagkvæm. Það þarf ekki áburð fyrir hana og baunirnar eru góður próteingjafi. Ég hugsa ekki endilega um að framleiða sem allra mest af mjólk, heldur að gera framleiðsluna sem hagkvæmasta. En þetta snýst allt um að finna þetta fína jafnvægi í öllum þáttunum," segir hann.

Lukas er frá Mið-Jótlandi og á kærustu í Danmörku sem er þar við nám í félagsráðgjöf. Hann segir að hún sé sjálf ekki með mikinn áhuga á kúabúskap eins og er, en ætli að koma næsta haust á Voðmúlastaði og þá muni þau fara út í að byggja upp frekari ferðaþjónustu á bænum.

„Hún hefur áhuga á því að vera hér í sveitinni og möguleikunum í ferðaþjónustunni. Við erum núna með eitt stórt heilsárshús hér sem þarf að sjá um og svo viljum við fjölga slíkum húsum upp í kannski sex. Það hefur gengið mjög vel að leigja þetta hús út, við höfum verið með það á Airbnb og haft ágætar tekjur af því frá lok júlímánaðar."



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Allir litir komnir
Vetrardekk fylgja öllum nýjum bílum á meðan birgðir endast!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ"

CAT®
ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



TEXACO



Svo allt gangi smurt í vetur

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

VIÐTAL



Byggræktun í Bjálmholti. Myndir / Eimverk



Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks Distillery.

Eimverk:

Stefnt að tíu þúsund tonna bygguppskeru

– Umsókn liggur hjá Matvælastofnun um vernd fyrir afurðaheitið „íslenskt viskí“

Helsti vaxtarbroddurinn í kornrækt til manneldis á Íslandi er hjá brugghúsinu Eimverki. Það hefur á undanförnum árum aukið umsvifin hratt og notar í dag 100 tonn af byggi í sína viskíframleiðslu, mest allt úr eigin ræktun á Íslandi. Nýlegir sölusamningar, meðal annars við stóra kínverska aðila, gera ráð fyrir að auka þurfi hráefnisframleiðsluna hratt á næstu tíu árum – að tíu þúsund tonnum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Eimverk á sitt ræktarland í Bjálmholti í Holtum, skammt frá Landvegamótum, en ræktar einnig sitt bygg í nálægum löndum Gunnarsholts og Lækjar.

Hundraðföld viskíframleiðsla

„Það hefur verið sagt frá því í fréttum hér á Íslandi að við gerðum þennan stóra samning í Kína, en okkur hefur gengið vel á fleiri mörkuðum og höfum gert aðra mikilvæga samninga líka að undanförnu – bæði í Ameríku og Þýskalandi,“ segir Haraldur Haukur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverks Distillery.

„Á fyrstu tíu árunum í rekstri vorum við í raun að sanna að það væri hægt að framleiða íslenskt viskí sem ætti sér markað erlendis og færi á flug,“ segir Haraldur en Eimverk var stofnað árið 2009 með þann ásetning að framleiða úrvals viskí úr alíslensku hráefni. Hann segist geta sagt með góðri samvisku að þetta markmið hafi náðst og vel það. „Eftirspurnin fyrir þetta ár er þreföld meiri en við munum eiga til. Þessi stærð sem við höfum nefnt, að hundraðfalda framleiðsluna á næstu tíu árum, er í raun þá miðuð við svona miðlungsstóra viskíframleiðslu á evrópskan mælikvarða. Ef við horfum á meðal brugghús í Skotlandi, þá er það svona hundrað sinnum stærra en við erum með í dag og það er sú stærð sem við stefnum að.“

Ísland er land tækifæranna

Að sögn Haraldar þá er Ísland land tækifæranna í viskíframleiðslu. „Ef við horfum bara á grunnhráefni framleiðslunnar, sem er mikið vatn og mikið bygg, þá eru gríðarleg tækifæri hér. Ísland er land tækifæranna. Vatnið er til staðar og ræktarlandið líka. Ein viskíflaska er svona 45 lítrar af vatni og kíló af byggi. Á ræktarlöndum okkar getum við prófað okkur áfram með ýmislegt, eins og yrki og verkun, en við munum aldrei geta ræktað allt þetta korn sjálf og munum því fara í samstarf við bændur um að útvega byggið. Við erum þegar í samstarfi við nokkra kornbændur, til dæmis á Sandhóli og á Þorvaldseyri, en vegna þess hversu mikið magn þetta er þá munum við leita eftir samstarfi við bændur vítt og breitt um landið,“ segir Haraldur.

Til að setja magnið í samhengi þá eru þessi tíu þúsund tonn fimm hundruð tonnum meira en öll uppskera síðasta árs var á landsvísu.

Stöðugar markaðsaðstæður

Haraldur hefur ekki áhyggjur af því að fá ekki nægt magn af íslensku hráefni og geta þannig ekki staðið við skuldbindingar sínar. „Til að dreifa áhættunni í ræktuninni þurfum við að komast í samstarf við bændur í öllum landshlutum, því það koma yfirleitt alltaf slæm ár á einhverjum stað á landinu. Varan sem kemur út úr öllu ferlinu er mjög verðmæt sem gerir það að verkum að við getum greitt betur fyrir kornið til að tryggja okkur það að bændur hafi áhuga á samstarfinu. Fyrir bændur þýðir þetta að það verður hægt að ganga að stöðugum markaðsaðstæðum, því þarna er kominn þessi kaupandi á markaði sem þarf mikið magn, borgar vel fyrir og hleypur ekki beint í innflutta byggið þegar það er hagstætt í verði. Það er auðvitað gaman að geta verið þátttakandi í þeirri þróun,“ segir hann.

Fjölskyldufyrirtækið Eimverk

Eimverk er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Fjölskylda Haraldar á rætur í kornbúskap í Bjálmholti og Þorkell Jónsson, faðir hans, er nú bústjóri yfir kornræktinni. Dista, systir Þorkels, og maður hennar, Sigurbjörn Guðmundsson, eru einnig virkir þátttakendur í rekstri Eimverks. Sigurbjörn er yfirbruggari í verksmiðjunni í Garðabæ, Eva, dóttir þeirra, er framleiðslustjóri, auk þess er Egill, bróðir Haraldar, markaðsstjóri. Sigurbjörn vinnur sömuleiðis í jarðræktinni og vinnslunni í Bjálmholti með Þorkeli.

„Þetta ævintýri í viskíinu byrjaði eiginlega allt einn daginn heima í Bjálmholti þegar við nokkur úr fjölskyldunni horfðum einn daginn yfir byggkrana okkar og ræddum um að við þyrftum að fara að gera eitthvað meira við þetta en bara að nota til fóðurframleiðslu. Einhver okkar voru með svolitla reynslu af bruggun og okkur fannst bara kjörið að prófa að búa til viskí. Svo tekur það 12 ár að þróa 12 ára viskí og þetta hefur því verið löng vegferð – en er nú að þróast alveg eftir okkar plani. Nú þegar við erum komin með umframeftirspurn er auðveldara að fjármagna stækkunina.“

Rúgræktun og rúgviskí

Haraldur segir að undanfarin sumur hafi verið gerðar tilraunir með rúgræktun í Bjálmholti til rúgviskígerðar. „Á allra næstu vikum er von á fyrsta alíslenska rúgviskíinu, sem er búið að liggja í tunnum hjá okkur í þrjú ár. Það er að koma alveg afskaplega skemmtilega út og við höfum fengið staðfestingu á því í prófunum úti. Við höfum verið mjög spennt yfir útkomunni á því, því rúgurinn er enn erfiðari í ræktun en byggið. Við erum með mjög litla framleiðslu á því til að byrja með, vinnum úr svona tíu tonnum á ári,“ segir Haraldur og tiltekur sérstaklega Jónatan Hermannsson, fyrrum tilraunastjóra kornræktar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, og Björgvin Harðarson, bónda í Laxárdal, sem sérstaka ráðunauta varðandi tilraunaræktunina í Bjálmholti.

Hann segir að mikið sé lagt upp úr því að kornræktin sé „hrein“, ekki notuð óæskileg efni eins og illgresiseyðir eða önnur svokölluð hjálparefni í slíkri ræktun. „Það gerir þetta aðeins meira basl, en þetta þarf bara að vera þannig til að varan standist gæðakröfur okkar. Verkunin þarf að vera þrifaleg og þurrkunin þannig að ekki sé mengun af olíu eða öðrum efnum. Í dag þurrkum við allt okkar bygg með



Hlaðan í Bjálmholti, þar sem kornþurrkarinn er.



Sigurbjörn Guðmundsson og Þorkell Jónsson vinna saman að jarðræktinni í Bjálmholti og verkun.



Þorkell Jónsson er bústjóri yfir kornræktinni í Bjálmholti og faðir Haraldar. Hér er hann við kornþurrkarann í hlöðunni.

hitaveitu í Bjálmholti. Þurrkarinn er ekki alveg fullnýttur en hann á ekki mikið inni og því þurfum við líklega að fara í slíkar fjárfestingar fljótlega. Það eru þó vannýttir þurrkarar til á einhverjum stöðum.“

Kraftmikið norrænt bygg

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til sjálfs byggsins hvað þroska varðar eða fyllingu til framleiðslunnar. „Það er mjög áhugavert að í mörgum löndum sem liggja norðarlega er byggið notað mikið í viskíframleiðslu,“ segir Haraldur. „Það er meira að segja eftirsóttara að fá kraftmikla byggið frá norðurslóðum, eins og Skotar sem sækja sér hráefnið til Finnlands og Svíþjóðar þegar þeirra er á þrotum. Við ráðum þannig mun betur við að vinna úr því byggi sem er ekki alveg fyrsta flokks, en það er ekki eins auðvelt fyrir bjórframleiðendur. Það er brösótt að gera góðan íslenskan bjór úr íslensku byggi.

Það er alls ekki stefnan hjá okkur að búa til eitthvað staðlað bragð fyrir vörumerkin okkar, það er í raun bara spennandi að vinna alltaf með mismunandi hráefni og þá er útkoman aldrei alveg eins – og viðskiptavinirnir kunna að meta það. Það getur líka verið kostur hjá okkur þegar við verðum komin með ræktunarstaðina enn dreifðari að fá fram mismunandi bragðtegundir sem taka þá mið af jarðvegi og aðstæðum á hverjum stað.“

Taðreykt bygg til viskíframleiðslu

„Við höfum notað þá aðferð að taðreykja hluta af bygginu sem er þá notað í sérstaka tegund í okkar framleiðslu. Reykingin fer fram í þurrkaranum í raun og veru og er hefð frá Skotlandi. Aðferðin er upprunalega tilkomin af nauðþurftum, því að þannig var hægt að þurrka kornið og um leið tók það í sig bragð. Þannig er hægt að reykja byggið með ýmsu en við tókum þá ákvörðun að vinna með íslenskt sauðatað,“ segir Haraldur en lýsir áhyggjum sínum af því að það sé orðið takmörkuð auðlind á Íslandi.

„Það eru ekki margir bændur í dag sem geta skaffað þetta hráefni, en við höfum verið í föstum viðskiptum sem hefur dugað okkur til dagsins í dag.

Þá komum við aftur að því að við erum að vinna með það verðmæta vöru að við getum boðið vel í hráefnið – en það er samkeppni um það. Þetta getur hins vegar orðið vandamál á næstu stigum stækkunar.



Sigurbjörn Guðmundsson birkireykir byggið í kornþurrkaranum. Hluti framleiðslunnar er birkireykt en svo er sérstök framleiðsla á taðreyktu viskíi, en framboð á taði hefur minnkað mjög á undanförnum árum.



„Single Malt“ viskí.



Taðreykt viskí.

tonn. Þá er planið að taka smá hlé á meðan viskíið er að eldast og ná tekjum inn á móti. Svo er næsti fasi árin 2027 og 2028 og loks verður síðasta stækkunin árið 2030 þar sem við leggjum grunninn að því að umfang kornræktar á okkar vegum verði komin í 10 þúsund tonna árlega uppskeru árið 2033,“ segir Haraldur.

Hann telur að þessi framtíðarsýn ætti að geta hleypt talsverðri bjartsýni inn í kornræktina – og einnig vonast hann til þess að bændur gleðjist yfir því að hægt sé að gera úr þessu hráefni verðmæti til útflutnings. „Við erum auðvitað viskínördar og langar að gera frábært viskí, en það er svakalega mikið atriði fyrir okkur að gera þetta á Íslandi með alíslensku hráefni,“ segir hann.



Íslenskt viskí verði verndað afurðaheiti

„Eitt af því sem skiptir afskaplega miklu máli fyrir okkur er að fá umsókn okkar til Matvælastofnunar samþykkta, um viðurkenningu á því að íslenskt viskí verði verndað afurðaheiti – líkt og íslenska lopapeysan og íslenska lambakjötið hafa fengið. Það sem er í raun forsenda fyrir því að við getum fjárfest áfram og bændur með okkur, er að fá þetta afurðaheiti verndað,“ segir Haraldur og er mikið niðri fyrir.

„Slík viðurkenning myndi skapa okkur þá sérstöðu sem við þurfum, þannig að við þyrftum til dæmis ekki að fara í samkeppni við einhvern viskíframleiðanda hinum megin á hnettinum sem dytti í hug að fara að framleiða „íslenskt viskí“ – án þess að nokkuð væri íslenskt við það.

Í dag sjáum við vörur standa við hlið okkar í hillum hér á Íslandi sem eru merktar „íslenskt viskí“, en það eina íslenska við þær er að viskíinu var kannski tappað á flöskur hér á landi. Umsóknin hefur legið nokkuð lengi inni hjá Matvælastofnun og við skiljum ekki hvers vegna ekki er hægt að afgreiða hana,“ segir hann.



Þjónustumaður

Bústólpi óskar eftir að ráða öflugan aðila í þjónustudeild DeLaval.
Starfssvæðið er suður- og vesturland. Við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að veita góða þjónustu, er lausnamiðaður, úrræðagóður og hefur áhuga á tækni. Vinna starfsmannsins fer að mestu fram á sveitabæjum og fylgja starfinu því nokkur ferðalög um landið.

Hæfniskröfur

- Þjónustulund
- Jákvæðni og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á landbúnaði er kostur
- Iðnmenntun eða reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Bílpróf er skilyrði

Helstu verkefni og ábyrgð

Þjónusta við **DeLaval** mjaltaþjóna ásamt öðrum DeLaval tæknibúnaði og þátttöku í uppsetningum mjaltaþjóna. Starfið er því afar fjölbreytt og spennandi og býður upp á góða möguleika á að vaxa í starfi í ört stækkandi deild.

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2023.
Umsókn um starfið ásamt ferilskrá skal senda til aðstoðarframkvæmdastjóra á netfangið **hanna@bustolpi.is**

Bústólpi starfrækir fóðurverksmiðju á Oddeyrartanga á Akureyri ásamt því að reka verslun með vörur sem tengjast landbúnaði. Bústólpi er þjónustuaðili DeLaval á Íslandi. Hjá Bústólpa starfa 27 manns. Bústólpi hefur verið valið framúrskarandi fyrirtæki 12 ár í röð af Creditinfo.

Bústólpi

bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is



Eftir að hafa verið lagt sem jarðýtu, var þessari Caterpillar breytt í hálfgerða dráttarvél sem dró valtara á byggingarsvæðum. Hún þótti mjög erfið í notkun og var ekki nýtt í mörg ár í nýju hlutverki.
Mynd / ÁL

Saga vélar:

„Þetta var bölvaður bastarður“

– Caterpillar á hjólbörðum

Sigurður Lyngberg Magnússon verktaki gerði út jarðýtur, valtara og aðrar vinnuvélar á byggingarsvæðum í Reykjavík á síðustu öld.

Ein af þeim vélum var ýta af gerðinni Caterpillar 6B, árgerð 1963, sem var breytt til að draga valtara. Sonur hans og nafni, Sigurður Lyngberg Sigurðsson verktaki, vann á þessari vél á sínum tíma og man vel eftir því þegar hún skipti um hlutverk.

Þessi Caterpillar hóf sinn feril eins og hver önnur jarðýta. Hún var til að mynda notuð til að ýta jarðvegi út í Grafarvoginn þegar Gullinbrú var reist. Sigurður Lyngberg hinn eldri, sem rak fyrirtækið Jarðvinnuvélar sf., lagði ýtunni um miðjan áttunda áratuginn, en vantaði skömmu síðar tæki til að draga víbravaltara. Þá brá hann á það ráð að fjarlægja beltin og koma hjólbörðum undir þetta tæki, sem hafði lokið sínu hlutverki sem jarðýta, og þar með breyta henni í hálfgerða dráttarvél. Þegar beltin voru fjarlægð sauð Sigurður eldri sprokket hjólin inn á felgur. Að framan kom hann fyrir hjólaöxli með beygjubúnaði. Aftast var sett mjög öflugt spil og fremst var sett lítil tönn – aðallega til að þyngja framhlutann.

Stýri tengt kúplingu

Sigurður kom fyrir stýri í vélinni, en þeir sem setið hafa í jarðýtu vita að í þeim er ekkert slíkt að finna. Beinskiptar jarðýtur, eins og þessi, eru þess eðlis að nauðsynlegt er að kúpla frá og hemla öðru beltinu þegar tekin er beygja. „Hann leysti það með því að að setja vír. Þegar þú snýrð stýrinu þá vindurðu upp á vírinn og togar í kúplinguna. Þegar maður keyrir hana þarf maður að snúa stýrinu og stíga á bremsuna til að beygja,“ segir Sigurður yngri.

Sigurður segir pabba sinn alltaf hafa reddað sér með að smíða eða breyta tækjum ef þess þurfti. Því voru sumar vinnuvélarnar ekki endilega bestu tækin í þau verk sem þær voru notaðar. „Við vorum með margar leiðinlegar vélar, en þessi var alveg sérstaklega leiðinleg.“ „Pabbi smíðaði allt saman sjálfur. Hann fór aldrei út í búð og keypti eitthvað. Hann var alinn upp á þeim tíma þar sem það voru ekki til varahlutir í eitt eða neitt. Menn urðu bara að búa það til eða laga einhvern veginn,“ segir Sigurður.

Valtaði fjölmarga húsgrunna

Aðspurður í hvaða verkefni vélin var nýtt, segir Sigurður að á þessum tíma hafi fyrirtæki föður hans valtað mjög mikið í húsgrunnum, við götuframkvæmdir og við göngustíga – sérstaklega í Breiðholtinu, Árbæ, Grafarvoginum og vestur í bæ þegar þau hverfi voru að byggjast upp. Á þessum árum voru sjálfkeyrandi valtarar ekki algengir og var því nóg að gera fyrir þessa vél.

Sigurður eldri keypti af Söludeild varnarliðseigna nokkrar vélar sem notaðar höfðu verið til að draga flugvélar uppi á velli og hentuðu miklu betur til að draga valtara.

Vegna þess hversu erfið Caterpillar vélin var í notkun, var henni lagt eftir örfá ár í nýju hlutverki. „Það forðuðust allir að vera á henni,“ segir Sigurður yngri.

Var á leiðinni í brotajárn

„Síðan stóð hún lengi vel á svæðinu uppi á Stórhöfða þar sem pabbi var með aðstöðu.

Bróðir minn er með þessa aðstöðu í dag og hann var að taka til þarna fljótlega eftir hrun og ákvað að fara með þessa ásamt fleiri vélum í brotajárn,“ segir Sigurður. Hann vildi hins vegar bjarga ýtunni frá glötun og ók henni úr portinu við Hringrás yfir á planið hjá Kletti, sem fer með umboðið fyrir Caterpillar, og tilkynnti eigandanum að hann fengi að eiga jarðýtuna.

Þar stóð jarðýtan í nokkur ár, en núna hefur henni verið komið fyrir á Hvanneyri á planinu hjá Hauki Júlíussyni. Haukur segist ekki vera eigandi ýtunnar, heldur sé hún einungis í geymslu hjá honum. */ÁL*

www.bbl.is



Frá lífræna býli tengdaforeldra Önnu Maríu á Jótlandi í Danmörku þar sem hún kynntist lífrænum búskap. Mynd / AMB

Heimildarmyndagerð um lífræna ræktun á Íslandi:

Erfitt að vera „lífrænn neytandi“ á Íslandi

Tónlistarkonan og kvikmyndaframleiðandinn Anna María Björnsdóttir vinnur nú að gerð heimildarmyndar um lífræna matvælaframleiðslu.

Viðfangsefnið er meðal annars að kanna hvers vegna aðgengi að lífrænt vottuðum vörum er svona miklu minna hér á landi en í flestum nágrannalöndum okkar. Anna María segir að rætur heimildarmyndarinnar nái í raun aftur til ára sinna í Danmörku þar sem hún bjó í tíu ár.

Vöruskortur á Íslandi

„Maðurinn minn, Jesper Pedersen, er alinn upp á lífrænum bóndabæ á Jótlandi í Danmörku. Ég fór ekkert að pæla í lífrænum mat fyrr en ég kynnist honum og fer að heyra um þetta og sjá hvernig tengdaforeldrar mínir voru að vinna sem lífrænir bændur og hugsjón þeirra fyrir að rækta lífrænt,“ segir Anna María, spurð um þennan áhuga á lífrænni matvælaframleiðslu.

„Ég fór sjálf að borða lífrænt þegar ég varð ólétt í fyrsta sinn vegna umræðunnar í Danmörku um lífrænt fæði fyrir óléttar konur til að forðast eiturefnaleifar í mat. Svo flytjum við Jesper til Íslands fyrir þremur árum síðan með börnin okkar þá tvö – sem eru orðin þrjú núna – og þá fer ég raunverulega að kynna mér þetta þar sem það var svo erfitt að vera lífrænn neytandi á Íslandi. Það var í rauninni skorturinn á vörunum í búðunum sem vakti mig til umhugsunar um þetta. En einnig lítil vitund, lítil umræða um lífrænan mat og lífræna ræktun á Íslandi miðað við Danmörku. Börnin mín fengu lífrænan mat á leikskólum



Anna María Björnsdóttir, tónlistarkona og kvikmyndaframleiðandi.

í Danmörku en það er ekkert verið að ræða það eða leggja áherslu á það hér.

Eftir nokkra mánuði var þetta farið að fylla huga minn mjög mikið og ég enda á að segja upp vinnu sem ég var í og byrja að kafa ofan í þetta efni. Mig langaði að skilja hvaða máli þetta skipti, af hverju væri svona mikil áhersla á þetta annars staðar en svona lítil hér á landi. Ég fer því af stað í leiðangur að kynna mér þetta betur.“

Móðir spyr spurninga

Í heimildarmyndinni er lagt upp með að málin séu skoðuð frá öllum hliðum. „Við heimsækjum bændur og sérfræðinga hér heima og erlendis og reynum að varpa ljósi á ákveðna hluti matvælaframleiðslu í heiminum í dag sem fæst okkar áttum okkur á,“ segir Anna María.„En þessi saga er sögð út frá mér sem móður sem í grunninn er að spyrja mig þeirrar spurningar hvaða máli það skiptir að börnin mín fái lífrænan mat. Þetta er í rauninni mitt ferðalag í gegnum þetta ferli að kynna mér þetta efni betur og skilja það. Það er ýmislegt sem kemur upp á leiðinni og eitthvað af því mun rata í myndina. Ferlið hefur verið alls konar – það er auðvitað áskorun að gera svona mynd – og barneignir verið að tefja aðeins fyrir líka.

Svo er það alltaf þessi gagnrýna hugsun á efnið, vera inni í efninu en standa líka fyrir utan það gagnrýnum augum. En engar heimildarmyndir eru fullkomlega hlutlausar. Þetta er mín saga og mitt sjónarhorn á efnið sem neytanda og móður, sem mun auðvitað koma fram í myndinni.“

Að sögn Önnu Maríu verður myndin sýnd í Sjónvarpi Símans, vonandi á þessu ári. „Myndin fór í gegnum hópfjármögnun árið 2021 og við fundum fyrir miklum áhuga á verkefninu víðs vegar úr samfélaginu. Við erum að vinna í síðasta hluta fjármögnunar á myndinni til að vita nákvæmlega hvenær við getum frumsýnt.“

Verkefnið er að auka lífræna matvælaframleiðslu

Anna María fór nýlega að vinna verkefni fyrir Lífrænt Ísland, sem er samstarfsverkefni félagsins VOR – Verndun og ræktun, Bændasamtaka Íslands og matvælaráðuneytisins, sem hefur það markmið að auka lífræna matvælaframleiðslu á Íslandi en hún hefur einnig haldið úti sínum eigin vef (lifraentlif.is) síðan 2021 þar sem hún hefur deilt fróðleik um lífræna ræktun og lífrænan mat sem hún hefur viðað að sér í ferlinu.

Anna María er leikstjóri og framleiðandi myndarinnar og Tumi Bjartur Valdimarsson er framleiðandi og jafnframt klippari myndarinnar.
/smh

Sveitarfélög styðja hestamenn

Sveitarfélögin fjögur í uppsveitum Árnessýslu, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, undirrituðu nýlega samstarfssamning við Hestamannafélagið Jökul.

Tilgangur samningsins er m.a. að efla samstarf sveitarfélaganna og hestamannafélagsins Jökuls, tryggja öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga og efla starf félagsins.

„Áhersla er á fagmennsku og þekkingu í starfi félagsins og forvarnir með fræðslu til iðkenda og starfsmanna um skaðsemi vímuefna, einelti, kynbundið áreiti, kynferðislegt áreiti eða ofbeldi. Í samningnum, sem gildir út árið 2026, er kveðið á um árlegan fjárhagslegan stuðning sveitarfélaganna við



Forsvarsmenn sveitarfélaganna fjögurra ásamt forsvarsmönnum hestamannafélagsins Jökuls í reiðhöllinni á Flúðum við undirritun samstarfssamningsins.
Mynd/Aðsend

félagið,“ segir í tilkynningu frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar, Ástu Stefánsdóttur.

Hestamannafélagið Jökull var stofnað árið 2022, eftir sameiningu hestamannafélaganna Loga, Smára og Trausta og nær starfssvæði þess yfir öll sveitarfélögin fjögur. Í tilkynningu segir að ánægja sé með sameininguna og hafi nú þegar sýnt sig að starf félagsins sé öflugt.
/ghp



Reiknað er með um þúsund gestum á Mannamót Markaðsstofa landshlutanna 19. janúar. Öllum er frjálst að mæta á viðburðinn og enginn aðgangseyrir er fyrir gesti. Myndir / Aðsendar

Markaðsstofur landshlutanna:

Mannamót í Kórnum í Kópavogi 19. janúar

Fimmtudaginn 19. janúar fer fram Mannamót Markaðsstofa landshlutanna í Kórnum í Kópavogi. Mótin hafa verið fjölmennasti viðburðurinn í íslenskri ferðaþjónustu undanfarin ár en þar hafa hátt í þúsund gestir mætt.

Markmið Mannamóta er að gera ferðaþjónustunni á landsbyggðinni auðveldara fyrir að kynna þjónustu sína fyrir fólki í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Á viðburðinum gefst einstakt tækifæri til að hitta fólk frá öllum landshlutum og skapa vonandi góð viðskiptasambönd sem skila ferðamönnum allan ársins hring.

Öflug ferðaþjónusta

„Ísland hefur upp á svo mikið að bjóða og mikilvægt að sem flestir taki þátt í að sýna hina öflugu og fjölbreyttu ferðaþjónustu sem er á landsbyggðinni.

Einnig er mikilvægt að ferðaskrifstofur, skipuleggjendur ferða og aðrir gestir nýti þetta frábæra tækifæri til að hitta og mynda tengsl við fyrirtækin af öllu landinu, sem eru að kynna sína þjónustu á Mannamóti," segir Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands.

Tengslamyndun mikilvæg

Ragnhildur segir alltaf mikinn áhuga hjá sunnlenskum ferðaþjónustuaðilum að taka þátt í Mannamótinu. „Nú eru til dæmis um 70 fyrirtæki búin að skrá sig til þátttöku en alls verða þau um 230 af öllu landinu.

Á Mannamóti er frábært tækifæri til að hitta fjölmargar ferðaskrifstofur og skipuleggjendur á einum degi og mynda góð viðskiptatengsl. En ekki síður mikilvægur þáttur í þessum viðburði er að þarna er fólk að hittast, hvort sem það eru gamlir samstarfsaðilar eða fólk að mynda ný tengsl. Þarna er fólk að tengjast söluaðilum í borginni og ekki síður samstarfsfólki í ferðaþjónustu í sínum landshluta og annars staðar af landinu. Mikil ánægja hefur verið með viðburðinn og er það þessi tengslamyndun sem er einn stærsti þátturinn sem fólk nefnir sem ástæðu fyrir að taka þátt," segir Ragnhildur.

/ MHH

Ársskýrsla sóttvarna:

Kynsjúkdómum fjölgar

Í ársskýrslu sóttvarna fyrir árið 2021, sem kom út fyrir skömmu, er fjallað um faraldsfræði tilkynningarskyldra sjúkdóma í samanburði við fyrri ár.

Á árinu 2021, eins og á árinu 2020, snerist starfsemi sóttvarnalæknis að miklu leyti um Covid-19.

Vegna sóttvarnaaðgerða gegn Covid-19 þá fækkaði sumum öðrum sýkingum, bæði öndunarfæra- og meltingarfærasýkingum, sem leiddi einnig til minni sýklalyfjanotkunar, en nýgengi flestra tilkynningarskyldra sjúkdóma hélst hins vegar að mestu óbreytt. Samkvæmt skýrslunni fjölgaði tilfellum kynsjúkdóma, að klamydíu undanskilinni, árið 2021 frá árinu þar á undan. Mest er fjölgunin í tilfelli lekanda og talsvert fleiri karlmenn en konur smituðust af kynsjúkómum árið 2021.

Svipaður fjöldi klamydíusýkinga greindist árið 2021 og árin á undan, eða 1.805. Kynjahlutföllin voru nokkuð jöfn, 53% konur og 47% karla.

Lekandi

Fleiri greindust með lekanda á árinu 2021 en árið á undan, eða 107 tilfelli. Flestir höfðu íslenskt ríkisfang, 59%, og karlmenn voru í miklum meirihluta, eða 80%. Lekandabakteríur, sem eru fjölónæmar fyrir sýklalyfjum, eru vaxandi vandamál erlendis og því tímaspursmál hvenær þær verða það hér á landi. Eftir árið 1990 dró mjög úr



Smokkurinn er góð vörn til að forðast kynsjúkdóma.

nýgengi sjúkdómsins en á síðari árum hefur hann smám saman aukist á ný.

Sárasótt

Á árinu 2021 greindust 49 einstaklingar með sárasótt, sem er töluvert fleiri en undanfarin ár. Karlmenn voru í miklum meirihluta meðal þeirra sem greindust með sárasótt, 46 talsins, eða 94%. Af þeim sem greindust höfðu 53% íslenskt ríkisfang en aðrir erlent. Þessi faraldur hefur síðustu ár fyrst og fremst tengst körlum sem hafa kynmök við karla en ljóst er að hann getur einnig náð til kvenna.

HIV/alnæmi

Árið 2021 greindist 21 einstaklingur með nýja HIV-sýkingu. Þar af voru 71% karlar og 29% konur. Flestir sem greindust á árinu, eða 11 talsins, smituðust vegna kynmaka samkynhneigðra karla, sjö vegna kynmaka gagnkynhneigðra og einn vegna neyslu fíkniefna í æð. Tveir karlmenn greindust með alnæmi árið 2021 en engin kona. */VH*



ÁRTANGI

Garðyrkjustarf
Framtíðarstarf

Gróðrarstöðin Ártangi ehf, óskar eftir starfsmanni, gjarnan með reynslu af garðyrkjustörfum.

Starfsmaðurinn þarf að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.
Þá eru jákvæðni, snyrtimennska og stundvísi æskilegir kostir.

Starfað er við almenn garðyrkjustörf svo sem uppskeru, pökkun, þrif o.fl. sem til fellur.

Vinnutími er frá 8:00 -16:00 og eina helgi í mánuði. Einnig getur verið að nauðsynlegt reynist að taka einhverja auka yfirvinnu á álagstímum. Laun eru samkvæmt taxta.

Starfið hentar öllum kynjum. Tungumálakunnátta, íslenska og enska.
Mögulegt er að leigja herbergi á staðnum tímabundið.


Fyrirspurnir og umsóknir sendist á **artangi@artangi.is** Öllum umsóknum verður svarað.

Ennþá er hægt að skrá sig í Bændahópa

Viltu auka hagkvæmni við gróffóðuröflun?

Viltu auka magn og gæði uppskeru túnanna?

Viltu bæta nýtingu áburðar og annarra aðfanga?



Taktu þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu verkefni með öðrum bændum!

Síðasti dagur skráninga er 15. janúar

Fundir byrja í febrúar — Kynningarverð fyrir þátttöku er 105.000 kr. án vsk.

Ráðunautar sem lóðsa hópa eru:

Eiríkur Loftsson, Sigurður T. Sigurðsson og Þórey Gylfadóttir

Upplýsingar og skráningar á heimasíðu RML, hnappur merktur „Bændahópar". **Vinnum saman og náum markmiðum okkar.**

Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir, thorey@rml.is

www.rml.is sími 516 5000

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

LÍF & STARF



Skógræktarritið:

Tré ársins og pálmar í Sahara

Annað tölublað skógræktarritsins 2022 kom út skömmu fyrir síðustu jól. Að venju eru í ritinu fjöldi áhugaverðra greina sem tengjast skógrækt og ræktun.

Þar á meðal er grein um áhrif skjóls á nærviðri og plöntuvöxt, skógrækt á vonlausum svæðum og um sedrusviði Atlasfjalla og pálmalundi í Sahara.

Brynjólfur Jónsson segir frá tré ársins sem árið 2022 var sitkagreni skammt frá Systrafossi við Kirkjubæjarklaustur.

Tréð er jafnframt hæsta tré landsins. Benedikt Erlingsson birtir hugleiðingu sem hann kallar Predikun fyrir trúða. Sagt er frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2022 sem haldinn var í Hlégarði í Mosfellsbæ í september síðastliðinn og umfjöllunarefni fundarins og niðurstöðu kosninga í stjórn og nefndir.

Í ritinu er einnig að finna minningu um fjóra merka drifkrafta í skógrækt auk þess sem farið er yfir skógræktarárið 2021

Skógræktarritið kemur út tvisvar á ári og er eina fagrit landsins sem fjallar sérstaklega um skógrækt og málefni henni tengdri.

/ VH

Fálkaorðan:

„Viðurkenning fyrir að vera moldugur og á vaðstígvélum“

Hafberg Þórisson, garðyrkjumaður og forstjóri garðyrkjustöðvarinnar Lambhaga, hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar síðastliðinn fyrir frumkvöðlastarf í ræktun og vistvænni grænmetisframleiðslu. Alls hlutu fjórtán einstaklingar fálkaorðuna að þessu sinni.

„Fyrir mér er þetta góð viðurkenning á baslinu og að vera alltaf moldugur með sorgarrendur og í vaðstígvélum og fyrir það er ég þakklátur.

Ég vissi að vegna tilefnisins yrðu allir á staðnum í fínum fötum þannig að ég fór úr vinnugallanum og í mitt fínasta púss. Þrátt fyrir það tafðist ég aðeins vegna þess að það bilaði hjá mér rör sem þurfti að laga áður en ég mætti út á Bessastaði.“

Upphefð fyrir starfið í moldinni

Hafberg sagði í samtali við Bændablaðið að vissulega væri gaman að hljóta þessa virðingu og upphefð fyrir starf sitt í moldinni.

„Ég veit ekki hver eða hverjir það voru sem tilnefndu mig en ég frétti nokkrum dögum eftir orðuveitinguna að það hafi einhverjir verið að forvitnast um starfsferil minn og að það var haft samband við Guðna Ágústsson og hann á örugglega einhvern hlut í þessu.

Það var svo þremur dögum fyrir jól að ég frétti af veitingunni.“ Aðspurður segir Hafberg að hann hafi ekki nokkurn tíma velt fyrir sér hvort hann fengi fálkaorðuna.

„En að sjálfsögðu er ég smá montinn með að hafa fengið hana.“

Heiðursviðurkenning veitt einstaklingum

Hin íslenska fálkaorða er íslensk heiðursviðurkenning veitt einstaklingum, bæði íslenskum og erlendum. Nýjum orðuhöfum er oftast veitt viðurkenningin þann 1. janúar eða 17. júní.

Orðan var stofnuð af Kristjáni X. þann 3. júlí 1921 til að sæma þá sem hafa eflt hag og heiður Íslands. Forseti Íslands afhendir orðuna en orðuhafar eru valdir af orðunefnd. Samningur milli nokkurra ríkja vegna heimsókna þjóðhöfðingja og orðuveitinga tengdum þeim er einnig ábyrgur fyrir stórum hluta orðuveitinga.

Við andlát orðuhafa ber svo afkomendum að skila orðunni þó að það muni sjaldan gert. Ein orða nýtur þó undantekningar frá þessu, stórkross sem átti að veita Jóhannesi Kjarval 1965 en hann afþakkaði. Sættir náðust þó með því að orðan var varðveitt í Listasafni Íslands en Jóhannes vildi aldrei fá hana í hendur. */VH*



Hafberg Þórisson garðyrkjumaður hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar. Á myndinni er einnig Hauður Helga Stefánsdóttir, eiginkona hans. Mynd / Aðsend

Þingvellir í íslenskri myndlist:

Helgistaður allra Íslendinga

Þingvellir í íslenskri myndlist er án efa glæsilegasta bókin sem kom út á síðasta ári. Í bókinni, sem er í stóru broti, er að finna myndir af 269 verkum eftir 104 listamenn sem tengjast Þingvöllum og sögu staðarins.

Þingvellir hafa lengi verið vinsælt viðfangsefni íslenskra og erlendra myndlistarmanna. Í bókinni er í fyrsta sinn gefið ítarlegt yfirlit um íslenska myndlist tengda Þingvöllum og þróun hennar í gegnum tímann, allt frá elstu myndum til dagsins í dag.

Unnið var mikið starf við söfnun, skráningu og ljósmyndun listaverka sem fjalla um náttúru og sögu Þingvalla í fortíð og nútíð.

Auk verka gömlu meistaranna er að finna fjölda smáverka, teikninga, vatnslitaskissa, pennateikninga og grafíkverka sem tengjast Þingvöllum í bókinni.

Glæst fortíð, þögn og sársauki

Í kynningu með bókinni segir að með verkum sínum hafa myndlistarmenn kennt okkur að meta náttúrufegurð Þingvalla en þeir hafa líka gert sögu Þingvalla að viðfangsefni, dregið upp myndir af glæstri fortíð og jafnframt kafað í þögn og sársauka. Í umfjölluninni er fléttað saman myndum um þjóðlíf á Þingvöllum. Meðal annars eru myndir með sögulega vísan, myndir um ferðalög um svæðið, myndir um nytjar vatnsins, búskap, berjatínslu og myndir sem tengjast álfa- og huldufólkstrú Íslendinga.


Auk þess sem lífið í hrauninu, mosinn, stórar og smáar bergmyndanir, kjarr, blóm og litbrigði vatnsins og haustlitanna fá sinn sess.



Á forsíðu bókarinnar er verk Jóhannesar Kjarvals, Andlit á Þingvöllum, um 1955.

Samstarfsverkefni Alþingis og Hins íslenska bókmenntafélags

Útgáfa bókarinnar var samþykkt af Alþingi einróma 17. júlí 2018 á 100 ára afmæli fullveldis. Um er að ræða samstarfsverkefni Alþingis og Hins íslenska bókmenntafélags. Ritstjórar eru Aðalsteinn Ingólfsson og Sverrir Kristinsson. Bókin er sannarlega glæsilegur gripur fyrir áhugafólk um myndlist og þeirra sem láta sér sögu Þingvalla og myndlistar varða. Hún er í stóru broti þar sem myndir og texti njóta sín vel. */VH*



Morðið í Naphorni:

Síðasta aftakan á Austurlandi

Morðið í Naphorni er átakanleg saga um síðustu aftökuna á Austurlandi 1786. Skáldsaga byggð á sannsögulegum atburðum.

Í sögunni er dregið fram áhrifamikið örlagadrama um þrjá drengi sem struku úr vistarböndum og áttu sér draum um frelsi á fjöllum, sem snýst upp í hryllilegt morð og svik.

Í kjölfarið var síðasta aftakan á Austurlandi framkvæmd, sem var jafnframt ein hrottalegasta aftaka sem farið hefur fram á Íslandi, þegar 23 ára gamall, ólæs, fáfróður og einfaldur drengur var hálshöggvinn.

Notuð var bitlaus exi svo höggva þurfti sjö sinnum áður en höfuðið losnaði af búknum. */VH*

Lærdómsrit:

Þroskasaga Haís Ibn Jaqzan

Útgáfu bókar í lærdómsritaröð Hins íslenska bókmenntafélags er alltaf spennandi og henni ber að fagna. Nýjasta ritið í ritröðinni er Þroskasaga Haís Ibn Jaqzan eftir Ibn Túfaíl.


Eyjólfur Kjalar Emilsson þýðandi segir í inngangi að verkið sé af mörgum talið fyrsta heimspekilega skáldsagan og eitt sérstæðasta ritið sem blómleg miðaldamenning íslam gaf af sér.

Í kynningu segir að saga Haís sé frumleg tilraun til að svara spurningunni um hvernig mannskepnan sé í eðli sínu. Hún gerir ráð fyrir að til sé hinn náttúrulegi maður, með öllu ósnortinn af samfélaginu og sameinar aristótelísk-nýplatónskri heimspeki íslamskri dulhyggju.

Áhrifamikil saga

Þroskasagan kom fyrst út á arabísku upp úr 1170 í Marrakess sem í dag er í Marokkó. Sagan varð fljótt vinsæl í arabískumælandi löndum og síðar einnig víða um Evrópu þar sem hún hafði talsverð áhrif á heimspeki Vesturlanda. Bretinn Daniel Defoe er einn af þeim sem stóð að útgáfu bókarinnar á ensku og er talið að hún sé að hluta hugmyndin að baki skáldsögunni um Róbinson Krúsó.

Í stuttu máli fjallar sagan um ævi og þroska Haís Ibn Jaqzan, sem rekur á land á mannlausri eyju við miðbaug eða verður til úr leir. Sagt er frá því er hann elst upp og fær næringu frá hind sem elur hann upp. Haís er eðlisgreindur, eftirtektarsamur, forvitinn og fljótur að læra. Með sjálfsnámi kynnir hann sér eðli náttúrunnar. Smám saman og með aukinni þekkingu beinist hugur hans að guðdóminum og því sem er hin nauðsynlega vera.



Þegar líður á söguna kynnist Haís í fyrsta sinn annarri mannveru sem kennir honum að tala og saman fara þeir af eyjunni þar sem Haís þyrstir í að kynnast mannfólkinu og hugsun þess.

Vonbrigði með mannkynið

Haís kynnist þeim sem eiga að vera afburðamenn og taka þeir því sem hann hefur að segja vel. Fljótlega fer Haís að efast um hæfileika mannsins til andlegs þroska og í hans augum eru mennirnir ófullkomnir. „Hvað er meira lýjandi, í hvaða dýpri vesaldóm getur maður sokkið en að telja upp allt sem hann hefur gert frá því hann reis úr rekkju og þangað til hann gekk til náða án þess að finna þar á meðal eitt einasta verk sem þjónar ekki einhverju auvirðilegu markmiði í skynheimum: auðsöfnunar, sældarlíferni, svölun ástríðanna, útrásar, reiði, að tryggja stöðu sína, að viðhafa helgisiði til að ganga í augu fólks eða bara til að bjarga eigin skinni. Allt þetta er ekki annað en skýjaklakkar yfir hafdjúpunum.“

Niðurstaða þroskasögunnar er sú að líkaminn er aðeins verkfæri lífsandans. */VH*



Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari FSu, og Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, hittust á Selfossi til að skrifa undir samkomulagið.

Af vettvangi Bændasamtakanna:

Stuðla að endurmenntun bænda

Stuðla á að endurmenntun bænda með samstarfi Bændasamtaka Íslands og Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Bændasamtök Íslands og Fjölbrautaskóli Suðurlands, Garðyrkjuskólinn á Reykjum (Endurmenntun Græna geirans) gerðu fyrir jól með sér samkomulag um fræðslu á sviði garðyrkju, umhverfismála og skógræktar.

Í því felst að Endurmenntun Græna geirans heldur námskeið á fagsviðum garðyrkju, umhverfismála og skógræktar í samstarfi við Bændasamtökin og deildir innan þeirra tengdar græna geiranum.

Markmið fræðslunnar er að stuðla að sí- og endurmenntun bænda með námskeiðahaldi og fjölbreyttri fræðslu, bæði með stökum námskeiðum og námskeiðsröðum.



Dómkirkjan í Skálholti, sem verður lokuð fram að páskum vegna mikilla endurbóta og viðgerða inni í kirkjunni. Myndir / MHH

Bláskógabyggð:

Dómkirkjan í Skálholti lokuð næstu tvo mánuði

Engar athafnir né móttaka hópa verða í dómkirkjunni í Skálholti fram að páskum en skellt var í lás í kirkjunni 9. janúar síðastliðinn.

Ástæðan er sú að það er verið að endurnýja kirkjuna algjörlega að innan. Þegar framkvæmdum verður lokið er búið að ljúka því mikla endurbótastarfi, sem staðið hefur yfir til undirbúnings fyrir 60 ára afmæli kirkjunnar en því verður fagnað á Skálholtshátíð dagana 20.–23. júlí í sumar.

„Allt innra byrði kirkjunnar verður lagfært, múrviðgerðir, málning, raflagnir, ný hönnun á lýsingu og öll ljós endurnýjuð, allar hitalagnir og ofnar og svo brunavarnarkerfi og hljóðkerfi," segir Kristján Björnsson, vígslubiskup og bætir við:

„Tveir mánuðir í lokun eru langur tími fyrir eina kirkju en ekki í kirkjusögunni. Ætli eilífðin kenni okkur ekki þolinmæði. Ég hugsa bara um það hvað þetta verður fallegt og mikil prýði til næstu áratuga.

Ég er bjartsýnn á að það verði messufært fyrir páskahátíðina en við gætum átt eftir að ljúka einhverju á lengri tíma."

Kristján segir að framkvæmdirnar kosti 25 til 30 milljónir króna.




Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, er spenntur fyrir framkvæmdunum í Skálholtskirkju næstu vikurnar.

Aðalverktakinn er Múr og mál, sem tók kirkjuna í gegn að utan á síðasta ári.

Með þeim eru Súperlagnir á Selfossi og um raflagnir sér Jens Pétur og hans fyrirtæki í Laugarási. „En við fáum málninguna gefins frá Málningu ehf. Svo kostar Verndarsjóður kirkjunnar lýsinguna og stýringu á henni. Allt leggst á eitt með okkur núna," segir alsæll vígslubiskup í Skálholti.

/MHH

Stuðningsgreiðslur til svína-, alifugla- og eggjabænda



Matvælaráðuneytið mun á grundvelli tillagna spretthóps um stuðning við matvælaframleiðslu greiða **samtals 450 milljónir króna til búgreina sem ekki njóta framleiðslustuðnings** samkvæmt búvörusamningum, þ.e. svína- alifugla- og eggjaframleiðslu.

Stuðningnum er ætlað að mæta auknum kostnaði framleiðenda við fóðuröflun vegna mikilla og ófyrirséðra verðhækkana á árinu. Úthlutun til framleiðenda verður á grundvelli framleiðslu ársins 2022. **Munu 225 milljónir króna renna til framleiðenda svínakjöts, 160 milljónir króna til framleiðenda alifuglakjöts og 65 milljónir króna til eggjaframleiðenda.**

Matvælaráðuneytið mun afla upplýsinga um framleiðslumagn hjá afurðastöðvum eða Matvælastofnun eftir því sem við á. Óskað er eftir umsóknum frá framleiðendum með stuttri lýsingu á búrekstrinum þar sem fram kemur m.a.:

- Heildarupphæð fóðurkostnaðar sem umsækjandi greiddi árið 2022. Ef annar aðili en umsækjandi greiddi fóðurkostnaðinn þarf að gera grein fyrir því.
- Samanburður á heildarframleiðslukostnaði umsækjanda árin 2021 og 2022.
- Önnur þau atriði sem framleiðendur vilja koma á framfæri.

Umsóknir óskast sendar inn á **afurd.is** eða í tölvupósti á **mar@mar.is** eigi síðar en **20. janúar** nk.

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



LÍF & STARF

Allir Ford Bronco í gagnagrunni

– Upplýsingum safnað saman á einn stað



Ásgeir Unnar Sæmundsson vinnur að því að safna saman upplýsingum um alla Ford Bronco sem fluttir voru til landsins. Hér stendur hann við sinn eigin jeppa sem, þrátt fyrir sjúskað útlit, er í mjög góðu ástandi og daglegri notkun.
Mynd / Aðsend

Ásgeir Unnar Sæmundsson, sérlegur áhugamaður um Ford Bronco, hefur á undanförnum árum sett saman gagnagrunn um jeppa af þessari tegund sem fluttir voru til landsins.

Ásgeir heldur einnig úti heimasíðunni Bronco.is, þar sem áhugamenn geta skoðað myndir og nálgast ýmsar upplýsingar. Þegar þetta er ritað eru 1.898 bílar af árgerðum 1966–1977 skráðir, en Ásgeir veit að enn vantar upp á.

Áhuginn á Bronco myndaðist eftir að hann eignaðist svona bíl 17 ára gamall. Hann hefur alltaf verið með mikla bíladellu og átt fjölmarga bíla í gegnum tíðina, þ.á m. fjóra Bronco jeppa. Þegar Ásgeir fór að eldast áttaði hann sig á því að hann hafði oft hlaupið á sig þegar hann seldi suma bílana sem hann hafði átt. Því fór hann í rannsóknarvinnu til að geta fundið gömlu góðu Bronco-ana.

Á Facebook er hópur Ford Bronco áhugafólks með mjög virkum umræðum. Reglulega setur fólk inn myndir af gömlum bílum í þeirri von að einhver þekki sögu viðkomandi jeppa. „Þetta kveikti einhvern blossa í mér um að það væri rosagaman að geta haldið utan um söguna fyrir menn og veitt einhverjar upplýsingar," segir Ásgeir.

Fyrst byrjaði verkefnið sem myndasöfnun. Allar ljósmyndir af Bronco sem Ásgeir komst yfir vistaði hann hjá sér og skráði um leið upplýsingar um viðkomandi bíl. Ef einhver setti mynd af Bronco inn í áðurnefndan Facebook-hóp, þá herjaði Ásgeir á eiganda ljósmyndarinnar til að fá sögu hvers bíls. Í gegnum heimasíðu Samgöngustofu er einnig hægt að fá talsverð gögn um bifreiðar ef flett er upp eftir bílnúmeri.

Eins og áður segir eru skráðir í gagnagrunninn 1.898 Bronco-ar af fyrstu kynslóð þessara bíla. Líklegast voru innflutningstölur hærri á þessu tímabili og viðurkennir Ásgeir að enn vanti bíla í gagnagrunninn hans. Það er m.a. vegna þess að gagnagrunnur Samgöngustofu inniheldur takmarkaðar upplýsingar fyrir 1980. Ef bílar voru afskráðir fyrir þann tíma er oft engar heimildir um þá í stafræna gagnabankanum. Það sama á við um eigendasögu jeppanna fyrir áðurnefnt ártal. Því segir Ásgeir eitt af næstu skrefunum að leita fanga á Þjóðskjalasafninu. „Það hljóta að vera til innflutningsskýrslur og pappírar um alla þessa bíla."

Gagnagrunnurinn hans Ásgeirs gefur möguleika á að leita að bílum eftir eigendum, skoða númeraferil og margt fleira. Vinnunni er þó hvergi nærri lokið, því meðfram því sem Ásgeir skráir þessar grunnupplýsingar er hann stöðugt að bæta við fleiri atriðum. Nú styðst hann t.a.m við ljósmyndir til að skrá hvern og einn bíl eftir lit, búnaði og hvort þeim hafi verið breytt.

Áður en hvítu bílnúmerin, sem fylgja hverjum bíl, voru kynnt til sögunnar, var notast við svörtu númerin, sem oft eru kölluð steðjaplötur. Þau númer fylgdu yfirleitt einstaklingum, ekki bílum, og því gátu jafnvel þrír mismunandi Bronco-ar verið með sömu steðjaplötuna á einhverju tímabili. Ásgeir segir þetta atriði flækja alla rakningu.

Aðspurður segir Ásgeir erfitt að átta sig á því hversu margir bílar séu til enn í dag. Oft eru afskráðir Bronco-ar í geymslum hingað og þangað um landið án þess að hann hafi haft spurnir af þeim. Þeir bílar sem Ásgeir veit að eru ekki ónýtir eru sérstaklega merktir í gagnagrunninum. Við einfalda uppflettingu sér hann að í hans gögnum séu minnst 200 Bronco-ar skráðir heilir eða heillegir.

Af persónuverndarástæðum er gagnagrunnurinn ekki opinn almenningi. Ef fólk hefur leitað til hans með spurningar um sögu einstakra bíla, þá segist Ásgeir yfirleitt vera mjög fljótur að svara. Á vefnum Bronco.is, sem Ásgeir heldur úti, er viðamikið myndasafn þar sem allir geta flett upp bílum eftir bílnúmeri eða árgerð.

Ásgeir hefur ekki unnið einn að gagnagrunninum. Hann þakkar því öllum sem hafa lagt honum lið í gegnum tíðina og hvetur alla sem eiga myndir af gömlum Bronco til að senda sér afrit af þeim á netfangið bronco@bronco.is eða hlaða þeim upp á Bronco.is. /ÁL

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Þórunn Wolfram, nýr framkvæmdastjóri Loftslagsráðs. Áður starfaði hún í um 20 ár hjá Landgræðslunni.
Mynd / Aðsend

Loftslagsráð:

Verðum að temja okkur breytt viðhorf

Þórunn Wolfram tók við stöðu framkvæmdastjóra Loftslagsráðs um áramótin en síðustu 20 ár hefur hún unnið hjá Landgræðslunni.

Þar gegndi hún ýmsum störfum, bæði rannsóknum og öðrum sérfræðistörfum, en frá árinu 2019 var hún sviðsstjóri og staðgengill forstjóra. Þórunn brennur fyrir öllu sem snýr að umhverfis- og loftslagsmálum, ekki síst hvernig megi ná aftur jafnvægi í samspili manns og náttúru.

„Staðan í dag er þannig að mannkynið hefur gengið alvarlega á auðlindir jarðar, til dæmis með gegndarlausri vinnslu og bruna á jarðefnaeldsneyti, skógareyðingu, hnignun náttúrulegra vistkerfa og gríðarlegri jarðvegseyðingu svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki höfum við mengað bæði haf, ferskvatn og land og gengið freklega á líffræðilega fjölbreytni, eina af meginundirstöðum tilveru okkar og annars lífs. Loftslagsváin hangir yfir, að mestu vegna ofnýtingar okkar á jarðefnaeldsneyti og öðrum mannlegum gjörðum sem auka á magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti, langt umfram það sem jörðin ræður við að halda í jafnvægi innan sinna hringrása," segir Þórunn.

Veitir stjórnvöldum aðhald

Þórunn segir að Loftslagsráð sinni fjölbreyttum verkefnum sem öll miða að því að fjalla um loftslagsvána á heildrænan hátt og veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um áætlanir þeirra og framkvæmdir sem miða að því að draga úr, en einnig aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga. Þá er hlutverk ráðsins einnig að hafa yfirsýn yfir fræðslu og miðlun upplýsinga um loftslagsmál til almennings.

Í ráðinu, sem var stofnað 2018, sitja 15 manns, fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga, neytendasamtaka og umhverfisverndarsamtaka, auk annarra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti í ráðinu á hverjum tíma. Ráðherra skipar auk þess formann og varaformann Loftslagsráðs, auk fulltrúa unga fólksins.

Hugsum stórt

Þegar Þórunn er innt eftir því hvað almenningur, fyrirtæki og stofnanir á Íslandi geti gert til að sporna við áhrifum loftslagsbreytinga er hún fljót til svars.

„Við bæði getum og verðum að temja okkur breytt viðhorf og nýja hegðun til að draga úr áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga. Engin getur gert allt en allir geta gert eitthvað á vel við í

> „...Loftslagsráð sinni fjölbreyttum verkefnum sem öll miða að því að fjalla um loftslagsvána á heildrænan hátt ..."

þessu samhengi. Í okkar íslenska veruleika er staðan sú að ég ber ábyrgð á minni kauphegðun, til að mynda hvað ég borða, hverju ég klæðist, hvernig ég ferðast, hvort ég kaupi notaða hluti eða nýja, umhverfisvænni vörur og hvort ég fylgist með kolefnis- eða vistspori mínu og reyni að lágmarka það af fremsta megni. Það sama á við um þig og alla aðra hérlendis, bæði einstaklinga, fyrirtæki og stjórnvöld. Við þurfum að hugsa stórt, stjórnvöld þurfa að vera hugrökk og ráðast hratt í allar þær samfélagslegu og hagrænu kerfisbreytingar sem þarf að fara í til að fasa út notkun jarðefnaeldsneytis en samhliða vernda og efla líffræðilega fjölbreytni vistkerfa Íslands," segir Þórunn.

Skilgreinir sig sem Vestur-Skaftfelling

Þórunn er fædd og uppalin í Garðabænum en sem barn dvaldi hún öll sumur og alla páska í sveitinni hjá ömmusystkinum sínum í Mörtungu á Síðu og hefur því alltaf skilgreint sig sem Vestur-Skaftfelling. Þórunn býr í dag á Gömlu Borg í Grímsnesi ásamt Mumma sínum, kettinum Dimmalimm og yngsta syninum, sem stundar nám við Menntaskólann á Laugarvatni. Þórunn og Mummi eiga samtals 10 börn og 12 afkomendur og eru alsæl með lífið og tilveruna frá degi til dags.

Þórunn er eini starfsmaður ráðsins en ráðið er til húsa hjá Umhverfisstofnun að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík.

/MHH



Guðni Þorvaldsson hefur lengi fengist við rannsóknir á grösum hjá LbhÍ, bæði fóðurgrösum og grösum fyrir íþróttavelli. Mynd / Aðsend

Grastegundarannsóknir:

Vallarrýgresi ákveðið draumagras

Fyrir jól gaf Landbúnaðarháskóli Íslands út ritið Fóðurgildi nokkurra nýrra grastegunda, í ritröð háskólans.

Í ritinu kanna höfundarnir Guðni Þorvaldsson og Tryggvi Eiríksson hvernig fjórar grastegundir, sem hafa nýlega verið teknar í notkun í íslenskri túnrækt, standa sig í samanburði við tvær hefðbundnar tegundir hvað fóðurgildi varðar. Guðni segir að vallarrýgresi hafi verið ákveðið draumagras, en notkun á því hér á Íslandi er þeim vandkvæðum bundið að það hefur lítið vetrarþol.

Að sögn Guðna voru fjórar nýjar tegundir skoðaðar; vallarrýgresi, hávingull, tágavingull og axhnoðapuntur. Þær voru síðan bornar saman við vallarfoxgras og vallarsveifgras sem hafa verið í notkun lengi. Fóðurgildi var metið út frá meltanleika, heildartréni og hráprótein innihaldi – skoðað var hvernig þessir fóðurþættir breyttust með tíma bæði í fyrri og seinni slætti.

Meiri meltanleiki og lægra trénishlutfall

Guðni segir að vallarrýgresi sé mikið notað á suðlægari slóðum álfunnar. „Gallinn við það hefur verið sá að það hefur ekki mikið vetrarþol. Það verður því framtíðarmarkmið að kynbæta það í átt til meira vetrarþols og það sama gildir einnig um hinar tegundirnar. Allar þessar fjórar tegundir þyrftu meira þol gagnvart okkar löngu og umhleypingasömu vetrum," segir Guðni. Hann bendir einnig á að umræða um loftslagsbreytingar hafi ýtt undir áhuga á að skoða nýjar tegundir sem myndu henta betur hlýrra veðurfari.

Í niðurstöðum ritsins kemur fram að vallarrýgresi hafi haldið háum meltanleika lengur en aðrar tegundir í rannsókninni og trénishlutfall var lægra en hjá hinum tegundunum. Hávingull mældist einnig með ágætan meltanleika og frekar lágt tréni.



Axhnoðapuntur 16. júlí, mörg blöðin farin að sölna.

Meltanleiki axhnoðapunts og tágavinguls var heldur lægri en hjá hinum tegundunum. Axhnoðapuntur var með hæst hlutfall trénis í báðum sláttum.

Prófa þarf grastegundirnar í fóðurtilraunum

„Þó svo að tréni, meltanleiki og prótein segi mikið til um gæði grasa til fóðurs þá kemur fleira til, þannig getur bragð og áferð grasanna haft áhrif á lystugleika," segir Guðni. „Það væri því æskilegt að prófa þessar tegundir í fóðrunartilraunum einnig. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að ekki þarf allt fóður að vera í hæsta gæðaflokki. Það eru fyrst og fremst mjólkandi gripir sem þurfa hágæða fóður og það getur verið skaðlegt að gefa gripum sem ekki eru í vexti eða mjólkurframleiðslu of kjarnmikið hey.

Það skiptir miklu máli að þekkja eiginleika tegundanna á ýmsum sviðum, til dæmis vetrarþol, uppskeru, endurvöxt og fóðurgildi. Það nýtist okkur við val á tegundum til sáningar og þegar þær eru komnar í túnin, nýtingarmöguleika þeirra.

Sumar tegundir henta betur sem hágæða fóður en aðrar. Þær sem gefa lakara fóður má þá nýta til að fóðra fénað sem ekki þarf hágæðafóður. Þessi rannsókn er liður í því að kortleggja þessar tegundir með tilliti til fóðurgæða yfir sprettutímann. Við fáum yfirsýn yfir fóðurgæðin í upphafi sprettu og hversu hratt þau breytast með tímanum. Þetta ferli er mismunandi eftir tegundum," segir Guðni. */smh*





Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is




Aðgerðaráætlunum um eflingu kornræktar á Íslandi – Bændafundir

Matvælaráðherra fól starfshóp á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands að skrifa aðgerðaáætlun um eflingu kornræktar á Íslandi í ágúst sl. Tillögur um aðgerðir eru nú vel á veg komnar en stefnt er að skilum á þeim 1.mars nk. Starfshópurinn mun kynna drög aðgerðar-áætlunarinnar fyrir bændum og hvetur því bændur og áhugafólk um kornrækt til þess að mæta á fundi til þess að ná samtali um tilllögurnar. Starfshópinn skipa Helgi Eyleifur Þorvaldsson, Hrannar Smári Hilmarsson og Egill Gautason.

Fundirnir fara fram á tveimur stöðum:

- **Þingborg í Flóahreppi kl 14:00, miðvikudaginn 18. janúar**
- **Búgarði, Óseyri 2 á Akureyri kl 14:00, fimmtudaginn 19. janúar**

FRÆÐSLA



Algengasta tegund kúlufiska til átu kallast torafugu, eða *T. rubripes* upp á latínu. Tegundin er jafnframt sú eitraðasta. Mynd / t2.gstatic.com

Saga matar & drykkjar:

Banvænn réttur



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Matur í Japan er fjölbreyttur og góður og margir réttir eiga sér aldalanga sögu og hefð en ekki er á allra færi að matreiða þá. Dæmi um rétt sem einungis fáir kokkar hafa til þess sérstakt leyfi að mega matreiða er fugu, sem er búin til úr fiskum sem á íslensku kallast kúlufiskar.

Kúlufiskur er samheiti yfir fiska sem tilheyra nokkrum ættkvíslum, auk þess sem fugu er heiti á rétti sem unninn er úr nokkrum tegundum þeirra. Í innyflum sumra kúlufiska, einkum lifur, kynkirtlum og augum og í roði þeirra, finnst eitur sem kallast *tetrodotoxin.*

Kúlufiskar

Rúmlega 100 tegundir kúlufiska finnast í heiminum og tilheyra þær 28 ættkvíslum. Rannsóknir á kúlufiskum sýna að erfðamengi þeirra er óvenjulítið miðað við önnur hryggdýr og reyndar það minnsta sem þekkist meðal hryggdýra.

Algengastar eru tegundir af ættkvíslunum *Diodon* sem inniheldur fimm tegundir, ættkvíslin *Sphoeroide* 8, *Torquigener* 21, *Lagocephalus* 22 og *Takifugu* 25 tegundir. Flestar tegundir kúlufiska finnast í hlýjum og fremur grunnum sjó en einnig finnast þeir í fersku vatni. Útbreiðsla kúlufiska er á heittempraða og tempraða beltinu á grunnsæfi um allan heim.

Kúlufiskar eru fremur smávaxnir og hægsyndir og í stað þess að flýja aðsteðjandi hættu blása þeir upp teygjanlegan magann og gera sig gilda með því að gleypa sjó, vatn eða loft.

Margar tegundir eru alsettar göddum sem standa út í allar áttir þannig að fiskurinn líkist einna helst uppblásnum nálarpúða eða kúlukaktus með myndarlegum þyrnum. Allar tegundir kúlufiska eru með beittar tennur sem halda áfram að vaxa alla ævi þeirra. Með tímanum geta tennurnar orðið stórar og fiskunum til vandræða komist þeir ekki í harða fæðu. Sumar tegundir notast við efnahernað í varnarskyni og gefa frá sér illa þefjandi vökva til að losa sig við rándýr. Þrátt fyrir að flest dýr forðist sendinguna virðast höfrungar sækjast í vökvann til að komast í vímu eða ölvunarástand.

Listfengur fiskur

Karlfiskar einnar tegundar kúlufiska, *Torquigener albomaculosus*, sem eru nánast samlitir umhverfi sínu og illsjáanlegir, sem finnast við strendur Japan, leggja mikið á sig í tilhugalífinu. Fiskarnir nota sporðinn og uggana til að plægja sig eftir sandbotninum, auk þess sem þeir nota skeljar til að búa til stóra og flókna mynd, sem líkist mandölu eða blómi, í sjávarbotninn til að laða að sér kvendýr.

Hængarnir vinna dag og nótt í rúma viku til að fullkomna ástarhreiðrið áður en breytt sjávarföll skola því burt.

Kynlíf á ströndinni

Tilhugalíf og mökun, *Takifugu niphobles*, er ekki síður furðuleg og nánast einstök en ekki alveg í fiskaríkinu. Um hrygningartímann safnast fiskar tegundarinnar saman við ákveðnar strendur og synda eða kasta sér á þurrt. Hrygnurnar hrygna og hængarnir frjóvga hrognin með svili sínu og að því loknu sprikla fiskarnir aftur út í sjó. Frjóvguðu hrognunum eða eggjunum skolar út í sjó á næsta flóði eða ofar í fjöruna og undir steina þar sem þau klekjast út.



Fersk kúlufiskahrogn.
Mynd / sunnysidecircus.com

Torafugu

Nokkrar tegundir kúlufiska af ættkvíslinni *Takifugu* eru eftirsóttar til átu og þá helst *T. pardalis, T. shōsaifugu T. vermicularis, T. mafugu og T. porphyreus.*

Algengasta tegundin til átu kallast torafugu, eða *T. rubripes* upp á latínu. Tegundin er jafnframt sú eitraðasta.

Náttúruleg heimkynni *T. rubripes* er í hafinu umhverfis Japan, út af austurströnd Kína og í Gulahafi milli Kína og Kóreuskaga. Torafugu er á milli 40 til 80 sentímetrar að lengd og finnst iðulega í flóum og fjörðum nálægt stórum árósum en frekar í söltum sjó en fersku vatni. Tegundin finnst sjaldan á opnu hafi.

Tegundir innan ættkvíslarinnar eru perulaga, gildastir fremst og mjókka aftur í sporðinn og nota nánast eingöngu uggana til að synda. Þrátt fyrir að vera hægsyndir geta þeir synt bæði afturábak og áfram og eru eldsnöggir að skipta um stefnu. Fiskarnir eru sagðir forvitnir og jafnvel árásargjarnir gagnvart öðrum fiskum.

Samkvæmt IUCN, alþjóðasamtökum um náttúruvernd, er tegundin talin vera í hættu vegna ofveiði og afli hefur dregist verulega saman vegna minnkandi stofnstærðar. Veiðar á tegundinni eru aðallega á línu og leyfilegur afli takmarkaður í því skyni að koma í veg fyrir ofveiðar.

Eitrið í torafugu er sagt vera allt að tólf hundruð sinnum eitraðra en blásýra og ekkert móteitur er þekkt.



Hængarnir vinna dag og nótt í rúma viku til að fullkomna ástarhreiðrið.
Mynd / google.com



Um hrygningartímann safnast kúlufiskar tegundarinnar *Takifugu niphobles* saman við ákveðnar strendur og synda á þurrt. Mynd / onlinelibrary.wiley.com



Rannsóknir á kúlufiskum sýna að erfðamengi þeirra er óvenjulítið miðað við önnur hryggdýr. Mynd / wiktionary.org



Ljósakróna úr uppblásnum kúlufiski eða grásleppu er heimilisprýði. Mynd / etsy.com



Kúlufiskur í varnarstöðu. Mynd / analyticalscience.wiley.com



Fugu matreiðslumeistarar fjarlægja eitraða hluta fisksins vandlega og forðast að aðrir hlutar fiskholdsins mengist af þeim. Mynd / notesofnomads.com



Kúlufiskar eru fremur smávaxnir og hægsyndir og blása upp teygjanlegan magann og gera sig gilda með að gleypa sjó, vatn eða loft. Mynd / japantimes.com



Sjókvíaeldi á fugu er að aukast. Mynd / japannews.yomiuri.co.jp



***Fugu sashi* á veitingahúsi í Japan.** Mynd / oyakata.com

Tetrodo-eitur

Tetrodo er eitrað við neyslu þar sem það kemur í veg fyrir að frumur taki upp natríum með þeim afleiðingum að þverrákóttir vöðvar, sem meðal annars stjórna öndun, lamast.

Fyrstu einkenni eitrunar eru svimi, máttleysi, höfuðverkur og ógleði. Í kjölfarið fylgja öndunarerfiðleikar. Eitrið veldur ekki meðvitundarleysi og sá sem fyrir henni verður er með fullri meðvitund á meðan hann kafnar.

Rannsóknir benda til að tetrodo-eitrið í kúlufiskum sé komið úr fæðunni sem þeir éta í náttúrulegum heimkynnum sínum. Helsta fæða þeirra eru þörungar, lindýr og smávaxin krabbadýr sem innihalda bakteríur sem framleiða eitrið sem fiskarnir eru ónæmir fyrir en safnast upp í líkama þeirra.

Auk kúlufiska finnst tetrodo-eitur í kolkröbbum, ýmsum krabba- og skeldýrum, auk þess sem það hefur verið greint í froskum, salamöndrum og nokkrum tegundum sjávardýra.

Í dag er eitrið notað í verkjalyf.

Banvænt bragð

Eitranir af völdum fugu koma reglulega upp og tengjast yfirleitt rangri meðhöndlun hráefnisins. Óvenju mörg eitrunartilfelli komu upp í Japan árið 1958 þegar 176 manns létust eftir að hafa neytt fugu. Talið er að 50% hafi látist eftir að hafa borðað lifur fisksins, 47% kynkirtla og 7% roðið. Árið 2007 komst upp um óprúttinn fisksala í Taílandi sem seldi fugu dulbúinn sem lax og olli með því dauða fimmtán manns. Sala og neysla á fugu hafði verið bönnuð í Taílandi í fimm ár þegar upp komst um fisksalann.

Fiskimannafjölskylda á Filippseyjum og nokkur skyldmenni hennar létust eftir að hafa borðað ógreinda tegund af kúlufiski árið 2008. Ári síðar er svipaða sögu að segja frá Malasíu þegar nokkrir sjómenn á hafi úti borðuðu kúlufisk sem þeir höfðu veitt.

Árið 2012 missti fugu-kokkur í Tókýó vinnuna og leyfið eftir að viðskiptavinur greiddi honum sérstaklega fyrir að fá að smakka á lifur úr fugu. Fimm létust eftir að hafa borðað hráa fugulifur á veitingahúsi í Kansai-héraði í Japan árið 2015 og þrír létust á Filippseyjum eftir neyslu á fugu árið 2020.

Saga fugu í Japan

Þrátt fyrir að neysla á fugu geti verið banvæn, sé hráefnið ekki hantérað á réttan hátt, nær hefð fyrir neyslu í Japan langt aftur í aldir og fundist hafa minjar um veiðar og neyslu torafugu sem eru tæplega þrjú þúsund ára gamlar. Undir lok sextándu aldar var neysla á fugu bönnuð í Japan í kjölfar fjöldasjálfsmorða sem tengdist neyslu réttarins.

Neysla fisksins hélt áfram þrátt fyrir það, sérstaklega á svæðum þar sem stjórn yfirvalda var veikari eins og í vesturhéruðum Honshu og eyjum keisaraveldisins. Neysla réttarins jókst aftur fyrir um 130 árum og banninu aflétt í kjölfarið. Í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar voru reglur um matreiðslu réttarins hertar og í dag mega eingöngu matreiðslumenn sem hafa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda matreiða villtan torafugu.

Sagt er að í öryggisskyni hafi verið blátt bann við að nokkur af Japanskeisurum bragðaði á fugu.

Í dag er fiskurinn notaður í sashimi og borinn fram hrár í sneiðum með hrísgrjónum og þykir mikið lostæti. Soðinn kúlufiskur er borinn fram í rétti sem kallast chirinabe.

Fugu-matreiðslumeistarar fjarlægja eitraða hluta fisksins vandlega og forðast að aðrir hlutar fiskholdsins mengist af þeim og gæta þess að hnífar og önnur eldhúsáhöld smiti ekki eitrinu frá sér. Reyndar þykir eilítið bragð af eitrinu gefa fiskinum sitt sérstaka bragð og er eftirsótt meðal sælkera. Þrátt fyrir stíft eftirlit með matreiðslu fugu látast á milli 10 og 20 manns á ári vegna neyslu réttarins og flestir eftir að hafa eldað hann heima fyrir. Fátítt og nánast óþekkt er að fólk sem borðar réttinn á veitingahúsi með réttindi til að bera hann fram verði fyrir eitrun.

Í dag er farið að ala torafugu í sjókvíum. Eldisfiskarnir fá fóður sem er laust við eiturmyndandi bakteríur og því eiturfríir og ekki hættulegir til neyslu.

Fugu-molar

Á japönsku þýðir fugu fljótasvín. Í Kansai-héraði er fiskurinn uppnefndur teppō, sem þýðir riffill eða byssa og er orðaleikur sem gefur í skyn eitrun eða að vera skotinn til bana. Í Shimonoseki-héraði er notast við gamlan framburð heitisins fuku en orðið táknar einnig gæfu en fugu vangetu.

Þjóðsögur og handverk

Samkvæmt japanskri þjóðsögu sátu þrír hefðarmenn við eld og elduðu fugu-fiskikássu. Enginn þeirra var viss hvort rétturinn væri eitraður eða ekki og vildi vera fyrstur til að smakka hann. Þeir gripu því til þess ráðs að gefa sársvöngum betlara sem átti leið hjá að borða af kássunni. Betlarinn fór síðan sína leið og virtist ekki hafa orðið meint af og tóku hefðarmennirnir því hraustlega til matar síns og héldu svo áfram ferð sinni.

Skömmu seinna hittu þeir betlarann aftur þar sem hann sat á steini. Hefðarmennirnir voru drjúgir með sig og töldu sig hafa farið vel að ráði sínu og blekkt betlarann til að vera eins konar tilraunadýr fyrir hollustu kássunnar. Þeim brá aftur á móti illa þegar betlarinn skilaði skammtinum sem þeir höfðu gefið honum og hann leynt í lófa sínum. Hefðarmennirnir létust allir skömmu síðar. Þegar upp var staðið var það því betlarinn sem blekkti hefðarmennina en ekki öfugt.

Þrátt fyrir að roðið á fugu-fiskum sé eitrað við neyslu er það notað í ýmiss konar handverk. Úr hertu roðinu eru meðal annars saumaðir lampaskermar sem iðulega má sjá hangandi fyrir utan veitingahús sem bjóða upp á fugu. Roðið er einnig notað í veski og minjagripi.

Fugu í Kína og Suður-Kóreu

Neysla á fugu er þekkt í Kína allt frá Song-tímabilinu, 960 til 1279, og rétturinn talinn mikið lostæti. Kínverski stjórnspekingurinn og skáldið Shen Kou, sem uppi var á elleftu öld eftir Krist, segir frá neyslu á fugu í alfræðiriti sínu, Taiping Guangji. Haft er eftir samtímamanni hans, ljóðskáldinu, herbalistanum og ferðabókahöfundinum Su Shi, að bragðið af fugu sé svo ómótstæðilegt að vel sé þess virði að leggja lífið að veði til að fá að bragða réttinn.

Bok-eo, eða fugu, á sér einnig langa hefð í Suður-Kóreu og þekkt hráefni í fjölda salat- og súpurétta í dýrari kantinum. Auk þess sem fiskurinn er grillaður og borðaður hrár.

Vinsælir fugu-réttir

Vinsælasti fugu-rétturinn í Japan er *fugu sashi* eða *tessa*. Til að skera fiskinn eru notaðir örþunnir hnífar og holdið skorið það þunnt að það er nánast gegnsætt. Aðferðin kallast *Usuzukuri*.

Hrogn kúlufiska, *fugu kara-age*, eru eftirsótt góðgæti í Japan, hvort sem þau eru borin fram fersk, soðin eða reykt.

Fugu er leyft í Bandaríkjum Norður-Ameríku á veitingahúsum með sérleyfi. Rétturinn er bannaður innan ríkja Evrópusambandsins.

Í flestum borgum í Japan er að finna að minnsta kosti eitt veitingahús sem býður upp á fugu og um að gera fyrir forvitna og hugaða að smakka á þessum einstaka rétti ef færi gefst.



Á FAGLEGUM NÓTUM

Á slóðum Hróa hattar:

Bændaheimsóknir í Englandi nóvember 2022 – fyrri hluti

Í nóvember síðastliðnum sóttu sex ráðunautar RML sauðfjárræktarráðstefnu í Bretlandi. Ráðstefnan nefnist Sheep breeders round table, eða Hringborð sauðfjárræktenda, og koma þar saman ráðunautar, dýralæknar, vísindafólk og sauðfjárbændur og fara yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni.



Guðfinna Harpa Árnadóttir.

Í tengslum við þá ráðstefnu, sem sagt verður frá síðar, gafst tækifæri til að heimsækja bændur um miðbik Englands, nálægt Skírisskógi, sem er Íslendingum kunnur sem heimkynni Hróa hattar og einnig höfuðstöðvar British wool í Bradford.

British wool

Fyrsta heimsóknin var í höfuðstöðvar British wool í Bradford. British wool eru nokkurs konar sölusamtök í eigu um það bil 35.000 breskra bænda. Aðalmarkmið þeirra er að hámarka ullarverð til eigenda sinna og hefur það tekist býsna vel þar sem ullarverð til þeirra bænda sem eru þátttakendur í British wool heldur vel í við nýsjálenskt verð og er umtalsvert hærra en verð til írskra bænda. Írsk ull ætti þó að öllu að vera sambærileg við þá bresku enda búskaparkerfi og búfjárkyn þau sömu milli landanna.

Meðalverð hjá British wool er þó nokkru lægra en afurðaverð ullar hér á landi, eða 40 p/kg eða samsvarandi 70 kr./kg ullar. Töluverð breidd er þar í verði til bænda og betra verð hjá British wool sambærilegt afurðaverði hér á landi og það albesta sambærilegt besta verði hér að meðtalinni beingreiðslu fyrir ull. Samtökin sjá um að safna ull á fjölmörgum söfnunarstöðum vítt og breitt um England, Skotland, Wales og Norður-Írland, flytja hana til Bradford þar sem hún er flokkuð og svo boðin upp á 18 uppboðum sem samtökin halda reglulega árið um kring.

Bændur sem skila ull til British wool fá greitt einu sinni á ári út frá því verði sem fengist hefur á uppboðum ársins, nema nýliðar sem njóta fyrirframgreiðslukjara sem jafnar ullargreiðslu til þeirra á fyrstu fimm búskaparárunum. Vel þjálfaðir flokkunarmenn í vöruhúsinu sjá um flokkun ullarinnar en flokkað er eftir gerð og fínleika ullarinnar, lit og svo hreinleika og göllum. Nýir starfsmenn í flokkun vinna með reyndum starfsmönnum í þrjú ár áður en þeir geta unnið sjálfstætt við ullarflokkunina, en vanir flokkunarmenn flokka 5 tonn ullar á dag. Reyfin eru í nánast öllum tilfellum sett í flokka í heilum reyfum en tekið er utan af allra verðmætustu reyfunum í ullarþvottastöðinni. British wool aðstoða við auglýsingaefni og votta gæðamerkingar fyrir vörur sem eru að meirihluta úr breskri ull og telja það efla eftirspurn eftir breskri ull sem hækkar verð í uppboðsfyrirkomulagi.

Lögð er áhersla á að koma ull í sem flestar og fjölbreyttastar vörur til að koma allri ull í verð óháð gæðum en með áherslu á dýrari vörur, s.s. tweed efni, dýnur og sængur sem skila meiri greiðslugetu viðskiptavina á uppboði. Einnig standa samtökin fyrir grunnnámskeiðum í rúningi og meðferð ullar til að ýta undir gæði vörunnar sem kemur inn.

Framkvæmdastjórinn sem tók á móti okkur lagði áherslu á að helstu sóknarfæri í hámörkun ullarverðs lægju í að segja sögu ullarinnar og draga fram breskan uppruna hennar og þá sérstöðu sem hver ullargerð býr yfir. Af þeim sökum var í gangi þróunarverkefni þar sem unnið var að því að tryggja rekjanleika ullarinnar í gegnum flokkunina og með því kerfi er hægt að upplýsa einstaka kaupendur um uppruna ullarinnar alveg niður á bú. Þetta gagnast m.a. í markaðssetningu á sérvöru og nefndi hann tweed efni úr ull frá búum í einum dal sem framleitt er á því sama svæði og gefur rekjanleikinn mikinn virðisauka vörunnar og þar með ullarinnar til frumframleiðandans.

Aðaláskorunin sem framkvæmdastjórinn nefndi er hins vegar að fá bændur til að sinna ullinni á þann hátt að hún geti orðið verðmæt vara. Það reynist erfitt þar sem stór hluti bænda fær ekki afurðaverð sem nemur kostnaði við rúning.



Flokkuð ull í British wool. Á fremsta kassanum má sjá merkingar og strikamerki sem notuð eru til að auðkenna flokk og tryggja rekjanleika ullar.
Myndir / GHÁ

Bentley suffolk ræktunarbúið

Matt Harding tók næst á móti okkur en hann rekur ræktunarbú í samstarfi við foreldra sína fyrir þrjú sauðfjárkyn, Suffolk, Aberblack og Aberfield. Búið byggir á gömlum merg en foreldrar og föðurforeldrar Matts ræktuðu einnig Suffolk sauðfé þar á undan honum. Búið er staðsett ekki langt frá Leicester. Matt og faðir hans fóru, upp úr 2000, í samstarf við nýsköpunarfyrirtækið Innovis um ræktun á Aberblack og Aberfield en það eru sauðfjárkyn sem Innovis hefur þróað í samstarfi við öfluga sauðfjárræktendur. Öll þessi kyn eru ræktuð vegna kjötgæða og stærðar en auk þeirra leggur Matt áherslu á auðveldan burð, hreysti lamba og lifun, góða fótstöðu, hreina afturenda sem er stórt atriði þegar dindillinn er langur, góða endingu hrúta, mikinn vöxt lamba á grasi og móðureiginleika.

Allir gripir í ræktuninni eru arfhreinir fyrir verndandi arfgerð vegna riðu (ARR/ARR) og ekki markaður fyrir hrúta sem eru það ekki. Tekjur búsins byggja að langmestu leyti á hrútasölu og selja þau frá sér 200-250 veturgamla hrúta á hverju ári og er meðalverð um 125 þús./kr. á hvern hrút. Einnig selja þau gripi sem ekki henta í ræktunarstarfinu til áframhaldandi eldis og slátrunar. Ræktunin er byggð á miklum skráningum og kynbótamatsútreikningum fyrir marga mismunandi eiginleika.

Matt fékk nýsköpunarverðlaun sauðfjárbænda 2021. Verðlaunin fékk hann fyrir að breyta ræktunaráherslum, búrekstraráherslum og sölufyrirkomulagi. Áður snerist ræktun og sala bæði um að selja sýningargripi og einnig hrúta til bænda í kjötframleiðslu og hrútar voru seldir á uppboðum og sýningum. Þá voru eingöngu seldir lambhrútar sem voru fæddir í janúar og aldir á kjarnfóðri sem viðbótarfóðri til að tryggja að þeir næðu sölustærð á stuttum tíma.

Fyrir um 20 árum var það orðið ljóst að þeir hrútar sem best komu út á sýningum og uppboðum voru ekki endilega þeir sem hentuðu best til undaneldis á hefðbundnum kjötframleiðslubúum og þá ákváðu þeir feðgar að umbylta kerfinu hjá sér og einbeita sér að sölu til hefðbundinna kjötframleiðslubænda, draga sig út úr uppboðum og sýningarhaldi og selja hrúta beint frá býli byggt á kynbótamati frekar en útliti.

Samhliða því færðu þeir sauðburðinn aftur í apríl og maí og láta bera inni til að auðvelda nákvæmari skráningar á eiginleikum sem tengjast sauðburðinum. Þau ala alla gripi á beit allt árið um kring. Ærnar eru heima á fjölærum túnum með háu hlutfalli smára. Miklir möguleikar eru á ýmiss konar grænum greiðslum eða sérstökum umhverfisverndarstuðningi fyrir bændur í Bretlandi og hafa þau nýtt sér greiðslur sem fást fyrir að leyfa smára í túnum að blómstra fyrir býflugurnar áður en féð fer þar á beit. Í blöndu með réttum grastegundum og með réttri beitarstýringu nýtast þau tún líka vel í búrekstrinum þeirra. Lömbin fara hins vegar mörg á beit hjá nágrönnum í grænmetisrækt og annarri jarðyrkju. Þar bíta lömbin afganga eftir uppskeru af grænmeti eða gróður sem notaður er til að loka ökrum í hvíld eða milli uppskerutímabila. Samstarfsverkefni af þessu tagi auka sjálfbærni matarframleiðslu, minnka kolefnisspor og lækka kostnað hjá báðum aðilum.

Aðlögunarhæfni er lykill

Næst heimsóttum við annan handhafa nýsköpunarverðlauna í hópi sauðfjárbænda, David Eglin. David hefur byggt upp fjölbreytta atvinnustarfsemi á jörð sinni, sömuleiðis í nágrenni Leicester, sem áður var herflugvöllur og þjálfunarsvæði hersins.
Áhuginn liggur helst í sauðfjárrækt og hann hafði stundað hana í rúm 60 ár en einnig var hann einn af þeim fyrstu



Ræktunarær af Suffolk kyni á búi Matt Harding.



Matt Harding segir okkur frá sauðfjárræktinni sinni.



Suffolk og Aberfield hrútar.



Ræktunarær af Charmoise kyni á býli David Eglin.



Ungir Charmoise hrútar í inniaðstöðunni.

í Bretlandi til að taka ferðavagna í geymslu gegn gjaldi (ekki undir þaki en á vöktuðu svæði). Auk þess hefur hann sett upp sólarsellur til að afla rafmagns, borað fyrir vatni, selt veiðileyfi í manngerðum tjörnum, plantað trjám og safnað hunangi sem hann selur í afgreiðslunni fyrir ferðavagnageymsluna. Þar selur hann líka kjöt beint frá býli.

David hefur ræktað mörg sauðfjárkyn í gegnum tíðina en það kyn sem hann ræktar núna er Charmoise, franskt kyn sem hentar til ræktunar á hálendari svæðum Bretlands, t.d. í Wales þar sem stærstu viðskiptavinir hans eru. Ræktunin byrjaði 1995 með tveimur ám og hefur hann svo keypt reglulega gripi frá Frakklandi til að byggja upp ræktunina. Hjörðin telur um 300 ær og ræktunin byggð á kynbótamatsútreikningum, hrútakaupum og frosnu sæði. Fyrstu hrútarnir sem hann notar til framræktunar úr eigin ræktun eru nú 4-5 vetra gamlir.

Charmoise-fé er smátt miðað við kjötkyn og því léttara á fóðrum en með ákaflega góða gerð og flest sláturlömb í blendingsrækt undan slíkum hrútum í E og U. David er að selja um 70 lambhrúta á ári og töluvert af gimbrum líka. Meðalverð hrútanna er um 75.000 kr. Ærnar eru góðar mæður og verða gamlar en leggja lítið á sig þar sem meðalfrjósemi við fósturtalningu er ekki meiri en um eitt lamb á kind. Ærnar eru á beit allt árið nema á sauðburði. Það eru lömbin mest líka en fá viðbótarkjarnfóður í kössum sem ærnar komast ekki inn í. Lömbin eru þó tekin inn ef veður eru ekki hagstæð og eins reglulega yfir eldistímann til að fara yfir framfarir og þá eru seld, til áframhaldandi sláturleldis, þau sem ekki henta til framræktunar eða líflambasölu.

David lagði áherslu á fjölbreytni í rekstri og tekjumöguleikum og eins að vera tilbúinn að aðlaga sauðfjárræktina að þeim kröfum sem viðskiptavinir á hverjum tíma gera. Í heimsókninni til Davids vorum við keyrð um á kerru aftan í buggy-bíl í hellirigningu til þess að skoða féð og ferðavagnagarðinn. Það var nokkuð spaugileg og alveg einstök upplifun.

Heimsóknirnar til þessara tveggja sauðfjárbænda drógu vel fram hversu fjölbreytt bresk sauðfjárrækt getur verið. Einnig er umhirða á þessum tveimur bæjum greinilega eins og svart og hvítt. Þó nokkuð er um illgresi í beitilandi á seinni bænum og mikið bitið land sem sást ekki á þeim fyrri. Einnig sáum við margar haltar ær á seinni bænum og skítuga afturenda sem lítið var um á þeim fyrri. Heimsóknir sem þessar eru einkar áhugaverðar og alltaf eitthvað nýtt sem má læra og taka með sér heim. Það er því þakkarvert að fá tækifæri til að taka þátt í slíku í gegnum sitt starf.

Guðfinna Harpa Árnadóttir,
ráðunautur hjá RML.

Aðrir ferðafélagar voru Ívar Ragnarsson, Kristján Óttar Eymundsson, María Svanþrúður Jónsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Sigríður Ólafsdóttir.



Hljóma vinnuvernd, vélar og tæki vel?

Vinnueftirlitið leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi með mikla þekkingu og áhuga á vinnuvélum og tækjum til að ganga til liðs við teymi sérfræðinga á vinnuverndarsviði.

Viðkomandi mun koma til með að sinna vinnuvélaskoðunum ásamt því að veita leiðbeiningar á sviði vinnuverndar og vinna að sérverkefnum.

Um er að ræða 100% starfshlutfall og er starfsstöð annars vegar á Selfossi með skoðunarsvæði frá Þorlákshöfn til Kirkjubæjarklausturs sem skiptist á milli fjögurra eftirlitsmanna og hins vegar á Egilsstöðum með skoðunarsvæði frá Höfn í Hornafirði að Vopnafirði sem skiptist á milli tveggja eftirlitsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar næstkomandi. Sótt er um á alfred.is.

Allar nánari upplýsingar; meðal annars um helstu verkefni, ábyrgð, menntunar- og hæfniskröfum er að finna á vinnueftirlitid.is



GARÐYRKJA



Gagnlegt er að þekkja muninn á milli tegunda og jafnvel yrkja þegar meta skal hvernig standa skuli að trjáklippingum, sem oftar en ekki fara fram nú þegar gróðurinn er í dvala. Mynd / Björgvin Örn Eggertsson

Tré og runnar eru líka falleg á veturna

Að njóta fegurðar trjáa og runna getur verið skemmtileg og gagnleg iðja að vetrinum og gefur okkur kost á að njóta garðsins allt árið.

Til þess þarf að sjálfsögðu að vera hægt að sjá gróðurinn, en sú hefur ekki verið raunin víða um land undanfarið, vegna óvenju mikils fannfergis. Snjóruðningstæki hafa haft í mörgu að snúast og himinháir skaflar hafa lagt undir sig marga garða þannig að varla sést í toppinn á runnum og jafnvel trjám, sérstaklega sunnanlands.

Má búast við að sumir eftirlætisrunnar láti á sjá eftir ósköpin en alltaf vonum við það besta og reynum að lagfæra með klippingum særðar og brotnar greinar, helst áður en vorar.

Garðurinn liggur í djúpum vetrardvala. Plönturnar þreyja þorrann og góuna og bíða þess að vorar. Það gera garðeigendur líka, þeir bíða vorsins af óþreyju þar til gróðurinn laufgast á ný.

Fjölbreytileikinn ræður ríkjum

Það getur verið skemmtilegt að þekkja útlit sumargræna trjágróðursins að vetrarlagi.

Vaxtarlag hinna ýmsu tegunda verður allt miklu sýnilegra þegar laufið er fallið og leynd fegurð þeirra kemur í ljós.

Ársprotar og dvalarbrum eru ólík að lit og lögun eftir tegundum, litur og áferð barkarins kemur skýrt fram að vetri og auðvelt er að sjá hvernig greinabygging er ólík á milli tegunda. Á berkinum sitja oft fléttur og mosar sem valda trjánum ekki sérstökum ama en getur gefið þeim sérkennilegri og fallegri svip á veturna en á sumrin.

Sígræn tré eins og furu-, greni- og einitegundir halda útliti sínu að mestu á veturna, en það er gaman að sjá köngla þeirra skreyta trén að vetrarlagi. Þeir framleiða mikið magn fræja sem er fæða fyrir fuglategundir, til dæmis hinn litríka skógarfugl krossnef, sem byggir tilvist sína að miklu leyti á fræi sem könglarnir geyma og er farinn að verpa í íslenskum skógum.

Lauftré halda líka sum hver fræreklum sínum fram á vetur, t.d. íslenska birkið og elritegundir.

Börkur

Mjallarhyrnir, *Cornus alba* 'Sibirica', skartar logarauðum berki á ungum greinum sem sker sig úr flestum öðrum runnagróðri á veturna.

Víðitegundir eru margar í görðum og barkarlitur þeirra er ólíkur milli tegunda. Sumar víðitegundir eru með gráleitan börk á veturna eins og viðja, aðrar hafa börk í mismunandi grænum og brúnum litum. Áferð barkarins er á sama hátt misjöfn.

Næfurhegg má sjá í görðum, börkur hans er koparlitaður og gljáandi og flagnar með tímanum í hringlaga „næfrar“. Venjulegur heggur er með dekkri börk og sýnir ekki þennan eiginleika.

Gullregn er með óvenju ljósgrænan, sléttan börk á yngri greinum. Börkur sígrænu trjánna hefur oft mun grófari áferð en algengt er meðal lauftrjáa og könglarnir geta verið mjög skrautlegir.

Íslenska birkið hefur mjög fjölbreyttan barkarlit, sumir einstaklingar þess hafa mjög dökkan börk meðan aðrir eru gljábrúnir eða nánast snjóhvítir á litinn.

Skófir og fléttur

Trjábörkur er undirlag fyrir margar gerðir litríkra fléttna og skófna sem gefur berkinum óvæntan og sérkennilegan blæ. Þetta getur verið áberandi á eldri trjám með þykkan stofn og greinar, til dæmis reynitegundir og birki. Ekki er ástæða til að óttast að þessar ásætur valdi trjánum skaða.

Brum

Dvalarbrumin hlífa vaxtarsprotunum yfir vetrarmánuðina. Þau eru með ýmsu móti; sum eru lítil og liggja þétt að stofninum meðan önnur eru stór og áberandi, eins og brum asksins sem eru nánast kolsvört og gild.

Alaskaösp hefur einnig nokkuð stór, odddregin brum. Sumar tegundir eru þeirrar náttúru að þær halda sölnuðu laufinu fram eftir vetri til að hlífa brumunum enn frekar. Dæmi um slíkar tegundir eru eik, beyki og myrtuvíðir.

Greinabygging

Það getur verið gagnlegt að þekkja muninn á milli tegunda og jafnvel yrkja þegar meta skal hvernig standa skuli að trjáklippingum, sem oftar en ekki fara fram nú þegar gróðurinn er í dvala. Þá er auðvelt að meta greinabygginguna, hvernig náttúrulegt vaxtarlag er og hvaða greinar er rétt að fjarlægja, stytta og snurfusa.

Sem dæmi er hægt að skoða berjarunna. Rifsrunna þarf að klippa reglulega til að veita sólarbirtu inn í runnann. Á sumrin getur þetta verið erfitt vegna þess hversu þéttir runnarnir verða og líkur eru á skemmdum á ungum greinum.

Á veturna sést líka betur hvar best er að fjarlægja elstu og grófustu greinarnar og móta runnann rétt. Hindberjarunna er sömuleiðis auðveldara að klippa að vetri. Þar er nauðsynlegt að fjarlægja reglulega elstu greinar þeirra til að viðhalda frjósemi runnanna.

Eldri greinar er hægt að þekkja á því að börkur þeirra er dekkri en þær yngri og með grunnum lóðréttum rákum. Sumir skrautrunnar eru með greinarnar beinar, aðrir bogsveigðar og jafnvel slútandi. Hin sjaldséða hengibjörk vekur alltaf athygli með sínum hangandi greinum.

Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu, Reykjum.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Áhrif ójafnvægis á rafmagni á nautgripi geta verið margvísleg og geta til dæmis valdið minni nyt kúa. Mynd / GBE

Dýravelferð:

Jarðtengingar innréttinga og tækja í fjósum mikilvægar

– Straumur hefur bein áhrif á atferli gripa

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Nautgripir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir ójafnvægi á rafmagni, hvort heldur sem er spennu eða straumi, og eru til ótal dæmi um að minni háttar útleiðslur, uppsöfnuð spenna ásamt slökum jarðtengingum hafi haft veruleg neikvæð áhrif á skepnurnar og þar með framleiðslu viðkomandi bús.

Vandamálið er að nautgripirnir eru t.d. miklu næmari fyrir spennu en við mannfólkið og því átta bændur sig oft ekki á því að þetta sé raunverulegt vandamál.

Áhrifin á gripina geta verið margvísleg, en líklega eru algengustu áhrifin minni afurðir og þá sérstaklega nyt kúa. Oftar en ekki er það vegna spennu í kringum drykkjarker sem valda því að þær drekka ekki mikið meira en þær neyðast til og það hefur bein áhrif á afurðasemina. Þetta sést t.d. með því að drykkjarloturnar eru fáar en langar, enda ekki eftirsóknarvert að fá straum í hvert skipti sem granirnar snerta vatnsyfirborðið.

En til eru líka dæmi um færri heimsóknir kúa í mjaltaþjón eða það að sækja þarf margar kýr í mjaltir, vegna þess að þær koma ekki sjálfar inn í mjaltaþjónana o.s.frv.

Oft byrja bændur á því að skoða aðra þætti eins og fóðurgæðin, orkustigið og þess háttar og grunar mögulega ekki að framangreind vandamál séu á ferðinni.

Ekki líklega júgurbólguvaldur

Samkvæmt úttekt áskólans í Wisconsin er ekkert sem bendir til



Jarðtengingar þurfa að vera gerðar af fagfólki og ekki eins og hér sést.



Í Urriðaholti í Garðabæ hefur verið sérstaklega horft til góðs jarðsambands og er þar notað 5 víra dreifikerfi.

þess að minni háttar smáspenna eða straumur sé beinn júgurbólguvaldur, en margir bændur hafa talið svo vera. Ótal rannsóknir hafa verið gerðar á þessu, með mismunandi mikilli spennu, og fylgst með áhrifum á kýrnar og heilsufar þeirra. Hins vegar sýna sömu rannsóknir að straumur hefur bein áhrif á atferli gripanna. Þannig sýna rannsóknir að jafn lítill straumur og 2,5 milliamper hefur áhrif á u.þ.b. 5% kúnna, með öðrum orðum þá eru kýrnar misnæmar sjálfar fyrir straumi.

Sé mælanlegur straumur 4,8 milliamper mælast viðbrögð hjá helmingi gripanna og sé straumurinn 8,5 milliamper má búast við því að svo gott sem allir gripir sýni einhver viðbrögð, en áhrifin geta verið t.d. eyrnakippir eða hreyfing á nösum.

Sem sagt minni háttar og til þess að straumurinn eigi að hafa áhrif á t.d. vatnsneyslu, þá þarf mæligildið að vera þrefalt hærra en hæsta gildið sem hér að framan getur.

Samkvæmt bandarískum leiðbeiningum er bændum ráðlagt að halda mælanlegum straumi innréttinga undir 2 milliamperum.

Sótti þriðjung kúnna í mjaltir

Það eru til mörg sláandi dæmi um þetta og í Danmörku hefur verið lögð töluverð áhersla á að koma í veg fyrir vandamálið. Oft er vel búið að öllu þegar fjós eru tekin í notkun en svo byrja vandamálin mögulega hægt og rólega.



Lélegur frágangur getur haft mjög slæm áhrif á nautgripi.

Þetta var t.d. tilfellið hjá bóndanum Jakob Skov, sem á kúabú með því skemmtilega nafni Hestbækgård, en hann er með 300 kýr og mjaltaþjóna.

Á búinu hafði hann ekki orðið var við nein vandamál fyrr en hann fékk sér viftur til að kæla kýrnar. U.þ.b. ári síðar fóru þær að vera óþekkar við að fara sjálfar í mjaltir og hægt og rólega jókst fjöldi þeirra kúa sem þurfti að sækja og endaði í þriðjungi þeirra. Hann þurfti sem sagt að reka 100 kýr í mjaltir á hverjum degi! Þegar þarna var komið var hann búinn að reyna að laga fóðrið og gera ýmislegt en athugaði ekki hvort einhvers staðar væri útleiðsla eða uppsöfnuð spenna. Í ljós kom að vifturnar voru vandamálið og þurfti að jarðtengja þær almennilega.

Ástæðan fyrir því að þetta kom ekki strax í ljós, þ.e. þegar vifturnar voru settar upp, var líklega sú að vifturnar voru upphaflega ekki rétt jarðtengdar og fór því spenna að hlaðast upp við þær og magnast þegar á leið. Haft hefur verið eftir Jakob Skov að hann láti nú mæla allt upp reglulega, vitandi að slit á rafmagnstækjum og -tólum getur haft svona mikil áhrif.

Mistök ekki eina skýringin

Þó svo að oftast megi rekja vandamálið til þess að gerð hafa verið einhver mistök við lagningu á raflögnum eða hönnun á raftækjum, þá er það ekki alltaf tilfellið.

Þegar rafmagnstæki slitna getur vandamálið einnig farið að gera vart við sig, en einnig getur einfaldlega staðsetning raftækja haft svipuð áhrif samkvæmt reynslu bænda í Danmörku.

Hafa allt jarðtengt

Það sem er mikilvægast fyrir nautgripina er að hafa bæði raflagnir og raftæki vel jarðtengd og tryggja að jarðtengingin sé raunveruleg, þ.e. nái að leiða vel niður í jarðveginn en til eru mörg dæmi um lélega jarðtengingu húsa og að jafnvel hafi þurft að grafa djúpt niður eða bora í jarðveg til að fá jarðtengingu sem virkar. Þá er gríðarlega mikilvægt að allar stál-innréttingar séu vel og rétt tengdar saman við jarðtenginguna, svo smáspenna geti hvergi hlaðist upp og þannig haft áhrif á gripina.

Þess má geta að í hinu nýja hverfi í Garðabæ, Urriðaholti, hefur verið sérstaklega horft til góðs jarðsambands og er þar notað 5 víra dreifikerfi rafmagns í stað hins hefðbundna fjögurra víra kerfis. Fimmti vírinn, sem er sérstakur jarðvír, er tengdur úr hverju húsi við sérstök jarðskaut sem boruð hafa verið víða í Urriðaholti. Tilgangurinn með þessu bætta jarðsambandi er m.a. að koma burtu yfirtíðni, sem ótal straumbreytar og ljósdeyfar valda, og um leið að koma í veg fyrir önnur straumvandamál

Hvar á að mæla?


Danskir ráðgjafar leggja til að bændur passi upp á að fjarlægja rafmagnstæki sem ekki eru lengur í notkun og skoða vel hvort fjósin séu vel og rétt jarðtengd. Þá er mælt með því að fá fagmenn, sem nota stafræn mælitæki, til að mæla út fjósin og athuga hvort smáspenna eða útleiðsla sé í raun vandamál.

Séu rétt mælitæki notuð er hægur vandi að skrá niður mælingarnar fyrir og eftir breytingar og þar með sjá svart á hvítu hvort tekist hafi að leysa vandamálið. Sérstaklega skal mælt á þeim stöðum sem hafa áhrif á gripina og þeirra algengustu snertifleti við umhverfið.

Þá hafa oft fundist vandamál í rafmagnstöflum, sérstaklega vegna lausra tenginga, sem mikilvægt er að láta skoða. Enn fremur er algengt að það finnist vandamál og útleiðslur við fóðurkerfi og mykjudælur sem og við spennubreyta almennt. Rétt er að geta þess að ef það mælast vandamál annars staðar, þ.e. ekki á stöðum þar sem gripirnir ganga um eða komast í snertingu við, þá er það ekki eitthvað sem skiptir gripina máli þar sem þeir eru ekki næmir fyrir óbeinum áhrifum.











LANDGRÆÐSLA





Moldir norðan við Bláfell á Biskupstungnaafrétti er eitt af fjölmörgum svæðum sem grædd hafa verið upp en þar vinnur Landgræðslufélag Biskupstungna að uppgræðslu með styrk úr Landbótasjóði.

Landbótasjóður Landgræðslunnar

Landbótasjóður Landgræðslunnar hefur verið starfræktur frá árinu 2003. Eitt af markmiðum hans er að hvetja umráðahafa lands til verndar og endurheimtar vistkerfa (lög nr. 155/2018).

Landgræðslan fjármagnar sjóðinn en öðrum er það einnig heimilt. Sjóðurinn hefur frá upphafi styrkt landbótaverkefni, um allt land, hjá landeigendum, félagasamtökum, sveitarfélögum og öðrum umráðahöfum lands.

Vinnulag

Árlega er auglýst eftir umsóknum í sjóðinn en við ákvörðun um styrkveitingu er lögð áhersla á verkefni sem miða að;

- stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingu
- endurheimt gróðurs og jarðvegs
- sjálfbærri landnýtingu

Innan Landgræðslunnar er starfrækt verkefnanefnd og yfirfer hún allar umsóknir sem berast, metur kostnað við þær og gerir tillögu að úthlutun til landgræðslustjóra. Einstök verkefni geta hlotið styrk til allt að 5 ára enda fylgi tímasett landbótaáætlun með umsókn. Meginreglan er að styrkur getið numið allt að 2/3 hluta af reiknuðum heildarkostnaði við vinnu og kaup á aðföngum.

Að landbótaaðgerðum ársins loknum þarf styrkþegi að skila inn upplýsingum um magn áburðarefna og staðsetningu aðgerða (GPS staðsett) til að styrkur sé greiddur.

Aðgerðir eru skráðar í gagnagrunn sem síðan er skilað inn í loftslagsbókhald Íslands.

Úthlutanir úr Landbótasjóði


Árið 2022 hlutu 94 verkefni styrk úr Landbótasjóði að heildarupphæð 99,3 milljónum króna, auk fræs sem Landgræðslan útvegar þar sem þess gerist þörf. Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir styrki frá árinu 2008–2022. Þar má sjá að styrkir úr Landbótasjóði hafa á undanförnum árum hækkað og var stærsta úthlutun úr sjóðnum í fyrra.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann styrkt 177 verkefni um land allt og nemur heildarstyrkupphæð um 1.060 milljónum króna frá stofnun hans, á verðlagi ársins 2022. Í þessari tölu er mótframlag styrkþega ekki talið, en gróft má áætla að það sé á bilinu 400–800 milljónir á tímabilinu. Samtals má því áætla að heildarkostnaður við landbótaverkefni sem Landbótasjóður hefur komið að sé á bilinu 1,4 til 1,8 milljarðar króna. Eru þá ótalin gríðarmörg verkefni þar sem landeigendur og aðrir umráðahafar lands hafa unnið að landbótum án aðkomu Landbótasjóðs.

Unnið hefur verið að landbótum á um 72 þúsund hekturum frá stofnun sjóðsins þar sem grædd hafa verið upp rofabörð, moldir og melar svo fátt eitt sé nefnt. Nýttur hefur verið tilbúinn og lífrænn áburður til verksins auk fræs.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Landbótasjóð og er umsóknarfrestur til 22. janúar nk. Frekari upplýsingar um sjóðinn sem og umsóknarform er að finna á heimasíðu Landgræðslunnar land.is, en einnig veita héraðsfulltrúar Landgræðslunnar um land allt upplýsingar um sjóðinn.

Garðar Þorfinnsson.



Úthlutaðir styrkir úr Landbótasjóði fyrir árin 2008–2022.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Í lok nóvember stóð RML fyrir fundum um áburðarmál á tíu stöðum dreift um landið. Mæting á fundina var góð og umræður góðar um málefni tengd áburði, jarðrækt og fleiru. Myndir / ÞG og EL

Áburðaráætlanir

Í lok nóvember síðastliðinn voru á vegum RML haldnir fundir þar sem umræðuefnið var áburður og þættir tengdir honum.



Eiríkur Loftsson.

Voru fundirnir haldnir víða um landið og var fundarsókn ágæt. Rædd voru ýmis atriði sem hafa þarf í huga þegar kemur að vali á tilbúnum áburði og þættir sem hafa áhrif á nýtingu hans, bæði tilbúins áburðar og lífræns áburðar. Margir þættir hafa áhrif á hve mikið þarf að bera á. Ætla má að margir bændur séu nú, og á komandi vikum, að huga að áburðarkaupum og gera áburðaráætlanir fyrir vorið. Þegar gerðar eru áburðaráætlanir er gott að hafa í huga nokkur atriði sem m.a. voru rædd á fundunum.

Mikilvægt er að halda vel utan um hjálplegar upplýsingar varðandi áburðarnotkun t.d. með góðum skráningum í Jörð. Í þessu sambandi má nefna notkun tilbúins og lífræns áburðar s.s. búfjáráburðar, en einnig atriði sem geta sagt til um árangur svo sem sláttutíma, magn og gæði uppskeru svo eitthvað sé nefnt. Áburðarþarfir má áætla út frá töflugildum sem m.a. er að finna á heimasíðu RML (undir ráðgjöf/jarðrækt/áburður).

Nýræktir þurfa meiri áburð enda eiga þær að gefa meiri uppskeru en eldri tún þar sem hlutfall sáðgresis hefur minnkað eða horfið. Í hvaða gripi heyin eru ætluð og kröfur um orku og efnainnihald uppskerunnar getur einnig haft áhrif á ákvörðun um þarfir fyrir einstök áburðarefni.

Gerð jarðvegs hefur áhrif á áburðarþörf og í túnum sem fá samfelda og góða áburðargjöf

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Endurskoðun sauðfjársamnings

Nú er árið 2023 runnið upp og fram undan er endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Væntingar sauðfjárbænda til endurskoðunar eru talsverðar og í upphafi samtals bænda og ríkisins er rétt að rifja upp hver sé tilgangur búvörulaga.



Trausti Hjálmarsson.

Í 1. grein búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum er tilgangur laganna alveg skýr og þá er ef til vill ágætt að velta fyrir sér hversu vel hefur gengið að framfylgja lögunum.

I. kafli. Tilgangur laganna og orðaskýringar.

1. gr. Tilgangur þessara laga er:

a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,

b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,

c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,

d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,

e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,

f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

Við, sem þekkjum til landbúnaðarins, sjáum strax að það er einkum d. liður sem vekur athygli okkar. Ekki hefur tekist að tryggja sauðfjárbændum sanngjarna af komu.Það hefur afkomuvöktun RML sýnt okkur og skýrslaByggða stofnunar frá síðasta vori staðfestir það. Starf bóndans krefst sérhæfingar, sérþekkingar á mörgum sviðum framleiðslu og dýravelferðar, ábyrgðar á framleiðslu matvæla og margra annarra sérhæfða þátta.

Við þurfum að horfa til starfa bænda af virðingu og hlusta eftir þeirri skýlausu og sanngjörnu kröfu að sauðfjárbændur hafi tekjur sambærilegar við aðrar stéttir sem þurfa að bera sömu og eða svipaða ábyrgð. Lengi vel var það vandi sauðfjárbænda að búa ekki að gögnum eða upplýsingum sem studdu við kröfur þeirra um bætt lífskjör. Það hefur þó mikið áunnist í þeim efnum á síðustu árum og stöndum við mun betur í dag heldur en við gerðum fyrir sjö árum.

Til að halda áfram á réttri braut með það að markmiði að búgreinin nái árangri og þar með að styrkja okkar stöðu þurfum við að nýta öll verkfæri sem til eru í verkfærakistunni. Þess vegna verðum við að líta til þess að það er alveg skýrt í búvörulögum að verðlagsnefnd búvara skuli meta framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú:

[Verðlagsnefnd metur framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú.] Miða skal við kostnaðarútreikninga er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir meðalbús sem er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður. Tilgreina skal ársvinnu á sauðfjárbúi af stærð sem miðað er við og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Mat verðlagsnefndar skal taka til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka sauðfjárafurða.

Í ljósi þessa sendu Bændasamtökin, 20. desember sl., beiðni til verðlagsnefndar búvara þess efnis að meta framleiðslukostnað sauðfjárafurða og í framhaldinu eigum við að berjast fyrir því að fá verðlagsgrunn fyrir sauðfjárafurðir. Þetta verðum við að hafa með okkur þegar kemur að því að endurskoða samninga við ríkið því að markmið okkar hlýtur að vera að ná tilætluðum árangri í gegnum búvörusamninga.

Sauðfjárbændur eru reiðubúnir í samtalið um endurskoðun sauðfjársamnings á þessum grunni. Sameiginlega getum við fundið leiðirnar að bættum kjörum.

Bætt kjör bænda, betri líðan, betri búrekstur.

Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda.

byggist upp aukin frjósemi jarðvegs, ekki síst ef um er að ræða árlega eða nær árlega notkun á búfjáráburði. Með tímanum ætti því áburðarþörf þeirra að minnka. Hafa þarf í huga að uppsöfnun næringarefna í jarðvegi er mest í efstu u.þ.b. 5 sm jarðvegsins svo að þegar tún eru plægð verður þessi forði ekki aðgengilegur sáðgresinu í nýræktum fyrstu árin nema að litlu leiti.

Áburðaráætlanir ættu að taka mið af notkun búfjáráburðar og annarra lífrænna áburðargjafa. Til að það sé hægt þarf að vera ljóst hve mikið var borið á af honum, en einnig þarf að taka mið af dreifingartíma til að meta nýtingu einstakra næringarefna. Nýting á köfnunarefni í búfjáráburði er mjög háð dreifingartíma og aðstæðum við dreifingu og nýting á kalí einnig en þó minna. Notkun á töflugildum um efnainnihald búfjáráburðar getur gefið ranga mynd af því hvað er borið á því efnagreiningar á búfjáráburði sýna ólíkar niðurstöður milli búa um magn og hlutföll af N, P og K. Einnig er mikilvægt að vita hvert þurrefni búfjáráburðarins er við dreifingu, einkum þó þegar um mykju er að ræða.

Niðurstöður jarðvegs- og heysýna hjálpa til við að meta áburðarþarfir. Jarðvegssýni segja til um aðgengilegt magn næringarefna í jarðvegi en heysýnaniðurstöður hvernig áburðargjöfin hefur skilað sér í heyin. Lágt innihald einstakra efna í heyjum getur gefið til kynna að viðkomandi næringarefni takmarki magn uppskeru. Það getur gerst þó svo að plönturnar sýni ekki einkenni um skort. Að sama skapi geta heysýni sýnt óhóf í notkun einstakra næringarefna í áburði.

Með óbeinum hætti má segja að dreifing áburðar hafi áhrif á áburðarþörfina því góð dreifing gerir það að verkum að áburðurinn nýtist betur. Að áburðardreifarinn sé í lagi og rétt stilltur, skörun dreififerða sé rétt og veðurskilyrði við dreifingu hagstæð eru þættir sem skipta máli. Einnig ætti að nýta jaðardreifingu á áburðardreifurum sem bjóða upp á þann möguleika og gps búnaður hefur sannað gildi sitt til að bil milli ferða á túninu verði sem jafnast.

Árferði og veðurfar hefur áhrif á sprettu og nýtingu áburðar, en einnig og stundum ekki síður þættir er varða ástand jarðvegs. Þar má nefna of blautan jarðveg t.d. þegar viðhaldi framræslu er áfátt eða þurrlend tún sem skortir vatn og eru gjörn á að spretta lítið eða ekki í þurrkatíð.

Sýrustig jarðvegs hefur einnig áhrif á nýtingu næringarefna og kölkun jarðvegs því mikilvæg þar sem sýrustig hans er of lágt. Til að ná sem bestri nýtingu helstu næringarefna þarf sýrustig jarðvegs (pH-gildi mælt i vatni) að vera 6-7. Til að hækka sýrustig (pH-gildi) sem er of lágt þarf að kalka. Kalkgjafar sem notaðir hafa verið í þessu skyni eru ólíkir að gerð og efnainnihaldi og virkni þeirra hraðari þegar kornastærðin er lítil s.s. duft eða kornað kalk.

Eftir því sem við höfum meiri og betri upplýsingar um þá þætti sem hér hafa verið nefndir að ofan því betur erum við í stakk búin að setja réttar áburðaþarfir fyrir einstök tún. Bændur sem hafa hug á að fá áburðaráætlun gerða hjá RML eru hvattir til að hafa samband sem fyrst.

Eiríkur Loftsson,
ráðunautur í jarðrækt hjá RML.





Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.

Erum með 50 sölustaði um allt land.

Kíktu á heimasíðuna okkar eða hafðu samband við okkur með upplýsingar um sölustað í þínu nágrenni.

Sokka Kompaníið ehf.
info@socks2go.eu
s.831-8400
www.socks2go.is

SOCKS2GO

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.
Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.
Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.
Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.


KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR




AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Stóru málin

Það er ágætur siður í upphafi árs að fara yfir það sem er liðið. Á búgreinaþingi deildar sauðfjárbænda sem var haldið í mars 2022 var sleginn ákveðinn taktur fyrir starf deildarinnar.

Þar var fyrst og fremst lögð áhersla á tvö mál; annars vegar stöðvun á tilfærslu greiðslumarks og hins vegar afkoma sauðfjárbænda.



Trausti Hjálmarsson.

Stöðvun á tilfærslu greiðslumarks hafnað af ráðherra

Á búgreinaþingi 2022 kom enn og aftur fram skýr vilji bænda til að stöðva fyrirhugaða niðurtröppun greiðslumarks um áramótin 2022-2023. Stjórn búgreinardeildarinnar fylgdi málinu eftir við ráðherra matvæla með erindi sem sent var inn til ráðuneytisins 6.apríl. Ráðuneytið gaf svo færi á samtali um erindið 22. ágúst.

Á þeim fundi komu forsvarsmenn búgreinardeildarinnar fram skýrum vilja bænda og deildarinnar til að stöðva niðurtröppun greiðslumarks. Ráðuneytið taldi ekki þörf á að verða við þessari beiðni bænda að svo stöddu. Verkefni stjórnar í framhaldinu var að vinna frekari greiningar á áhrifum niðurtröppunar og færa ráðuneytinu frekari rök fyrir skýrri kröfu sinni. Það er skemmst frá því að segja að ráðuneytið féllst ekki á rök bænda í málinu, erindinu var hafnað og lá sú niðurstaða fyrir í október.

Stjórn deildarinnar ákvað í framhaldinu að skoða heimildir framkvæmdanefndar búvörusamninga til að færa á milli liða innan samnings. Það er skilningur Bændasamtakanna að framkvæmdanefndin hafi skýra heimild til að færa á milli liða allt að 20% á ári hverju en ekki megi færa af beingreiðslum út á greiðslumark. Aftur á móti megi færa af öðrum liðum yfir á beingreiðslur út á greiðslumark.

Á fundi framkvæmdanefndar búvörusamninga sem var haldinn 14. desember 2022 kom fram sá skilningur ríkisins að ekki sé heimilt að færa af öðrum liðum yfir á greiðslumark. Á öðrum fundi framkvæmdanefndar sem var haldinn 21. desember 2022 lagði ríkið fram lögfræðiálit túlkun sinni til stuðnings. Þessi niðurstaða er þvert á skilning bænda og Bændasamtakanna. Ljóst er að upp er kominn ágreiningur um framkvæmd samningsins.

Bændasamtökin sendu í framhaldinu kröfu á ráðuneyti matvæla sem og ráðuneyti fjármála dags. 28.12 2022 þar sem farið er fram á að gerðardómur kveði upp dóm í málinu. Skýrt er í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar að gerðardómur skeri úr um ágreining um framkvæmd samnings. Bændasamtökin hafa tilgreint Þórð Bogason hæstaréttarlögmann sem sinn fulltrúa í gerðardóm og lagt til að Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis verði oddamaður í gerðardómi.

Stjórn búgreinadeildar sauðfjárbænda telur nauðsynlegt að skorið verið úr um þetta fyrir endurskoðun sauðfjársamnings. Það er best fyrir báða samningsaðila.

Afurðaverð hækkar en afkoman ennþá óviðunandi

Afkoma sauðfjárbænda var til umfjöllunar á búgreinarþingi sauðfjárbænda og komu fram miklar áhyggjur þingfulltrúa af stöðu greinarinnar. Áherslur búgreinardeildarinnar um mannsæmandi afkomu birtust bændum og afurðastöðvum strax síðastliðinn vetur af miklum krafti. Margar greinar voru skrifaðar, eyrum fjölmiðla náð, sauðfjárbændur fengu kærkomna áheyrn og jákvæða. Það var ljóst að verulegra breytinga var þörf, ef ætti að vera grundvöllur fyrir áframhaldandi framleiðsluvilja sauðfjárbænda. Ríkið brást við alvarlegri stöðu landbúnaðar með góðri innspýtingu fjármagns til að koma til móts við verulegar aðfangahækkanir í búrekstri.

Var það mikilvægt skref og lýsti skilningi ríkisins á alvarlegri stöðu landbúnaðarins.

Þegar kom að sláturtíð höfðu talsverðar breytingar átt sér stað. Afurðastöðvar í kjötiðnaði höfðu allar birt verð til bænda talsvert fyrr en undanfarin ár. Endanleg niðurstaða varð 35,5% leiðrétting á verði til sauðfjárbænda að meðreiknuðum álagsgreiðslum. Þess má jafnframt geta að nú í desember boðaði Sláturfélag Suðurlands svo 5% uppbótargreiðslur á allt innlegg síðasta árs. Það er kærkomin viðbót og gefur tóninn fyrir aðrar afurðastöðvar að gera betur við sína innleggjendur.

Rétt er að taka fram að framkomnar verðhækkanir á afurðaverði tryggja sauðfjárbændum ekki viðunandi afkomu, en eru engu að síður nauðsynleg leiðrétting og gott skref í áttina að sanngjarnri afkomu okkar sauðfjárbænda.

Þegar horft er á sölutölur til 1. desember 2022 þá gefa þær fullt tilefni til bjartsýni. Salan virðist hafa haldið sér og markaðurinn tekið við þeim verðbreytingum sem urðu á sauðfjárafurðum á nýliðnu ári. Birgðir eru um 1.000 tonnum minni en voru á sama tíma fyrir ári. Ljóst er að með áframhaldandi ferðamannstraumi til landsins og réttri markaðssetningu á okkar góðu afurðum þá er ekki ástæða til annars en að ætla að afkoma bænda styrkist enn frekar á nýju ári.

Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda.





Parma skinka, verndað afurðaheiti merkt íslensku vörumerki.

Vernduð afurðaheiti auka tekjur

Fjöldi evrópskra afurðaheita eru vernduð á íslenskum markaði og njóta vaxandi vinsælda neytenda, milliríkjasamningur um verndina hefur gilt í nokkur ár.



Hafliði Halldórsson.

Tækifæri til þess að nýta verndina á íslenskar vörur liggja í augum uppi að mati undirritaðs.

En verndin og kostir hennar fyrir íslenska hagsmuni hafa nánast enga kynningu fengið né opinbera umræðu. Í greininni og í næstu blöðum er gerð tilraun til að bæta úr og setja fram á einfaldan hátt, hvað um ræðir og hvernig megi hagnýta verndina fyrir íslenskar afurðir.

Hvers vegna verndun?

Verndin snýst fyrst og síðast um viðskipti, aukið virði afurða og gagnsæi. Var því komið á innan Evrópusambandsins fyrir 30 árum til að stuðla að verndun einstakra afurða, hefða, hráefna, landfræðilegrar stöðu og líffræðilegrar fjölbreytni. Verndin skilar merktum vörum að jafnaði 15-20% hærra útsöluverði.

Hjálpar neytendum við val á merktum gæðavörum og er verkfæri framleiðenda til aðgreiningar við markaðssetningu afurða sinna. Eitt yfirlýstra markmiða verndarinnar er að dreifbýl svæði njóti áhrifa hennar með beinum fjárhagslegum hætti.

Verndin er einnig talin til hugverka, sem hefur gríðarlega þyngd í baráttu gegn matvælasvindli. ESB styður sinn landbúnað með öflugum verkfærum og langtímahugsun eins og dæmin sanna, upprunaverndin nýtist evrópskum hagaðilum vel. En kerfið býðst einnig til afnota öllum þjóðum sem þess óska og nota m.a. allir nágrannar okkar kerfið til að draga fram sérstöðu og auka tekjur.

Íslensk lög um upprunavernd

Lög um vernd afurða voru staðfest 2014 og gagnkvæmur samningur við ESB er hér í gildi. Má því enginn íslenskur framleiðandi stæla eða „stela“ skráðum afurðaheitum. Af þeim sökum hafa íslensk fyrirtæki þurft að breyta nöfnum á sínum vörum til að fylgja lögunum. Hins vegar eru ekki dæmi um notkun íslenskra framleiðenda með skráningum enn sem komið er. Það er áhugavert að skoða hvers vegna jákvæðu þættir verndunarinnar hafa ekki verið nýttir af Íslendingum.

PDO logo.

Upprunatilvísun logo.

M.ö.o., íslensk fyrirtæki vinna eftir þeim hluta upprunaverndar sem getur skert þeirra tekjur og bannar notkun þekktra erlendra heita. En hafa ekki hagnýtt kerfið til að auka tekjur og virði sinna afurða, hefða og hráefna.

Undirritaður telur að það megi helst rekja til þess að verndin hefur afar takmarkað verið kynnt hér, einföld vefleit á íslensku styður þá skoðun. Textar um verndina á aðgengilegu mannamáli eru í mýflugumynd, en áhugamenn um reglugerðir og lögfræðitexta geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þá er enn ríkt í okkur Íslendingum í öllum atvinnugreinum, og því miður of mörgum bændum, að horfa á okkar matvælaframleiðslu sem framleiðslu og sölu hráefna. En ekki hampa því sem sannarlega hefur sérstöðu og getur aukið virði einstakra hrávöruflokka og afurða.

Frönsk og forn fyrirmynd upprunaverndar

Fyrirmynd evrópskrar upprunaverndar er elsta verndarkerfi heims, „appellation d'origine contrôlée (AOC)“, sem komið var á fót í Frakklandi til aðgreiningar og verndunar á víni. AOC verndar í dag mörg þekktustu vín og matvörur heims, eins og Kampavín, Roquefort og Comté osta. Vernd á frönskum matvörum nær allt aftur til 1411, þegar stjórnvöld hlutuðust til um vernd Roquefort. AOC var þróað fyrir vín, og í meginatriðum eins frá lokum fyrri heimsstyrjaldar til 1990.

Þá var kerfið opnað að fullu fyrir franskar matvörur og í framhaldi tekið upp af ESB. Framleiðendur í öllum heimsálfum hafa nýtt tækifæri innan evrópsku verndarinnar og yfir 5.000 skráningar eru nú í kerfinu, sem hefur löngu sannað sig sem sterkasta verndin fyrir vörur með sannarlega sérstöðu.

Einföld útskýring á vernduðum afurðaheitum:

PDO (e. Protected Designation of Origin) er efsta stig verndar sem vísar til þess landsvæðis sem varan er upprunnin á og framleidd, íslenska heitið er: Uppruna tilvísun, til þessa hafa einungis íslenskt lambakjöt og íslensk lopapeysa sótt íslenska hluta verndarinnar. PGI (e. Protected Geographical Indication) er næstefsta stig verndar, á íslensku: Landfræðileg tilvísun.

TSG (e. Traditional speciality guaranteed) er lægsta stig verndar, á íslensku: Hefðbundin sérstaða, GI (e. Geographical indication of spirit drinks), undirrituðum er ekki fullljóst hvort þessi hluti sem nær yfir brennda drykki hefur hlotið vernd hérlendis, en veit af áhuga íslenskra fyrirtækja á slíkri skráningu. A.m.k. er ekki neitt slíkt að finna á vef MAST sem annast móttöku umsókna.

Hafliði Halldórsson,
verkefnastjóri á markaðssviði BÍ

LESENDARÝNI

Hvar eru Bændasamtökin?

„Hvar eru Bændasamtökin?“ er algeng spurning sem heyrist oft á meðal bænda og í flestum tilvikum með neikvæðum undirtón.



Birgir Þór Haraldsson.

Flestir þeir sem hafa starfað og starfa í félagsmálum af einhverju tagi vita að aðeins hluti þess sem er gert er sýnilegt. Þetta er eins og með ísjakann að aðeins lítill hluti sést á yfirborðinu.

Niðurtröppun á greiðslumarki sauðfjárbænda var mikið í umræðunni á síðastliðnu ári sem og árin á undan. Fram hefur komið í greinaskrifum bænda og formanns búgreinadeildar sauðfjárbænda að söguleg sátt náðist um þetta tiltekna mál. Málið á sér nokkuð langan aðdraganda og því mikil vonbrigði þegar matvælaráðherra hafnaði beiðni bænda um að stöðva niðurtröppun sem gekk núna í gegn um áramót.

Í þessu máli fóru Bændasamtökin fram með miklum krafti. Stjórn BÍ óskaði eftir því við framkvæmdanefnd búvörusamninga að nýta heimild nefndarinnar, skv. 7. gr. reglugerðar nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt, til að færa fjármuni milli einstakra samningsliða. Þar er átt við að færa 20% framlaga ársins 2023 til býlisstuðnings, ullarnýtingar og fjárfestingarstuðnings yfir á beingreiðslur ársins. Tillagan felur í sér að um helmingur niðurtröppunar greiðslumarks verði fluttur til baka og þannig minnka áhrif niðurtröppunar á greiðslumarkið.

Matvælaráðuneytinu hafði þó ítrekað verið bent á möguleika þann að rýmka reglugerðina þannig að hægt væri að flytja alla upphæðina aftur yfir á greiðslumarkið. Fundað var um málið 14. desember sl. og aftur viku seinna. Ekki náðist samstaða um þessa túlkun reglugerðar af hálfu matvælaráðuneytis og því farin sú leið að skjóta því til gerðardóms.

Það má ýmislegt segja um málsmeðferð matvælaráðherra í þessu máli en í öllu falli eru það mikil vonbrigði að hún hafi hunsað skýran vilja Bændasamtakanna sem samkvæmt búvörulögum fara með samningsumboð bænda.

Ég vil þakka Bændasamtökum Íslands fyrir framgöngu sína í þessu máli og fylgja eftir samþykktum frá búgreinaþingi sauðfjárbænda. Ég hvet þau til að fylgja málinu fast eftir á komandi misserum og þannig standa með vilja bændanna sem standa þeim að baki.

Þökkum það sem vel er gert og Bændasamtökin hafa sannarlega unnið vel í þessu máli. Annað mál sem sauðfjárbændur ræða mikið og kom m.a. fram á búgreinaþingi sauðfjárbænda er hækkun á afurðaverði. Ég tel að Bændasamtökin hafi fylgt því máli vel eftir sem skilaði sér í hækkuðu afurðaverði síðastliðið haust. Réttlátt afurðaverð á að vera aðal baráttumál sauðfjárbænda hverju sinni.

Birgir Þór Haraldsson,
Kornsá í Vatnsdal.

Þorrablót og skemmtanir um allt land



Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0m

SKESSUHORN 2012




STURTUVAGNAR
Burðargeta 7-18 tonn

þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf
Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhauksson@hhauksson.is

Harðskafi



Kurlari fyrir traktorinn
RPM 1000 - max 25cm – 90HP+
Kr 1.457.000 m. vsk
Kr 1.175.000 án vsk



Sturtuvagn 2ja tonna
Þrjár fellanlegar hliðar
Kúlutengi og traktorstengi
Kr 595.200 m. vsk
Kr 480.000 án vsk



Beltagrafa 1,2 tonn
Frábær vél í sveitina
Kr 2.207.200 m. vsk
Kr 1,780.000 án vsk



Kurlari fyrir traktorinn
RPM 540 - max 14,8cm – 25HP+
Kr 886.600 m. vsk
Kr 715.000 án vsk



Sveiflukóngurinn
Sláttuvél 240cm fyrir hagasláttinn
AGF 240 – RPM 540 – 60HP+ 65° ↓ 90° ↑
Snyrtir hagann, vegaxlir og hverskyns órækt
Kr 1.233.800 m. vsk
Kr 995.000 án vsk



Hnífatætari PTO
230cm - RPM 540 – 70HP+
Kr 861.800 m. vsk
Kr 695.000 án vsk



Kurlari 6,5hp bensínvél
Fyrir mest 8cm sverar greinar
Frábær í sumarbústaðinn til að breyta greinum í kurl til að setja í beð og stíga.
Kr 229.400 m. vsk
Kr 185.000 án vsk



Rafbörur 4x4 48V
Kr 520.800 m. vsk
Kr 420.000 án vsk



Skrapatól 180cm
Kr 279.000 m. vsk
Kr 225.000 án vsk



Kurlari PTO
Kr 452.600 m. vsk
Kr 365.000 án vsk



Snjóblásari PTO 210cm
Kr 985.800 m. vsk
Kr 795.000 án vsk



Sláttuvél ATV EL 120
Kr 527.000 m. vsk
Kr 425.000 án vsk



Stubbatætari
Kr 353.400 m. vsk
Kr 285.000 án vsk



Fellikassi 200cm
Kr 248.000 m. vsk
Kr 200.000 án vsk



Skógarkló
Kr 179.800 m. vsk
Kr 145.000 án vsk



TMC CANCELA



Dreifari 59L
Kr 68.200 m. vsk
Kr 55.000 án vsk



Dreifari 56L
Kr 59.520 m. vsk
Kr 48.000 án vsk



Dreifari 26L
Kr 74.400 m. vsk
Kr 60.000 án vsk



Sveitakassi 150cm
Kr 161.200 m. vsk
Kr 130.000 án vsk

www.hardskafi.is Janúar 2023 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is

LESENDARÝNI

Þankar um kolefnislosun/bindingu í sauðfjárrækt

Sífellt fleiri jarðarbúar gera sér grein fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda, einkum kolefnis (í formi CO2), ógnar framtíð mannkyns.



Ari Teitsson.

Samdráttur í losun virðist því brýnasta viðfangsefni heimsbyggðarinnar, um það mikið rætt og ritað og margvíslegar breytingar fyrirhugaðar eða komnar til framkvæmda. Við slíkar aðstæður verður að gera ráð fyrir að ekki séu allir á einu máli og veruleg hætta á að hagsmunaöfl dragi umræðu og jafnvel framkvæmdir í farvegi sem ekki eru endilega þeir réttustu eða skynsamlegustu.

Svo sem vænta má er ljósinu m.a. beint að helstu atvinnuvegunum enda þeir hreyfiaflið.

Matvælaráðherra setti nýlega fram sýn á matvælaframleiðslu árið 2040 og þar segir í fjórða lið:

„Matvælaframleiðsla er kolefnishlutlaus og kolefnisjöfnun byggir á náttúrumiðuðum lausnum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.“

Því virðist ljóst að atvinnuvegir, ekki síður sauðfjárrækt en aðrir, eiga mikið undir því að mælieiningar kolefnislosunar/bindingar séu traustar og óvilhallar.

Losun/binding jarðræktar

Í almennri umfjöllun um kolefnislosun í sauðfjárrækt virðast tveir þættir afgerandi, þ.e. losun frá framræstu ræktarlandi og losun metan frá meltingarvegi. Í grunngögnum losunarbókhalds er gert ráð fyrir að losun CO_2 frá framræstu ræktarlandi sé um 19,5 tonn CO_2 ígilda á ha á ári, ýmsir fyrirvarar eru þó gerðir við þessa niðurstöðu. Nýlegar rannsóknir hafa þó sýnt allt aðra niðurstöðu. Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir *(A novel approach to estimate carbon loss from drained peatland in Iceland)* áætlaði í rannsókn sinni sem birt var 2017 að langtímalosun CO_2 á framræstu landi væri að meðaltali 6,2 tonn á ha á ári í þeim jarðvegi sem athugunin náði til. Þóroddur Sveinsson og fleiri gerðu sambærilegar rannsóknir á framræstu landi á tveimur stöðum í Skagafirði, í Kýrholti og í Hegranesi *(Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi).* Meðaltal mælinga í Kýrholti sýndu 5,1 tn CO_2 árlega meðallosun á ha frá framræslu fyrir 70 árum. Í Hegranesi virtist árleg meðallosun 1,0 tn CO_2/ ha yfir 55 ára tímabil. Rétt er að nefna að í rannsóknum Gunnhildar voru efstu 5 cm jarðvegs í framræsta landinu undanskildir og kolefnisbinding vegna ræktunar því raunar ekki inni í niðurstöðum. Því mælir rannsóknin ekki mismun nettólosunar í framræstu og óframræstu landi.

Meðaltal þessara þriggja niðurstaðna sýnir um 4,1 tn CO_2/ha árlega losun og verður sú losun lögð til grundvallar við útreikninga hér að neðan. Hafa verður þó í huga að hér er áætluð árleg meðallosun yfir lengri tíma en afar ólíklegt er að árleg losun sé jöfn yfir tímabilið og ætla má að hún sé mest fyrst og lítil sem engin eftir ákveðinn árafjölda.

Mismunur á grunngögnum losunarbókhalds og ofangreindum tölum úr nýjum innlendum rannsóknum er svo mikill að þörf á frekari rannsóknum virðist augljós. Ýmsir þættir geta valdið þessum mikla mun. Því er ef til vill nærtækast að velta fyrir sér hvað gerist í raun þegar land er framræst og síðan tekið til ræktunar. Ætla má að fyrst eftir framræslu sé veruleg kolefnislosun þegar aukið loft kemst að efstu jarðlögum framræsta landsins. Líklegt er að með hverju ári sem líður dragi úr kolefnislosun því laust kolefni í efstu lögum gengur til þurrðar en kolefni í neðri lögum þornar minna og sumarhitinn nær best til efstu laganna. Líkur virðast því á að kolefnislosun frá eldri framræslu (30 ára?) sé lítil. Hér verður að hafa í huga að yfir 90% af íslenskri framræslu er eldri en 30 ára.

Þegar framræst land er tekið til ræktunar hefst jafnan kolefnisbinding í efstu jarðlögum (5 cm?).

Nýleg safngreining á fjölda rannsóknaniðurstaðna alls staðar að úr heiminum sýnir að búfjáráburður eykur mjög í kolefnisforða jarðvegs og enn frekar ef einnig er borinn á tilbúinn áburður (Gross, Glaser 2021). Áhrifin eru mest hlutfallslega í köldu loftslagi og þar sem kolefnisinnihald jarðvegsins er mjög lágt (ÞS og fl 2022).

Raunhæft virðist því að ætla að í túnum sem framræst voru fyrir nokkru (30 ár?) og hafa síðan veri tekin til ræktunar og fengið búfjáráburð lengi **sé í raun árleg kolefnisbinding en ekki 19,5 tn CO_2 losun á ha.**

Losun/Binding-Landnýting	Mælifellsá tonn CO2 ígildi fyrri reikn	Mælifellsá tonn CO2 ígildi endurreikn	Hafrafellstunga tonn CO2 ígildi fyrri reikn	Hafrafellstunga tonn CO2 ígildi endurreikn
Framræst votlendi	1203,2	**253**	247,7	**52,1**
Ræktun á steinefnajarðvegi	-2,2	-2,2	-24,1	-24,1
Uppgræðsla			-676,2	-676,2
Skógrækt	-232,3	-232,3	-31,3	-31,3
Tilbúinn áburður frl, flutn, glaðloft			51,2	51,2
Metan frá meltingarvegi	56,9	***6,6***	244,8	***26,9***
Metan v. geymslu búfjáráb.	1,2	***0,1***	31	***3,4***
Glaðloft vegna geymslu búfjáráb.	2,2	2,2	9	9
Glaðloft v. notkunar búfjáráb	34,2	34,2	73,2	73,2
Aðföng	2,7	2,7	6	6
Samtals	1065,9	**64,3**	-68,7	***-509,8***

Tafla 1.

Kolefnisjafnvægi í landbúnaði er vel lýst með eftirfarandi setningu:

Kolefnishlutleysi vísar til þess að losun og binding kolefnis sé í jafnvægi, þ.e. að losun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda sé ekki meiri en það magn kolefnis sem fjarlægt er úr andrúmsloftinu, t.d. með því að binda það í jarðvegi eða gróðri eða með öðrum hætti.

Í því ljósi er vert að velta fyrir sér eðli heyöflunar með grasrækt. Á túnum í góðri rækt (með búfjáráburði) eru fjarlægð í heyi a.m.k. 4 tonn þurrefnis af hverjum ha. Kolefnisinnihald heys er nálægt 45% þurrefnis sem svarar til að bundin séu og flutt burt um **1,8 tn C (ígildi 6,6 tn CO_2) af ha árlega.** Þá er ótalið það sem binst í rótum og jarðvegi. Til samanburðar má nefna að vaxtarmikill skógur er talinn binda árlega 6–10 tn CO_2/ha yfir vaxtarskeiðið.

Sé hluta heysins skilað landinu aftur sem búfjáráburði, gjarnan 2-3 tonn þe/ha, myndar verulegur hluti þess jarðveg og þar með verulega kolefnisbindingu.

Bindist helmingur búfjáráburðarins í jarðvegi gætu bundist af ofangreindu magni um 0,6 tn C/ha árlega sem svarar til bindingar 2,2 tn CO_2/ha. Þá eru ótalin jákvæð áhrif búfjáráburðar á kolefnisbindingu grasróta og annarra lífvera í jarðvegi.

Grasrækt á þegar framræstu landi til framleiðslu sauðfjárafurða gæti því verið virk leið til kolefnisbindingar.

Útreikningar á losun metan

Í umfjöllun um kolefnisbindingu sauðfjárræktar er losun metan talin valda miklum gróðurhúsaáhrifum vegna sterkra áhrifa þess. Þetta er aðeins rétt að vissu marki því metan CH4 er mjög óstöðug lofttegund og kolefnið umbreytist í CO_2 á nálægt 10 árum. Frá atvinnuvegi sem hefur verið í jafnvægi síðustu 10 ár hverfur því árlega jafn mikið metan úr andrúmslofti og kemur inn. Þessu er ágætlega lýst af Jóni Guðmundssyni-Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði- LbhÍ 2016 en þar segir:

„Sameindarþyngd CH4 er um 16 en sameindarþyngd CO_2 um 44. Við umbreytingu CH4 í CO_2 (oxun og vatnsmyndum virðist stuðullinn því nálægt 44/16 = 2,75 en ekki 25 eins og gert er ráð fyrir í mati á loftslagsáhrifum CG4 losunar. Er þá horft til þess að CH4 eyðist á 10–12 árum og sé atvinnugrein í jafnvægi eyðist jafn mikið og losnar af CH4.“

Við mat á loftslagsáhrifum metan frá sauðfjárrækt virðist því rétt að margfalda magn metan með 2,75 í stað 25 sem víðast virðist gert.

Samanburður mismunandi reiknistuðla

Í nóvember 2017 var birt skýrsla unnin af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, nefnist skýrslan Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Svo sem vænta mátti byggði skýrslan á opinberum losunarstuðlum verkbeiðanda og er nánast án fyrirvara um öryggi stuðla en slíka fyrirvara er þó víða að finna í grunngögnum sem skýrslan byggir á. Í inngangi skýrslunnar segir:

„Áætlað er að hún nýtist sem grunnur í vegvísi um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði á Íslandi.“

Fjallað er um tvö sauðfjárbú í skýrslunni og fer hér á eftir í töflu 1 endurreikningur á losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim býlum, með þeim reiknistuðlum sem rökstuddir hafa verið hér að ofan. Sá endurreikningur er birtur, með góðfúslegu leyfi viðkomandi bænda, til að sýna hve miklu mismunandi stuðlar breyta, breyttar tölur eru skáletraðar og feitletraðar.

Svo sem fram kemur í töflunni gjörbreyta endurskoðaðir reiknistuðlar reiknuðu kolefnisjafnvægi sauðfjárframleiðslu viðkomandi búa, séu þeir raunhæfir virðist auðvelt að ná kolefnishlutleysi sauðfjárbúa með skynsamlegri bústjórn.

Vart þarf að fjölyrða um skaðleg áhrif þess að nota rangar aðferðir við útreikninga á kolefnislosun/bindingu í sauðfjárrækt. Þeim áhrifum er ef til vill best lýst með eftirfarandi tilvitnun í Morgunblaðið:

„Fræðimenn við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa þannig reiknað út að losun við framleiðslu á einu kílói af íslensku lambakjöti sé svipuð og af flugferð frá Íslandi til meginlands Evrópu“ (Ólafur Stephensen Mbl. 17.12. 2022).

Sauðfjárbændur geta ekki sætt sig við að orðspor atvinnugreinarinnar verði eyðilagt með illa rökstuddum lykiltölum og villandi túlkun annarra talna.


Ari Teitsson,
stoltur fjáreigandi í 78 ár.

Lægri raforkukostnaður bænda



5 kW vindknúin einkarafstöð á 9 metra háum turni.

Verulegar verðhækkanir á ýmsum aðföngum undanfarna mánuði hefur sett búskap í landinu í uppnám og æ erfiðara reynist fyrir bændur að ná endum saman.



Magnús Jóhannesson.

Raforkukostnaður er stór hluti þess kostnaðar sem bændur þurfa að standa undir. Raforkukostnaði má skipta í tvennt, þ.e. keypt raforka per kWst og flutningur raforkunnar. Samkvæmt upplýsingum á aurbjorg.is (28.12.2022) þá er kaupverð hverrar kWst frá um 7 til 9 krónur og reikna má með að flutningur raforkunnar sé á svipuðu verði án niðurgreiðslu sem t.d. garðyrkjubændur njóta, eða samtals kostnaður um 14 til 18 krónur á hverja kWst við mæli búsins.

Vindorkan var notuð á Íslandi til raforkuframleiðslu hér áður fyrr. Á 19. öld voru tvær vindmyllur notaðar í Reykjavík til kornmölunar, önnur reist árið 1830 og hin 1847. Bændur nýttu sér litlar vindrafstöðvar, sem voru töluvert algengar, þegar sveitir landsins voru rafvæddar.

Nú býðst bændum að kaupa vindknúnar einkarafstöðvar sem lækkað geta raforkukostnað umtalsvert. Um er að ræða einkarafstöðvar sem falla vel að íslenskum aðstæðum, þola vindstyrk allt að 59,5 metrum á sekúndu og koma með 5 ára ábyrgð frá framleiðanda. Með kaupum á slíkri vél geta bændur lækkað raforkukostnað sinn um 25-40%, einangrað sig að miklu leyti frá framtíðar verðhækkunum á raforku og flutningskostnaði og bætt raforkuöryggi sitt ef raforkufall verður hjá miðlægri veitu.

Dæmið sem hér er sett upp byggir á lausn sem tengist áfram miðlægu dreifineti sem þýðir að þegar vindurinn blæs ekki þá kaupir bóndinn rafmagn af sinni veitu líkt og áður. Að sama skapi þá getur hann selt inn á netið umframorku ef einhver er. Hagkvæmast er þó að stilla stærð og framleiðslu sem næst núverandi notkun til að hámarka efnahagslegan ávinning bóndans.

Íslensk lög og reglugerðir undanskilja 1 MW og minni raforkuver frá virkjanaleyfi Orkustofnunar og vindmyllur sem eru 25 metrar á hæð (vængur í hæstu stöðu) frá kostnaðarsömu umhverfismati. Hæð 16 metra turns eða lægri, með væng í hæstu stöðu er þannig undir viðmiðunum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og þarf því ekki að fara í umhverfsmat. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir einkarafstöðina.

Magnús Jóhannesson,
framkvæmdastjóri Smáorku ehf.

Kínverskur víkingur á Íslandi

Þjóðháttafræðingur skammast út í Þjóðminjasafnið fyrir að gefa rangri ímynd víkinga undir fótinn sl. menningarnótt.


Kristján Friðbertsson.

Frægur rithöfundur þekkir til málsins, er alls ósammála og kemur m.a. með ábendingu um að skandinavísku bændurnir „lögðust allavega ekki „í bónda“.

Dr.Árni Björnsson og Einar Kárason tala auðvitað af viti. Af hverju ætla ég þá að blanda mér í umræðuna? Yngri, vitlausari og eflaust lágvaxnari í þokkabót!

Nei, hér er nefnilega á ferð annars konar víkingasaga. Röltandi á reykvískum vordegi hitti ég kínverskan víking. Ekki finnast traustar heimildir fyrir víkingum í Kína á víkingaöld, en nútíminn er auðvitað annað mál. Í ljós kom að hann var fæddur í Hollandi, en foreldrar hans báðir frá Kína.

Wilson‘s: Muriel

Móðir hans kynntist árið 1907 breskum manni, E.H. Wilson, sem var á ferðalagi um Kína. Þremur árum síðar flytur hún með honum til Bretlands. Síðar skilja þeirra leiðir, en minning um kynni þeirra lifir áfram, því hún hafði tekið upp sama nafn og dóttir Wilson‘s: Muriel.

Faðir hans kynntist Muriel í Hollandi á efri árum. Þar urðu þau háöldruð saman og með aðstoð tæknifrjóvgunar tókst þeim að eignast börn. Víkingurinn fæddist árið 2005 en því miður létu foreldrarnir lífið um svipað leyti.


Móðurættin á sér smá sögu á Íslandi og kom hann hingað í von um að komast í samband við ættingja á Íslandi. Fyrir algera tilviljun reyndust nokkrir þeirra vera nágrannar mínir og bauð ég honum því á eins konar „ættarmót“ í garðinum heima. Hann endaði með að flytja til ættingjanna og býr þar kátur í dag. Nágranni minn, víkingurinn sjálfur.

Hafi einhver gaman af smáatriðum get ég bætt við að víkingurinn er raunar bambusplanta.

Faðir hans var svartbambus (*F.nitida*), móðirin gulbambus (*F.murielae*) og fullt nafn hans er því „*Fargesia murielae* x *nitida* 'Viking'“. Víkingsnafnið var honum gefið af Hollendingi sem hjálpaði foreldrunum með barneignir.

Ættingjar á Íslandi

Nokkrir meðlimir móðurættarinnar voru búsettir nærri Ísafirði snemma á síðustu öld. Lifandi eintök


Kínversk pandaynja að nafni Tian Tian sést hér gæða sér á bambus í Edinborg. Fargesia tegundirnar eru sérlega vinsæl pandafæða og því ekki útilokað að hér sé um að ræða ættingja víkingsins.
Mynd / Royal Zoological Society of Scotland

af gulbambus má í dag finna í Lystigarði Akureyrar, Grasagarði Reykjavíkur og heimilisgörðum um land allt. Það er nefnilega sú tegund sem best gengur hér. Þetta virðist koma mörgum á óvart, þar sem viðbrögðin við því að sjá bambus sem dafnar vel á Íslandi eru oft á svipaða leið og ef þau hefðu séð 17 ára kínverskan víking í garðinum.


Ættkvíslin Fergesia

Blendingar við svartbambus hafa dekkri sprota, geta haft örlítið minna frostþol, en virðast ganga ágætlega, a.m.k. sunnanlands, í skjóli.


Fyrir íslenska garða mæli ég eindregið með því að velja bara bambusplöntur úr Fargesia ættkvísl. Að mestu má líka leggja til að taka ekkert mark á erlendum textum um bambusrækt. Plönturnar fást oft í gróðrarstöðvum og plöntusölum hér og þar um landið og eru fínasta framandi skraut í garðinn. Mold sem heldur raka, án þess að vera sírök eins og mýri, í bland við einhverja sólargeisla og gott skjól frá næðingi eru grunnkröfurnar. Næringarríkur jarðvegur, eða 2-3 áburðargjafir að sumri, gefa plöntunni svo aukinn kraft. Finnið plöntunni góðan stað og vökvið vel eftir gróðursetningu. Sérstaklega fyrsta árið er mikilvægt að passa vel upp á vökvun og áburðargjöf.

Ólíkt flestum fjölæringum er bambus sígrænn og megnið af orku og forða bambusplöntu finnst ekki í rótunum, heldur ofanjarðar, í sprotunum. Yfir veturinn er því ágætt að binda þá saman í knippi eða gefa þeim vetrarskjól og hafa orkuforðann í huga þegar bambus er snyrtur til.

Kristján Friðbertsson
plöntunörd.


Framandi plöntur frábærar saman: broddhlynur, bambus, vatnsberi og sumareik. Myndir / Kr. Fr


Gulbambus er sannkölluð garðprýði og getur orðið ansi hávaxinn hér á landi. Yrkið Jumbo er hér á mynd í garði Mary og Ægis á Selfossi.



HÚS Fasteignasala

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is



bænda FERÐIR

— Lago Maggiore & Chamonix —

9. - 16. júní | Sumar 7
Fararstjóri: Unnur Jensdóttir

Það er ævintýri líkast að ferðast um Alpafjöll Ítalíu, Frakklands og Sviss og ekki er síðra að dvelja við annað stærsta vatn Ítalíu, Lago Maggiore, sem er umvafið fjallafegurð. Við hefjum ferðina í ljúfa bænum Stresa en seinni hluta ferðarinnar dveljum við í bænum Chamonix sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, Mont Blanc.

Verð: **319.900 kr.** á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík



Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum er kostur.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Eyjólfur 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

LESENDARÝNI

Erfðafræði útlitseinkenna sauðfjár

– Fyrsti hluti

Ég hef allan minn starfsferil, sem spannar orðið nær fimm áratugi, starfað á einhvern hátt í tengslum við íslenskan landbúnað. Vinnan hefur verið bæði við rannsóknir, leiðbeiningar og kennslu og verksviðið hefur verið tengt mest kynbótum nautgripa og sauðfjár tveggja aðalframleiðslugreina íslensks landbúnaðar.



Jón Viðar Jónmundsson.

Misjafnt var eftir tímabilum hvor búgreinin tók meira af starfstímanum. Ég tel mig alltaf hafa haft mikinn áhuga á báðum búgreinunum þó að áhuginn á sauðfé hafi alla tíð haft yfirhöndina. Ég hef einnig haft þörf fyrir að reyna að miðla á prenti einhverri af minni þekkingu og sú þörf lifir enn með mér þrátt fyrir háan aldur og skýrir ástæðu þessa greinaflokks.

Ætlun mín er að setja hér saman smá greinaflokk sem verður talsvert ólíkur flestu sem ég hef áður skrifað. Í stað þess að endursegja greinina sem ég ætla að kynna er ætlun mín að blanda efnið mörgu sem ég tel mig vita um efnið, sérstaklega um íslenskt sauðfé. Það er heilmargt.

Yfirlitsgreinin og höfundar hennar

Rammann ætla ég að sækja í nýútkoma yfirlitsgrein um efnið sem greinarflokkurinn tekur nafn sitt af. Hún birtist í franska ritinu „Genetics Selection Evoluton“ sem er eitt virtasta rit á sviði búfjárkynbótafræði í heiminum. Eitthvað hafa útgefendur séð við greinina því að þeir hafa flaggað henni á heimasíðu ritsins frá útkomu hennar í byrjun september. Þannig yfirlitsgreinar sem eru vel unnar eru gullnámur þegar verið er að fjalla um tiltekið efni og gefa yfirlit um þær niðurstöður sem er að sækja í bitastæðustu fræðigreinar um efnið.

Heiti greinarinnar í slæmri þýðingu gæti verið „Erfðafræði svipfarsþróunar hjá sauðfé; erfðatæknileg skoðun á genum sem valda útlitsbreytileika“ (á ensku Genetics of the phenotypic evolution in sheep: a molecular look at diversity-driving genes“).

Höfundar greinarinnar eru sjö að tölu og koma sex frá ýmsum háskólum í Kína en einn er frá Egyptalandi. Hvorki þekki ég haus né sporð á þessum fræðimönnum eða stofnunum sem þeir starfa við. Allt virðast þetta samt hátt skrifaðir vísindamenn og virtar vísindastofnanir sem þeir starfa við. Ég lét mér nægja að leita að fyrsta höfundi greinarinnar og stofnuninni sem hann starfar við. Stofnunin virðist háskóli í norðvesturhluta Kína sem hefur virtar landbúnaðardeildir m.a. á sviði erfðavísinda tengdum sauðfé og geitum þar sem aðalhöfundurinn starfar. Hann heitir Peter Kalds en ekki tókst mér að finna neinar persónulegar upplýsingar um hann eins og námsferil og stöður. Út frá greinum þar sem hann er aðalhöfundur sést að hann hefur vítt rannsóknarsvið. Þannig fann ég greinar eftir hann um ýmiss konar erfðatæknirannsóknir sem tengdist jafn ólíkum hlutum og frjósemisgenum, vöðvagenum hjá Texel fé og rófulengd hjá sauðfé. Það síðasta segir hann að sé ákaflega mikilvægt vegna aðlögunar sauðfjár að erfiðum umhverfisaðstæðum.

Þetta er því hópur sem kemur úr talsvert öðru umhverfi en við sem störfuðum í vestur-evrópsku eða norður-amerísku umhverfi. Þetta kann að setja aðeins svip á greinina þar sem jöfnum höndum er vitnað í rannsóknir úr margs konar umhverfi meðan við erum langvanastir greinum sem runnar eru úr okkar eigin umhverfi. Einnig eru hugtök eins og til dæmis ríkjandi og víkjandi erfðir og fjölmörg fleiri meginhugtök sjaldséð í greininni. Þetta ætti samt ekki að koma að sök. Þá virkar stundum undarlega að vitnað er í alelstu rannsóknir og þaðan síðan stokkið beint í erfðatæknilegar rannsóknir allra síðustu ára.

Hlutur Íslendinga

Fanga er leitað víða og samtals eru 362 tilvitnanir í greininni. Höfundar skilja að líkindum ekki íslensku. Tvær tilvitnanir eru samt í íslenska vísindamenn. Það eru Stefán Aðalsteinsson og Ólafur R. Dýrmundsson. Grein Stefáns er um fund hans á litleysingjum hjá íslensku sauðfé sem var merkilegur fundur að því leyti að þetta mun fyrsta skráða tilfelli litleysis hjá sauðfé í heiminum. Stefán er hins vegar heimsþekktur í sambandi við rannsóknir sínar á litaerfðum hjá sauðfé og það víðar en hér á landi. Þar er doktorsritgerð hans biblía flestra í þessum fræðum auk erinda á heimsráðstefnum bæði í kynbóta- og erfðafræði og sauðfjárrækt auk yfirlitsgreina í þekktum fræðibókum um sauðfjárrækt.



Páll Zophoníasson er þekktastur sem mesti frumkvöðull í nautgripakynbótum hér á landi. Hann skrifaði heimsþekkta grein þar sem í fyrsta sinn er í heiminum lýst víkjandi erfðum á gulri fitu hjá sauðfé. Mynd / Alþingi.is



Stefán Aðalsteinsson var einn fremsti vísindamaður heimsins um litaerfðir sauðfjár.

Mynd / Myndasafn Bændablaðsins

Litaerfðir eru samt stærsti kafli yfirlitsgreinarinnar sem við ætlum að skoða hér í framhaldinu. Tilvitnun í Ólaf er hins vegar að í fréttabréfi til sauðfjáreigenda vestanhafs sem hann skrifaði þeim reglulega segir hann að ferhyrnt sauðfé finnist á Íslandi. Ólafur hefur til þessa áreiðanlega ekki litið á sig sem vísindamann á því sviði sem yfirlitsgreinin fjallar um. Hann er aftur á móti heimsþekktur vegna rannsókna sinna á kynþroska hjá sauðfé og mörgum tengdum eiginleikum hjá sauðfé.

Efnið sem greinin fjallar um hefur aldrei verið stórt rannsóknarsvið hér á landi fyrir utan rannsóknir Stefáns Aðalsteinssonar þó að mörg skemmtileg verkefni á þessu fagsviði hafi verið unnin af nemendum í búvísindanámi á Hvanneyri. Stefán var óumdeilanlega einhver þekktasti vísindamaður heims á sviði litaerfða hjá sauðfé auk þessa sem hann var ákaflega liðtækur á fjölmörgum fleiri sviðum búfjárerfðafræði, m.a. því sviði sem ég tel koma næst þessu sem sem er þegar verið að fjalla um en það er erfðir á erfðagöllum hjá sauðfé.

Annar Íslendingur hefur einnig öðlast heimsfrægð á því sviði sem greinin fjallar um án þess að vera þar að nokkru getið. Það var Páll Zophoníasson. Páll fékk þó sökum ótrúlegra mikilla starfa sinna á öðrum sviðum, og þar mest að nautgriparækt, aldrei mikinn tíma til að sinna erfðarannsóknum á sauðfé. Samkvæmt skrifum Páls frá þeim tíma hafði hann hins vegar ótrúlega þekkingu á sviði erfða- og kynbótafræði búfjár. Greinin sem hann varð frægastur fyrir fjallar um erfðir á gulri fitu hjá sauðfé. Birtist hún á dönsku þannig að fleiri en Íslendingar gátu lesið hana. Þessa grein hefði ekki nema hreinn snillingur, sem hefur öll fræðin á hreinu, getað skrifað.


Greinin sem við ætlum að skoða nánar vitnar hins vegar í grein eftir Willam E. Castle sem var einn frægasti erfðafræðingur Bandaríkjanna á fyrri hluta 20. aldar. Grunur fellur hins vegar á höfunda yfirlitsgreinarinnar um að hafa ekki lesið grein Castle vegna þess að þegar hún er lesin stendur í henni að Castle hafi þá nýverið frétt, gegnum annan mann, að á Íslandi væri maður að nafni Páll Zophoníasson sem hefði fundið að gul fita væri eiginleiki sem stýrðist af víkjandi erfðum í einu erfðavísasæti. Castle skrifar því þessa grein til að segja frá eiginleikanum hjá sauðfé fyrsta sinni og samkvæmt sinni þekkingu þá væri þennan eiginleika hvergi að finna í heiminum nema á Íslandi. Það er þekking sem breyst hefur verulega í áranna rás.

Eiginleikar sem fjallað er um

Ekki er hægt að enda þennan fyrsta hluta greinaflokksins nema vitna smávegis til yfirlitsgreinarinnar sem við ætlum að spinna út frá efni hennar greinaflokkinn sem hér byrjar. Í yfirliti sem birt er í upphafi hennar segir að henni sé ætlað að segja frá áhrifum fjölda eiginleika á breytileika í útliti sauðfjár á hluti eins og lit, horn, dindil, ull, eyru, júgur, hryggjarsúluna auk annarra hluta hjá sauðfé. Genin sem ráða miklu um svipfarsbreytileika þessara hluta hafa verið rannsökuð sem skapað hefur þekkingu um hvernig erfðir ráða miklu um þróun margra eiginleika í fjárbúskap.

Jón Viðar Jónmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamaður

Orkukreppan hófst strax á árinu 2019



Heimildir: https://agridata.ec.europa.eu/extensions/DataPortal/food-supply-security.html og Hagstofa Íslands.

Árið 2022 var sögulegt, eftir tveggja ára baráttu við Covid-19 sjúkdóminn, sem er þó alls ekki lokið, braust út stríð í Evrópu. Þessir atburðir hafa leikið efnahag heimsins grátt.



Erna Bjarnadóttir.

Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir má þó að einhverju leyti rekja til breytinga sem áttu sér stað áður en Covid -19 faraldurinn skall á.

Matvælaverð heima og heiman

Verðbólga lék flest lönd heims grátt á árinu 2022. Sem dæmi reyndist tólf mánaða verðbólga í löndum ESB, miðað við nóvembermánuð, vera 11,1% að meðaltali en á sama tíma hækkaði matvælaverð um 18,3%.

Hér á landi mældist á sama tíma 9,3% verðbólga og verð á matvælum hækkaði um 10,4% sama tíma. Reyndist það minni hækkun en í nokkru landi innan ESB.

Sem dæmi hækkaði verð á mjólk, ostum og eggjum að meðaltali um 26,7% innan ESB á meðan hækkunin hér á landi nam 12,2%.

Á nýju mælaborði ESB um fæðuöryggi má með auðveldum hætti nálgast þessar upplýsingar fyrir lönd ESB. Það kemur eflaust mörgum á óvart að sjá Ísland sitja í neðsta sæti í þessum hópi en má án vafa rekja til þess að hækkanir á orkuverði hafa hingað til ekki lagst með jafn miklum þunga á virðiskeðjuna hér á landi samanborið við þessi nágrannalönd.

Á orkukreppan sér dýpri rætur?

Stríðið í Úkraínu hefur ýtt undir hækkanir á orkuverði síðustu misseri. Staðan var þó viðkvæm fyrir.

Í nýlegu viðtali í Green European

Ástæðulaus ótti við upprunaábyrgðir

Kjósi raforkusali að bjóða viðskiptavinum sínum upprunavottaða raforku – og það er sannarlega hans frjálsa val – þá er ekki ólíklegt að viðskiptavinir greiði aukalega fyrir.

Raforkuverð á Íslandi til almennings og fyrirtækja hefur verið lágt og stöðugt alla tíð. Ákvörðun Landsvirkjunar um að láta upprunaábyrgðir ekki fylgja með í heildsölu breytir engu þar um. Verðlagning á raforkunni er óbreytt en raforkukaupendum, þ.e. heimilum og fyrirtækjum, mun standa til boða að kaupa upprunavottaða raforku. Fyrir meðalstórt heimili má ætla að viðbótarkostnaðurinn gæti numið um 140 kr. á mánuði, enda raforkan einungis um fjórðungur af raforkureikningi heimilanna. Ef dæmi er tekið af fremur stóru fyrirtæki, má ætla að viðbótarkostnaðurinn gæti numið um 2%.

Hörður Kristjánsson fyrrverandi ritstjóri Bændablaðsins, ritaði grein í blaðið hinn 15. desember sl. og nefndi fréttaskýringu. Hann hefur alloft stungið niður penna um sölu upprunaábyrgða og fundið þeim flest til foráttu. „Syndaaflausn“ er orðið sem hann notar gjarnan yfir upprunaábyrgðir og talar jafnan um að neytendur séu blekktir. Það blasir þó við að ef sala upprunaábyrgða er glæpur þá vantar fórnarlambið. Neytendur eru ekki blekktir með þessu bókhaldskerfi endurnýjanlegrar orku og heimili hér á landi munu áfram búa við lágt og stöðugt verð á hreinni, endurnýjanlegri orku.



Ljósafossstöð í Soginu. Mynd / Landsvirkjun



Tinna Traustadóttir.



Valur Ægisson.

Auðlindir þjóðar

Hlutverk Landsvirkjunar er skýrt og ótvírætt: Orkufyrirtæki þjóðarinnar hámarkar afrakstur af þeim orkulindum sem því er treyst fyrir og hefur sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og mun vera leiðandi í orkuskiptum næstu ára og áratuga. Augljóst er að margt hefur breyst frá því að Landsvirkjun tók til starfa árið 1965. Við erum enn að framleiða orku úr endurnýjanlegum auðlindum þjóðarinnar, í þágu almennings og atvinnulífs. Á undanförnum misserum og árum hafa aðstæður hins vegar gjörbreyst því við verðum að bregðast við loftslagsvandanum og við verðum að gera það með því að framleiða meiri orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Það er stærsta verkefni okkar.

Við búum afar vel hér á orkueyjunni Íslandi. Aðrar þjóðir eru ekki jafn heppnar. Fyrir 14 árum kom Evrópusambandið á kerfi svokallaðra upprunaábyrgða, í þeim yfirlýsta tilgangi að hvetja til aukinnar vinnslu endurnýjanlegrar orku. Kerfið, sem 28 lönd eiga aðild að, var innleitt hér á landi með lögum árið 2008 en Landsvirkjun hóf sölu upprunaábyrgðanna þremur árum síðar. Ísland er aðili að EES og okkur er skylt að gefa raforkusölum hér kost á að fá útgefnar upprunaábyrgðir og taka þátt í viðskiptum með þær.

Upprunaábyrgð er ekki raforka

Upprunaábyrgð er ekkert annað en staðfesting á því að raforka hafi verið framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgðir eru sjálfstæð söluvara, óháð afhendingu á raforkunni sjálfri. Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geta með kaupum á upprunaábyrgðum vottað raforkukaup sín og stutt endurnýjanlega orkuframleiðslu. Núna er kerfið farið að virka eins og til var ætlast: Þau fyrirtæki sem vinna endurnýjanlega orku, eins og Landsvirkjun, fá hærra verð en ella og verða því enn betur í stakk búin til að mæta óhjákvæmilegum orkuskiptum.

Landsvirkjun seldi upprunaábyrgðir fyrir 1 milljarð kr. árið 2021 og um 2 milljarða kr. á nýliðnu ári. Væru seldar upprunaábyrgðir vegna allrar orkuvinnslu okkar næmi upphæðin um 15 milljörðum árlega, miðað við meðalverð nú á haustmánuðum. Á orkufyrirtæki þjóðarinnar að kasta þeim verðmætum á glæ? Verðmætum sem ein og sér gætu greitt upp kostnað við næstu vatnsaflsvirkjun á nokkrum árum? Gæti Landsvirkjun þá staðið undir því hlutverki sínu að hámarka afrakstur af auðlindum?

Það er skiljanlegt að fólk furði sig á því hvernig hægt sé að selja upprunaábyrgð um græna orku til einhverra á meginlandi Evrópu, sem orkueyjan Ísland tengist ekki neitt. En fyrirtæki á Spáni, sem kaupir upprunaábyrgð frá Noregi, er heldur ekki að kaupa loforð um að fá græna rafmagnið frá Noregi í innstunguna hjá sér. Ekki frekar en heimili í Reykjavík sem ákveður að skipta við Orkubú Vestfjarða getur gengið að því vísu að straumurinn liggi beinlínis þaðan. Þessi viðskipti snúast um bókhald.

Bókhaldið þarf að stemma

Til að tryggja að upprunaábyrgðir fyrir endurnýjanlega orku séu ekki seldar tvisvar þarf að færa bókhaldið rétt. Það þarf að færa aðra orkuvinnslu í kredit-dálkinn, til dæmis kolaorkuna sem fyrirtækið á Spáni notaði í raun eða kjarnorkuna sem systurfyrirtæki þess í Þýskalandi neyddist til að nota, en bæði keyptu á móti upprunaábyrgðir til að styðja við endurnýjanlega orkuvinnslu. Þetta er bókhald. Við vitum öll að hér á landi notum við hvorki kol né kjarnorku. En bókhaldið verður að stemma. Flóknara er það ekki.

Bókhaldskerfið sem við köllum upprunaábyrgðir gerir ekkert annað en að tryggja okkur meiri verðmæti fyrir orkuna okkar. Meiri verðmæti sem tryggja að við getum haldið áfram að byggja upp endurnýjanlega orkuvinnslu. Sérstakar tekjur af upprunaábyrgðum vinna þannig beinlínis gegn hækkun á raforkuverði.

Það er engin ástæða til að óttast kerfi upprunaábyrgða. Þvert á móti ættum við Íslendingar að fagna því sérstaklega að eiga þess kost að selja þau verðmæti. Þar stöndum við sannarlega betur að vígi en flestar aðrar Evrópuþjóðir.

Tinna Traustadóttir,
framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Landsvirkjun

Valur Ægisson,
forstöðumaður sölu og þjónustu hjá Landsvirkjun

Journal var Helen Thompson hagfræðingur spurð út í aðdraganda orkukreppunnar og stöðuna í Evrópu um þessar mundir.

Thompson bendir þar á að fyrir það fyrsta varð samdráttur í olíuframleiðslu heimsins á árinu 2019 sem leiddi til þess að bil myndaðist milli framboðs og eftirspurnar.

Þegar hagkerfi heimsins tóku við sér eftir heimsfaraldurinn fór verð á olíu að hækka sem olli áhyggjum stjórnvalda í Bandaríkjunum og Evrópu. Annar viðsnúningur varð síðan þegar eftirspurn Kína eftir gasi jókst verulega á árinu 2021.

Þetta leiddi til mikillar samkeppni um gas, einkum milli Evrópu og Kína. Áhrif þessa á framfærslukostnað Evrópubúa komu fram strax haustið 2021.

Stríðið í Úkraínu hefur aukið áherslu á orkuskipti. Spurð hvort við eigum að reyna að sameina viðbrögð okkar við loftslagskreppunni og öryggisáhyggjum Evrópu svaraði Thompson að það megi setja það fram með þeim hætti. Hægt sé að ramma viðfangsefnið í kringum þörfina á að breyta orkunotkun okkar bæði af því það gerir okkur háð löndum eins og Rússlandi og vegna loftslagskrísunnar.

Þannig þurfi almenningur að ganga í gegnum ákveðna erfiðleika en um leið eygja þá von að hægt sé að framleiða mikla orku án mikillar losunar kolefnis.

Gallinn við þessa sviðsmynd er hins vegar að sneitt er framhjá mikilvægum hluta myndarinnar í tengslum við takmarkanir á jarðefnaeldsneyti. Sú saga sem t.d. Emmanuel Macron og [fyrrum] forsætisráðherra Bretlands, Liz Truss, notuðu – „við þurfum bara að þola þetta vegna Úkraínu“ – gerir ráð fyrir því að ef og þegar stríðinu lýkur muni orkukreppan ganga yfir. Það mun ekki gerast, segir Thompson.

Þar að auki mun framtíð þar sem losun kolefnis af manna völdum verður minni en hún er nú, ekki breyta því að Evrópa verður áfram háð auðlindum eins og t.d. málmum annars staðar að úr heiminum.

Nýtt ár – hvað mun það bera í skauti sér?


Samkvæmt samantekt Alþjóðabankans hefur hrávöruverð farið almennt lækkandi síðustu mánuði. Verð á orkugjöfum eins og olíu, gasi og kolum er þó enn hærra og jafnvel mun hærra en undir árslok 2021 (nóvember ´21 – nóvember ´22). Verð á korni er einnig hærra en fyrir einu ári. Það þarf því ekki að koma á óvart að verð á kjúklingakjöti á heimsmarkaði var 41% hærra í nóvember ´22 en í nóvember ´21. Nokkuð sem hlýtur að koma illa við hag neytenda víða um heim. Fosfór- og kalíáburður er enn langtum hærri í verði en í árslok 2021 en verðhækkanir á köfnunarefnisáburði hafa gengið til baka.

Vísitala áburðarverðs, sem byggir á upplýsingum frá Alþjóðabankanum, hefur því lækkað úr 204,51 stigi í nóvember 2021 í 201,83 stig í nóvember 2022. Í nóvember 2020 stóð sama vísitala hins vegar í 77,14 stigum og hefur verð á áburði því hátt í þrefaldast á tveimur árum.

Nú spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samdrætti í þriðjungi ríkja heimsins á nýbyrjuðu ári. Stríðið í Úkraínu, stýrivaxta- og verðhækkanir og útbreiðsla Covid-veirunnar í Kína eru meðal þeirra vandamála sem blasa við efnahagskerfum heimsins.

Það er því útlit fyrir að matvælaframleiðsla standi áfram frammi fyrir miklum áskorunum og að verð á matvælum verði áfram hátt í sögulegu samhengi með tilheyrandi afleiðingum fyrir þau sem við kröppust kjör búa í heiminum.

Erna Bjarnadóttir,
hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

VÉLABÁSINN

Tæknilegur Finni

– Prufuakstur á Valtra N175 Direct



Valtra N175 Direct er vandaður traktor frá finnska dráttarvélaframleiðandanum sem hefur getið sér gott orðspor á Íslandi. Hér býður tölvukerfið upp á mikla möguleika og notkunin er almennt rökrétt. Steingrátt lakkið fer dráttarvélinni vel, en hún fæst í fleiri litum. Myndir / ÁL



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk að prufa nýjan traktor á dögunum sem Aflvélar flytja inn. Eins og flestar betri dráttarvélar á markaðnum í dag, þá er margt mjög líkt því sem samkeppnin hefur upp á að bjóða.

Hins vegar eru nokkur atriði – stór og smá – sem gera þessa vél mjög áhugaverða. Eintakið í þessum prufuakstri var útbúið fullkomnum tölvubúnaði sem ætlaður er til að auðvelda mikla vinnu og er átt við allar stillingar í gegnum svokallaðan Smart Touch snertiskjá. Vélarnar af N línunni myndu teljast rúmlega meðalstórar og er hægt að bera þær saman við Massey Ferguson 6S.

Þegar gengið er aftan að Valtra N, þá gæti þetta verið hvaða traktor sem er, enda eru þeir flestir ekkert nema dekkin, húsið og ámoksturstækin. Þegar horft er á húddið fer þó ekki á milli mála að um er að ræða græju frá finnska dráttarvélaframleiðandanum. Líkt og hjá flestum tegundum dráttarvéla, þá er systkinasvipur Valtra véla mjög sterkur og er ekki víst að allir sjái strax hvort um er að ræða vél af G, N eða T línunni.

Sæti fjaðrar í allar áttir

Ökumannshúsið er hinn viðkunnanlegasti staður. Sætið fer vel með notandann þar sem það fjaðrar ekki bara upp og niður, heldur líka fram og aftur og til beggja hliða. Þegar setið er í tæki – sem eðli sínu samkvæmt veltist til og frá – er gott að geta einangrað skrokkinn frá mestu höggunum.

Áðurnefnd hliðarhreyfing er ekki mjög algeng í dráttarvélasætum, en breytir hins vegar mjög miklu hvað varðar þægindi.

Traktorinn er notalegur í akstri, þökk sé áðurnefndu sæti, ökumannshúsi á loftpúðafjöðrun, framhásingu á loftpúðum og mikilli hljóðeinangrun. Hún kemst upp í 57 km hraða, en í þjóðvegaakstri er vélin afar stöðug og geta farþegi og ökumaður spjallað í rólegheitunum. Stiglaus skiptingin gerir alla notkun yfirvegaða og fyrirsjáanlega. Þegar vélin er sett í gír gerist ekkert fyrr en notandinn ýtir á olíugjöfina eða hraðastýringuna. Í fínvinnu eru engir rykkir og er kúplingin óþörf nema fyrir sérvitringa.

Innrarýmið virðist vera vandað og allt sem notandinn snertir er úr góðum efnum. Stýrið er leðurklætt og eru möguleikar á stillingum miklir. Fljótlegt er að halla stýrinu að sér eða ýta í burtu til að auka aðgengi, þar sem nóg er að stíga á fótstig til að losa festinguna. Armpúðinn hægra megin er klæddur dökku rúskinni, en á honum sjást auðveldlega óhreinindi. Líklegt er þó að framleiðandinn hafi valið stama klæðningu, þar sem öll stjórntækin eru framan við áðurnefndan stólarm.

Takkaflóð og snertiskjár

Við fyrstu sýn virðist takkaflóðið á stjórnborðinu vera yfirþyrmandi, og eru eflaust einhverjir sem vilja bara gömlu vökvastangirnar.

Snertiskjárinn gerir hins vegar allt mun auðveldara þar sem hugbúnaðurinn er sérlega viðmótsþýður. Nýir notendur munu klárlega þurfa markvissa yfirlegu til að átta sig á hvernig hlutirnir virka, en þar sem bæði notendahandbókin og kerfið eru á íslensku og öll uppsetningin greinilega mjög rökrétt, ættu flestir að geta nýtt sér möguleikana sem boðið er upp á. Fljótlegt er t.d. að velja mismunandi virkni fyrir nær alla hnappana og er auðvelt að forrita aðgerðaraðir í nokkra takka.



Smart Touch snertiskjárinn býður upp á ótal möguleika.

Síðarnefndi eiginleikinn gerir notandanum til að mynda kleift að ýta bara á einn hnapp þegar snúa þarf við í jarðvinnu (eða hverju sem er) í stað þess að endurtaka alltaf nokkrar hreyfingar og þurfa að einbeita sér að gera allt á réttum tíma og í réttri röð.

Innbyggð vog

Traktorinn í þessum prufuakstri var útbúinn vog í ámoksturstækjunum sem tengist við tölvuna. Notandinn getur því auðveldlega séð hversu þungt hvert hlass er og tölvan sér um að leggja þetta allt saman og telja hversu oft er lyft.

Bændur gætu þá til að mynda séð hversu þungar rúllurnar eru og séð meðalþyngd; og verktakar gætu haldið utan um hversu þungu hlassi er mokað á hvern bíl. Þegar kemur að því að senda verkyfirlit eða reikning er hægt að færa gögnin yfir í heimilistölvu.

Tölvan býður líka upp á forstilltar hreyfingar. Með því er hægt að skilgreina hámarks og lágmarks hæð ámoksturstækja og skóflu sem minnkar álagið á notandann í miklum mokstri. Einnig er hægt að láta skófluna hristast með því að ýta á takka.

Tölur

Helstu mál Valtra N175 eru: þyngd 6.500 án ámoksturstækja, hæð 2.960 mm, breidd 3.660 mm, lengd 5.405 mm. Afl vélarinnar er 165 hö og 680 Nm, en með aflauka fer það upp í 201 hö og 800 Nm.

Verð Valtra í N línunni er frá 14.200.000 krónum án vsk., en sú sem tekin var fyrir að þessu sinni myndi kosta 22.700.000 krónur án vsk. miðað við gengi € = 152 ISK.

Í stuttu máli

Þessi vél er vel útbúin og hefur Valtra orðstír fyrir áreiðanleika og að virka vel við kaldar aðstæður.

Þrátt fyrir mikinn tölvubúnað er notkunin afar rökrétt og munu þeir sem hafa metnað fyrir að læra á kerfið hafa fjölbreytta möguleika í höndum sér. Þeir sem vilja ekki nýta sér kosti rafeindareikna geta notað þennan traktor eins og hvern annan, en ættu þó frekar að kaupa ódýrari týpu með eldri tækni.

Sérstakar þakkir fá bændurnir á Kotlaugum sem lögðu til dráttarvélina í þennan prufuakstur.



Ökumannshúsið er góður staður til að vera á. Sætið dempar vel högg úr öllum áttum og berst nær enginn utanaðkomandi hávaði inn í húsið.



Útsýnið er gott með þakglugga í beinu framhaldi af framrúðunni. Allar akstursupplýsingar eru á skjánum við gluggapóstinn, á meðan allri virkni vélarinnar er stýrt í gegnum snertiskjáinn framan við stjórnborðið.

SÖFNIN Í LANDINU

Söfn Dalvíkurbyggðar

Í Dalvíkurbyggð eru rekin þrjú söfn og við það bætist síðan Menningarhúsið Berg sem flokkast ekki sem safn en er ákveðin regnhlíf yfir flest allt menningarstarf í sveitarfélaginu.

Söfnin eru ólík innbyrðis, eðli þeirra, markmið og tilgangur. Þau eru bókasafn, héraðsskjalasafn og byggðasafn og eru staðsett í Menningarhúsinu Bergi, Ráðhúsi Dalvíkur og Hvoli.

Það er óhætt að segja að miklar hræringar séu í safnamálum í Dalvíkurbyggð, segja má að öll söfnin standi á tímamótum þótt ólík séu. Nýverið var tekið upp nýtt bókasafnskerfi á landsvísu og hefur starfsemi Bókasafns Dalvíkurbyggðar litast af því síðan í sumar. Ný kerfi bjóða auðvitað upp á tækifæri til að endurskoða það sem áður hefur verið gert og jafnvel leggja nýjar línur fyrir framtíðina. Við tókum einnig nýverið í gagnið sjálfsafgreiðsluvél á safninu sem mun bæta þjónustu við lánþega og auka sveigjanleika starfsmanna. Þess á milli reynir safnið að vera sýnilegt á samfélagsmiðlum og dreifa gleði til nærsamfélagsins, t.d. með föstum liðum eins og „fössarafésbókinni“.

Á héraðsskjalasafninu höfum við, ásamt öðrum héraðsskjalavörðum á landinu, tekið þátt í undirbúningi er varðar viðtöku og meðhöndlun opinberra skjala á rafrænu formi. Hér ræðir um stórt og yfirgripsmikið verkefni sem mun að öllum líkindum hafa miklar breytingar í för með sér fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla. Við höldum þó viðteknum venjum enn um sinn og skráum afhendingar á pappírsformi og þá kannski sér í lagi ljósmyndir. Vikulega hittist ljósmyndahópurinn okkar „frægi“ og fer yfir óþekktar ljósmyndir til að bera kennsl á fólkið á myndunum. Hópurinn samanstendur af miklum hollvinum safnsins sem muna tímana tvenna og eru þau ómetanleg auðlind fyrir safnið.

Í lok árs 2021 var ákveðið að flytja Byggðasafnið í Hvoli yfir í annað og heppilegra húsnæði. Þegar á hólminn var komið reyndist húsnæðið sem varð fyrir valinu þó ekki svo heppilegt og var því fallið frá þeirri ákvörðun í lok árs 2022. Framtíðarhúsnæði safnsins er því óráðið en ákveðið hefur verið að leggjast í gagngera ígrundun, hugmyndavinnu og stefnuvinnu snemma á þessu ári. Sveitarfélagið á sér sterka og merkilega sögu sem mikilvægt er að miðla til nærsamfélagsins, gesta og ferðafólks á sem aðgengilegastan hátt. Þetta verður stórt en gríðarlega spennandi tækifæri fyrir Dalvíkurbyggð í heild sinni. Þangað til heldur Byggðasafnið áfram sínu hefðbundna starfi. Á sumrin er opið alla daga en á veturna er opið eftir samkomulagi. Á þeim tíma er áhersla á skráningu og móttöku leik- og skólahópa.



Menningarhúsið Berg. Mynd / Aðsend

Gaman er að segja frá tveimur verkefnum sem eru á döfinni hjá okkur. Fyrst má nefna samstarf safnanna þriggja við 10. bekk í Dalvíkurskóla. Nemendurnir sækja öll söfnin en í stað þess að fá hefðbundna leiðsögn um safnið fá þeir smjörþefinn af því hvernig er að starfa á safni. Starfsmenn safnanna fara með nemendurna í kjölinn á því hvernig faglegt starf á söfnunum er uppbyggt og freista þess að kveikja neista hjá upprennandi safna-, þjóð-, eða bókasafnsfræðingum (svo fátt eitt sé nefnt). Nemendur fá að kynnast völdum verkefnum sem oft eru hulin gests auganu, s.s. skráningu, pökkun, skipulagi, ljósmyndun, greiningu og fleira. Þetta verkefni er enn í þróun en hefur fært okkur nýja sýn á það hvernig hægt er að kynna starfsemi safnanna fyrir ungmennum.


Í mars er síðan árleg myndlistarsýning barnanna sem er gríðarlega skemmtilegt samstarfsverkefni safnanna, Menningarhússins Bergs og leikskólans Krílakots. Börn elstu deildar Krílakots koma í nokkur skipti í safnaheimsókn á Hvol og í janúar velur hvert barn sinn uppáhaldsgrip á safninu. Gripurinn er síðan ljósmyndaður og barnið notar hann sem innblástur í málverk sem það skapar sjálft. Þegar öll verkin eru tilbúin eru þau sett upp í veglega sýningu í listasal Menningarhússins Bergs þar sem öllum gefst kostur á því að skoða verkin. Þá gefst foreldrum og velunnurum kostur á að kaupa verk á 2.000 krónur stykkið og rennur allur ágóðinn til foreldrafélagsins sem sér um að verðlauna börnin með einhverri uppákomu.

Það er því óhætt að segja að það sé af nógu að taka hér í Dalvíkurbyggð og safnamálin á fullu skriði hvort sem litið er að innra eða ytra starfinu. Við mælum með innliti á söfn Dalvíkurbyggðar eða Menningarhúsið Berg næst þegar þið eigið leið um Tröllaskagann.


Björk Hólm,
forstöðumaður safna og Menningarhússins Bergs

LAUSNIR Á JÓLAGETRAUNUM


FERÐAMANNAFLÓÐBYLGJAN SKALL Á LANDIÐ AFTUR MEÐ TILHEYRANDI UPPGRIPUM OG ATINNU
Ekki er gerður er greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum eins og a og á eða i og í.



MARGUR ER KNÁR ÞÓ HANN SÉ SMÁR
Gerður er greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum eins og a og á og i og í.




1 Þessar tvær eldspýtur



2 Eins og teningur B





3 Eldfjöllin 13 eru:

Öræfajökull, Askja, Bárðarbunga, Eldey, Eyjafjallajökull, Grímsvötn, Hekla, Hengill, Katla, Krafla, Krýsuvík, Kverkfjöll Snæfellsjökull.

KROSSGÁTA Bændablaðsins



188	STRÍÐNI	ÓHLJÓÐI	VERÐ-SKULDUÐ	ÖFUG RÖÐ		MULDRA	FISKUR	FLJÓT-FÆRNI	
LOSTÆTUR									SKAKKT
STÆLIR					MJÖG / RUSL				
TJARA / Í RÖÐ				HASTA / ÖNUG-LYNDI					
	EFNI	RÚN	TVEIR EINS / NART			LOKAÐI / ÁHERSLU			MÓTA
SVIPUR					ÞURRKA / SKRÁMA			Í RÖÐ / BRESTA	
ÓVÆTTUR				SEFA / Í RÖÐ			FÚI / TJÚTTA		
ÖFUG RÖÐ		BAND / SKJÓTAST				NEÐAN / LIÐ-LANGAN			AÐGÆSLA
STÍGUR			SIGRAR / FLÖKTI				EYÐA / LYKT		
FJALLS-NÖF				EFTIRSÓKN / AÐ-KALLANDI					
	MEGIN / STUND					VOPN / YFIRGEFA			FLÆÐDI
LÍNA					GRÍPA / GORGEIR			NÓTA / BÓK	
SPIL			RÍKI Í AFRÍKU / SKYLDIR				HRAKTI / FEN		
HERKVÍ						SNÚINN			
FUGL				HRIKT					

HÖFUNDUR BH • BRAG!@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET



BÆRINN OKKAR

Þau Svava og Bogi Pétur tóku við búinu árið 2016 af Mörtu og Ragnari, frænda Boga, en Bogi hafði þá starfað við búið í 4 ár. Búið er rekið með svipuðu sniði síðan þá, keyptir voru nýir mjaltaþjónar en þeir sem voru fyrir voru komnir til ára sinna. Einnig hafa þau hjón bætt við kindum og hestum á búið.







Birtingaholt

Býli: Birtingaholt 1.

Staðsett í sveit: Í Hrunamannahreppi.

Ábúendur: Bogi Pétur og Svava.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Eigum þrjú börn; Sigrúnu Björk, 11 ára, Karítas, 8 ára og Breka Guðlaug, 3 ára. Tvo hunda; Rökkva, 12 ára og Perlu, sem er hvolpur. Inniköttinn Tímon og tvær fjósakisur, Litlu Kisu og Mæju.

Stærð jarðar: 430 ha, 150 ræktaðir.

Gerð bús: Blandaður búskapur með mjólkurframleiðslu í aðalhlutverki, erum með allt að 120 mjólkurkýr og 2 DeLaval mjaltaþjóna.

Fjöldi búfjár: 260 nautgripir, 20 kindur og 15 hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum: Förum í fjósið kvölds og morgna og sinnum ýmsum verkum þar yfir daginn. Gjafir eru líka partur af öllum vinnudögum ásamt hinum ýmsu verkefnum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin: Flest verk eru skemmtileg þegar vel gengur, rúlluhirðing er líklega ekki vinsælasta verkið. Börnunum finnst gaman að vera í kringum féð og kálfana og öll fjölskyldan nýtur sín saman í hestamennsku. Það er líka skemmtilegt að rækta, bæði búpening og gróður, það er afar gefandi og skemmtilegt.



Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár: Með svipuðu sniði og vonandi meiri kvóta.

Hvað er alltaf til í ísskápnum: Mjólk, smjör og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu: Lamba- og nautasteik er oft á borðum og börnin halda mikið upp á grjónagraut. Pitsa er líka vinsæl.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin: Þegar við tókum við búinu stendur auðvitað upp úr og þegar við kvöddum flórsköfurnar og fengum okkur flórgoða, það voru góð tímamót í fjósinu hjá okkur. Eftirlætiskýr og gæðagripir eru líka alltaf eftirminnileg og var mjög gaman og eftirminnilegt þegar fyrsta folaldið í okkar ræktun fæddist.

MATARKRÓKURINN

Afgangakássa



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Jólin eru búin og ískaldur veruleikinn tekinn aftur við. Það þýðir megrun og líkamsrækt hjá sumum en tiltekt í kæliskápnum hjá öðrum. Við ætlum að vera í seinni hópnum í dag.

Eitt af því sem er oftar á borðum landsmanna á jólunum en aðra daga er rauðkál, bæði úr dós en líka ferskt, og þar af leiðandi er oft erfitt að finna í hvað á að nota hinn helminginn af rauðkálshausnum eftir að sá fyrri fór í jólakálið. Svarið er eins og svo oft áður; kássa! Hvernig sem kássan er og hvernig sem hún er búin til þá er trixið að hafa góðan grunn sem tekur lengi og vel við því sem er neðst í grænmetisskúffunni – og tekur ekki óendanlega langan tíma.

Hakkað kjöt er því mjög hentugur miðill, sérstaklega nautahakk. Bragðgott og einfalt. Hægeldaður vöðvi sem dettur í sundur eftir að hafa verið eldaður í marga klukkutíma er vissulega meira fansí en svona stuttu eftir jól þarf ekki allt að vera fansí.



Munum að kássa er best upphituð daginn eftir eða daginn þar á eftir. Sem þýðir að afgangar af afgangakássu er það besta sem janúar hefur upp á að bjóða.
Mynd / Hari

Við notum hakk í dag

Rauðkál, gulrætur, sellerí og laukur var það sem dagaði uppi í minni grænmetisskúffu eftir jólin.

Hin heilaga þrenning franskrar matargerðar, gulrætur, laukur og sellerí, er jú ofarlega í öllum uppskriftabókum sem teknar eru fram um þetta leyti. Þannig að það er væntanlega svo á fleiri heimilum.

Akkúrat svona grænmeti, hart rótargrænmeti og sterkt kál, eldist líka vel í skúffunni og því um að gera að henda ekki fyrr en í fulla hnefana.

Þarna voru líka nokkrir sæmilega útlítandi sveppir sem og soðnar kartöflur. Fullkomið kássuefni.

Þannig að það eina sem vantaði var próteinið. Hálft kíló af nautahakki í þessu tilviki. Sama magn af fersku eða svo til fersku rauðkáli (má auðvitað nota hvítkál ef það er til). Saxað gróft.

Svo koma sæmilega smátt skornar gulrætur, sellerí, laukur og soðnar kartöflur í þeim hlutföllum að vera sirka einn þriðji á móti kálinu og kjötinu. Hvítlaukur, tómatpúrra og kryddjurtir, steinselja og oregano í bland við kjötkraft, pipar og smá salt.

Munum að kjötkraftur er svo gott sem bragðmikið salt. Þannig að nota annaðhvort og smakka til.

Ekki salta neitt sem ekki er búið að smakka til. Það ætti að verða nýársheitið.

Leynivinaleikurinn

Leynivinurinn, eða -hráefnið að þessu sinni, er Marmite. Dökkbrún gerdrulla, ættuð frá Englandi eða tengdum eyjum. Stútfullt af glútamati sem ýtir undir bragðið af öðrum mat, sérstaklega nautakjöti. Stútfullt af umamí, eða fimmta bragðinu. Ef ekkert er til Marmite-ið eða löngun til að kaupa krukku er hægt að sleppa því eða nota rauðvínsslettu í staðinn. Ætti að vera nóg eftir, eða vonandi. Líka hægt að nota mjög dökkan bjór eins og stout eða jafn vel smá púrtvínsslettu, mögulega wúrshestershiresósu.

En það er gaman að eiga Marmite og við notum það hér. Eins og matskeið eða svo.

Framkvæmdin

Aðferðin er einföld. Steikja kjötið og harða grænmetið. Geymum sveppina og soðnu kartöflurnar aðeins. Hvítlaukur, tvö, þrjú rif eða svo. Kreistum þau og velgjum í pönnunni þegar búið er að steikja allt hitt. Passa að hann brenni ekki. Hvítlaukur verður bitur þegar hann brennur.

Steikja klípu af tómatpúrru um leið. Eina litla dós eða samsvarandi magn úr túbu. Tvær, þrjár matskeiðar.

Salt, pipar, kjötkraftur og umrætt Marmite fer þá út í. Svo vatn, lítri eða svo. Tæplega frekar en rúmlega.

Malla við vægan hita með loki í um klukkustund. Má vera meira, ekki mikið minna. Þegar þessi klukkustund eða svo er liðin eru sveppirnir skornir og smjörsteiktir á pönnu og þeim bætt út í ásamt soðnu kartöflunum og kryddjurtum.

Ég var með steinselju og oregano. Nota það sem er til og er gott á bragðið. Ferskt ef það er til, annars bara þurrt eins og alla daga sem eru ekki jólin.

Gott að láta sjóða loklaust í smástund. Sulla að lokum smá sósujafnara út í til að þykkja sósuna.


Ef sósujafnarinn er ekki til er hægt að þykkja með kúfaðri matskeið eða svo af maísmjöli uppleystu í slettu af köldu vatni. Ef ekkert er heldur maísmjölið er hægt að steikja sveppina upp úr extra miklu smjöri og strá smá hveiti á þá áður en þeir eru hrærðir út í kássuna.

Ætti ekki að hlaupa í kekki ef vel tekst til og mesta hveitibragðið steikist af með sveppunum. Einfaldast að nota sósujafnara. Það er ekkert vesen á honum og er örugglega til eftir jólin – alla vega hjá mömmu eða nágrannanum.

Borið fram heitt og ef það er til sæmilegt brauð er sósan þess virði að bæta á sig nokkrum kolvetnum og moppa hana upp með því í lokin.

HANNYRÐAHORNIÐ





Fallegur og hlýlegur kragi

Þennan fallega kraga má nota við ýmis tækifæri; til þess að halda á sér hita, upp á punt eða jafnvel bæði.

Stærðir: S M-L

Efni og áhöld:

Þingborgarlopi og litað Þingborgarband

70 gr tvöfaldur lopi í aðallit

15 gr tvíband litur 1

12 gr tvíband litur 2

8 gr tvíband litur 3

20 gr tvöfaldur lopi litur 4

2 tölur

Ef notaður er lopi frá Ístex verður að gæta að prjónafestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum og bandinu.

Hringprjónar nr 5, 60 og 80 cm langir

Prjónfesta:

15 l og 25 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm

Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Lesið alla uppskriftina áður en byrjað er.

Kraginn:

Fitjið upp á langa prjóninn 176-184 l í lit 1. Prjónið 4 umf brugðnar, eða prjónið þær slétt og snúið svo við svo hin hliðin snúi út. Prjónið mynstur 1 eftir teikningu og takið úr eins og sýnt er. Endið á einni umf í aðallit og takið úr til viðbótar jafnt yfir umferðina svo eftir verði 74-82 l. Prjónið í aðallit mynstur 2 fram og til baka og setjið 2 hnappagöt á annan boðunginn með því að slá upp á prjóninn og prjóna síðan 2 lykkjur saman strax á eftir. Fyrstu 4 og 4 síðustu lykkjurnar eru garðaprjón. Prjónið 8-9 sm og endið á 4 umf sl með lit 1, fellið af frekar laust. Gangið frá öllum endum og setjið tölurnar á hinn boðunginn til móts við hnappagötin.

Þvottur:

Þvoið kragann í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel, kreistið vatnið vel úr og leggið á handklæði til þerris.





Efnið í kragann sem uppskriftin er að hér í blaðinu fæst í **Ullarversluninni Þingborg,** í pakkningum og eins er hægt að velja sjálfur liti. Mikið úrval af lituðu Þingborgarbandi og lopa og í náttúrulegum sauðalitum, allt úr sérvalinni lambsull.

Ullarverslunin Þingborg er staðsett 8 km fyrir austan Selfoss, í gömlu félagsheimili við þjóðveginn.
Opið mánudaga-laugardaga frá kl. 10:00-17:00.
s. 482 1027 gsm. 846 9287

www.thingborg.is facebook/thingborgull
email: gamlathingborg@gmail.com

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

		8			2			5
9		6			4		2	
	4	2	3	8			7	
		7		1			5	4
1			5		6			9
3	2			9		6		
	6			3	5	4	1	
	7		6			5		8
4			9			3		

Miðlungs

4	9			3			6	8
	2	6				5	1	
		4	9		3	2		
	5						9	
		3	1		5	8		
	3	9				6	7	
1	4			8			3	2

Þung

		1				3		2
9	7		6			8		
5				8			7	
	1	7			4			
			7			2	6	
	2			4				5
		6			3		8	1
1		3				9		

Þyngst

						6		
	9	1					4	
			6		2	8		
			8		1		5	
5								3
	2		4		9			
		2	3		4			
	7					9	8	
		5						

ERFINGJAR LANDSINS

Tilvonandi atvinnumarkmaður

Hann Patrekur Bóas er hress og kátur 9 ára gamall strákur sem á framtíðina fyrir sér.



Nafn: Patrekur Bóas Antonsson.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Bogamaður.

Búseta: Egilsstaðir.

Skóli: Egilsstaðaskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Stærðfræði.

Áhugamál: Fótbolti og bóndastörf.

Tómstundaiðkun: Fimleikar, fótbolti, skíði og píanó.

Uppáhaldsdýrið: Hestur og kind.

Uppáhaldsmatur: Pitsa.

Uppáhaldslag: Sonur hafsins með Ljótu hálfvitunum.

Uppáhaldslitur: Blár.

Uppáhaldsmynd: Harry Potter.

Fyrsta minningin: Fór á hestbak í leikskólanum þegar ég var 3 ára.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara til London á fótboltaleik og í dýragarð.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Markmaður í fótbolta.

Næst » Hafið samband ef ykkur langar að vera með! **sigrunpeturs@bondi.is**

FRÆÐSLA



Snjótittlingur er smár en harðgerður spörfugl sem finnst hér allt árið. Hann er að mestu staðfugl en hluti stofnsins hefur vetursetu í Skotlandi og hingað koma grænlenskir snjótittlingar og ýmist dvelja hér yfir veturinn eða stoppa við á leið sinni til Bretlandseyja þar sem þeir hafa sínar vetrarstöðvar. Þeirra helstu varpstöðvar eru á hálendinu og upp til fjalla, en þeir finnast einnig í grýttu landslagi við ströndina. Þegar á varptímanum stendur eru skordýr hluti af mikilvægri fæðu fyrir ungana en snjótittlingar eru annars fræætur. Snjótittlingar skipta um búning þegar vorar. Fuglinn sem er á myndinni er í vetrarbúningi, þá líta kynin nánast eins út. Þegar vorar skerpast litirnir í búningi kvenfuglsins en karlfuglinn tekur aðeins dramatískari breytingar. Á sumrin verður karlinn nánast alhvítur en svartur á baki og vængjum að hluta. Karlfugl í sumarbúningi nefnist sólskríkja. Þeir hópast saman þegar vetrar og eru mjög félagslyndir. Þegar jarðbönn verða þá leita þeir niður í byggð, oft í stórum hópum. Þegar þeir leita niður í byggð á veturna er kærkomið að gefa þeim alls konar fræ. Þeir eru mjög hrifnir af kurluðum maís en þiggja einnig hveitikorn og brauðmola. Þetta getur verið mikilvægt fyrir þessa litlu fugla í mestu vetrarhörkunni þegar birtutíminn er lítill og næturnar langar og kaldar.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Af tískupöllunum:

Ókynbundin tíska árið 2023

Spámenn tískunnar telja að á nýju ári muni ókynbundin tíska öðlast frekari vinsældir á almennum mörkuðum, þar sem vörumerki og smásalar endurspegla breytt viðhorf neytenda til kyns.

Er það viðhorf aðallega knúið áfram af kynslóðinni sem kallast Gen-Z. (fædd 1996–2015), en glöggir tískuunnendur muna e.t.v. eftir tímabili fyrir um hálfri öld eða svo, þegar svokölluð „blurred bounderies“ þóttu hámóðins. Var þá kynbundinni markaðssetningu kollvarpað og hetjur á borð við Boy George skutu upp kollinum.

Ókynbundin tíska áranna áður

Í gegnum söguna hefur auðvitað verið hrist hressilega upp í kynhlutverkunum og því vert að muna að hvorki árið 1983 né núna, árið 2023, er verið að finna upp hjólið. Í raun þvert á móti.



Flappertískan svokallaða í kringum 1920 er dæmi, svona ef öldin síðasta er tekin fyrir, en þá kitluðu hönnuðir á borð við Coco Chanel, kvenkyns neytendur sína með hönnun strandarbuxna og buxnadragta.

Hár þótti mest móðins klippt rétt niður fyrir eyru og margar konur reyktu opinberlega, þá gjarnan með munnstykki.

Snemma á fjórða áratugnum klæddist leikkonan Marlene Dietrich buxum á frumsýningu og þótti afar djörf, en tók þó skrefið og fylgdu aðrar á eftir.

Sem önnur dæmi má nefna nöfn á borð við Elvis Presley sem notaði andlits- og augnfarða auk Mick Jagger og David Bowie sem báðir eru þekkt nöfn er kemur að kynlausri tísku.

Unisex-hönnun óþarfi

En aftur að deginum í dag. Eitthvað hefur verið um á síðustu tveimur árum eða svo, að tískuhönnuðir hafi reynt að fóta sig við hönnun þess sem þeir kalla „unisex“.

Hafa þær tilraunir fengið frekar neikvæða gagnrýni fremur en hitt og ekki talin þörf á slíkum fatnaði þótt sjónarhorn unga fólksins í dag sé á þeirri línu.

Frekar ætti að hætta að flokka þann fatnað sem hannaður er, eftir kynjum, enda skilgreinir fjöldinn í dag sig helst eftir litrófi kynvitundar.

Núnú, með það bak við eyrað hafa tískurisar á borð við Calvin Klein og Gucci tekið nýja stefnu. Samstarf CK við (fata- og hjólabrettafyrirtækið) Palace bauð upp á línu gallafatnaðar í svokallaðri yfirstærð, hettupeysur og nærfatnað þar sem ekkert var flokkað eftir kyni, heldur ætlað þeim öllum.



Þessir 12 cm hælaskór eftir Christian Louboutin heita Stage O Rioca og eru fáanlegir í stærðum 36-46.

Gucci hefur getið sér gott orð varðandi hönnun og framleiðslu ókynbundins fatnaðar og hefur unnið bæði með kven- og karlstærðir til jafns. Samstarf Uniglo á síðastliðnu ári við Marni, kom einnig sterkt inn, en auglýsingaherferðir sýndu flíkur einungis ótengdar kyni.

Kynleysi innan vörumerkja

Í síauknum mæli fjarlægja nú vörumerki kynjaflokka fyrir að minnsta kosti einhvern hluta framleiðslu sinnar. Merkið Phluid Project frá New York, kynskiptir t.d. ekki fatnaði sínum heldur fer hönnun þeirra eftir sérsniðnu stærðarlíkani. Uniqlo hannaði „Made For All“ safn þar sem karl- og kventísku var blandað saman í verslunum þeirra, bæði á netinu og annars staðar.

Merkjarisarnir hafa svo undanfarið tekið sinn eigin snúning á tískupöllunum. Fyrirsætur hafi klæðst fatnaði óháð hvaða kyni hönnunin er upphaflega ætluð.

Strunsuðu karlkyns fyrirsætur Raf Simons niður pallana í kjólum með nýlakkaðar neglur og hjá Maison Margiela klæddust þeir pilsum og háum stígvélum.

Í kjölfar þeirra orða má segja frá skóhönnuðinum fræga, Christian Louboutin, sem býður nú upp á takmarkað magn háhælaðra ökklastígvéla fyrir karlmenn. (Með rauða sólanum að sjálfsögðu.)

Og svona áður en fólk krossar sig í bak og fyrir má minna á diskótímabilið þar sem annar hver karlmaður gekk í háhæluðum skóm.

Má ætla að áframhaldandi þróun ókynbundinnar tísku verði því einn af hápunktum hönnunar og markaðssetningar á árinu sem nú er að hefjast – og haldist í hendur við innkaup og áhuga stærsta neytendahópsins – sem er víst Z-kynslóðin eins og áður wwvar nefnt. */SP*

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."

Jóh. 6.35

biblian.is



2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Til sölu 4 stk 22" felgur undan Volvo XC90. Verð kr. 130.000. Upplýsingar s. 842-7843.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum, verð frá kr. 6.980 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Uppl. í S. 527-2600.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 550 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Árgerð 2018. Nánari uppl. í s. 849-4044 og 696-0444.




Timbur til sölu 32 x 100 mm. Lengd = 3,9 m. Kr. 395 lm 38 x 100 mm. Lengd = 3,6-6,0 m. Kr. 470 lm 25 x 150 mm. Lengd= 3,0-4,8 m. Kr. 330 lm 48 x 198 mm. 85 stk. Lengd= 4,8 m. Kr. 1.020 lm H. Hauksson ehf., S. 588-1130, E-mail hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Dísel hitari 24v, 5-8kw. Verð kr. 48.900.- 2ja ára ábyrgð. Allir varahlutir. Orkubóndinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Höfum til sölu furuflís í um 28 kg böllum. Verð kr. 2.153. Einnig spónaköggla í 15 kg pokum, verð kr. 1.655. Brettaafsláttur. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Kaupum og seljum frímerki! https://www.facebook.com/groups/2857309667933070 www.icestamps.com info@icestamps.com



Hakkavélar, matvinnsluvélar, töfrasprotar, grænmetiskvarnir, áleggshnífar og þurrkofnar. Ný tæki, frábært verð. Uppl. í s. 822-8844.

VÉLSLEÐAFÖT



Full búð af göllum, skóm, hönskum, hjálmum og lambhúshettum fyrir sleðafólk. Sjá á nitro.is

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla, keðjur og festingar fyrir útdrátt. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Skemmtilegur ferðabíll, tekur 8 farþega auk bílstjóra. Skoðaður og með hópferðaleyfi 23". Góð dekk. v-8 bensín, sjálfskiptur. Góður bíll. Verð kr. 1.290.000. Má greiða að hluta í kjöti og eða kartöflum. Uppl. og fleiri myndir s. 820-5181.



LED perur fyrir Flúrlampa!
3 Stærðir - Allar perur : **Verð kr. 1.000**
- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: **866-9693**
Facebook: Gróðurhús SMH ehf



Þriggja arma LED ljos sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur
80W - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE

UNSINN

Schmidt FAHRZEUGBAU



Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is











Öflugt göngu- og hlaupabretti á kr.175.000. Hraði 0,8 til 15 km klst. Stillanlegur halli. S. 661-1902. Nánar á ww.topphjol.is.



Rafstöðvar með orginal Hondavélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Steypa í frosti - Jarðvinna ífrosti Bjóðum upp á vélar sem þíða frosna jörð fyrir jarð og bygginarvinnu. Geta einnig haldið hita á steypu í frosti. www.freri.is



Bilxtra-Sturtukerra, sturtar á 3vegu, rafknúinn mótor, 3,14m x 1,75m, 3000 kg. Tilboðsverð kr. 1.450.000. S. 837-7750.



Atlas kerra er alhliða kerra meðrömpum sem er hönnuð til að flytja ökutæki og ýmsar vörur. Mál- 4m x 2,1m, 3500 kg. S. 837-7750, info@bilxtra.is



Fyrsta bók mín Láttu ekki svona. 160 bls. Ljóð og sögur. Húmor og alvara. Spennandi. Verð kr. 3.000. S. 896-1368. olkr@simnet.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg Dufthúðað stál, þyngd á pari- 38 kg Lengd á göfflum- 80 cm. Heildarlengd- 121 cm. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Hákonarson ehf. S. 892-4163 – netfang- hak@hak.is



Flaghefill/snjótönn frá Póllandi. Breidd 3,0m. Þyngd ca 1 tonn. Snjóvængir fylgja. Verð kr. 1.100.000 m/vsk H. Hauksson ehf., S. 588-1130, hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Bilxtra Bílakerra Jupiter – 5m, 3500 kg, 5 x 2,1m, 2m stálrampar fylgja, Verð kr. 1.040.000kr m/vsk. S. 837-7750, info@bilxtra.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margskonar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is




Ford Explorer V8 Limited, skáður maí 2006, staðgreiðsluverð kr. 250.000. ekinn 280.000 km. Uppl. í s. 896-1440.



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðanar festingar- Euro. Euro+ 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum,120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163, hak@hak.is



Landcrusier til sölu. Fínn í slark heima við eða sem varahlutabíll. Grind mikið ryðguð. Keyrður 390.000 km. óskoðaður (vanrækslugjald greitt) árgerð 2000. Frekari upplýsingar í s. 898-4197 - Einar.



Yleiningar. Til sölu 197 m² af nýjum hvítum 120 mm steinullar- yleiningum í lengdinni 4,49 m. Selst allt í einu lagi á góðu verði. Uppl. í s. 515-4187.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Mercedes-Benz Sprinter 516. Árgerð 2019. Ekin 13.000 km. Dísel með Saltdreifara Epoke S2300H. Árgerð 2013. Nánari uppl. í s. 849-4044 og 696-0444.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Ford Escape 2007 til sölu verð kr. 600.000, skoðaður til júní 2023, flott sumardekk og vetrardekk. Uppl. í s. 893-5059.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.is



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 1100 L. Salt og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Nánari upplýsingar í s. 849-4044.



Til sölu eða leigu 171 fm iðnaðarhúsnæði, Steinheillu 8 Hafnarf. 131 fm. neðri hæð með stórri innkeyrsluhurð, 40 fm íbúðarrými á efri hæð. Áhugasamir skrái nafn og síma inn á muggur49@gmail.com



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Mitsubishi Eclipse Cross Instyle, árg.2022, 4x4, Hybrid, sjálfskiptur, ekinn 1 þ.km. Verð kr. 6.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Sjálfsogandi dælur frá Japan(Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



SssangYong Rexton, árg. 2018, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 78.000 km. Verð kr. 5.390.000 - notadir.bennis.is – S. 590-2035




Háþrýstidælur fyrir verktaka ogiðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Jeep Compass S, árg. 2021,rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 47.000 km. Verð kr. 6.490.000. notadir.bennis.is – S. 590-2035



Flaghefill/snjótönn frá Póllandi. Breidd 3,0m. Þyngd um 700 kíló. Verð kr. 849.000 m/vsk H. Hauksson ehf., S. 588-1130, hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Kornvalsar frá Póllandi.Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Rúllugreip á þrítengi frá Póllandi. Verð kr. 99.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130, hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjólofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163.



Fjárhúsmottur. Stærð 91,5 breidd x 183 lengd. Verð kr. 12.900 m/vsk. H. Hauksson ehf., S. 588-1130, e-mail hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Saltdreifarar í úrvali. Þessi tekur 59ltr. og kostar kr 68.200 m/vsk. Nýtt blað á www.hardskafi.is s. 555-6520.

JOBMAN WORKWEAR
Frábærar skyrtur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT Réttu fötin fyrir þig!
Vattfóðruð skyrta J5157
Verð: 7.993 kr.
Þunn skyrta J5138
Verð: 6.815 kr.
Vefverslun: Khvinnufot.is
Jólagjöfin í ár!
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Ökukennsla í 50 ár
BILPROF.IS
Aukin ökuréttindi
Hraðnámskeið - staðnám
19. janúar 2023
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Janúar 2023
7. jan. 09:00 - 16:00 / Lög og reglur
9. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
10. jan. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
11. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hlt. 1
12. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hlt. 2
14. jan. 09:00 - 16:00 / Vörufl.
16. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 1
17. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 2
18. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
19. jan. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2
21. jan. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
23. jan. 17:00 - 20:00 / Lög og reglur - hluti 1
24. jan. 17:00 - 21:00 / Lög og reglur - hluti 2
25. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
26. jan. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
28. jan. 09:00 - 16:00 / Farþegafl.
30. jan. 17:00 - 20:30 / Skyndihjálp - hluti 1
31. jan. 17:00 - 20:30 / skyndihjálp - hluti 2
Skráning á bilprof.is
Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600
Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

GULLMOLI TIL SÖLU
Volvo 2016 XC90 inscription t8.
Keyrður 112.000 Km. Hvít leðurklæðning.
Hiti í fram- og aftursætum. Hiti í stýri.
Ásett verð kr. 6.800.000,-
Staðsettur á Norðurlandi,
allar nánari upplýsingar í síma 842-7843.

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplógur PUV – Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 70.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.
Verð frá 2.390.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, 2* 12 cm vængir, glussastýring á túðuenda, 1.000 kg, 3p tengi. drifskaft (f/ framan á vél).
Fyrir +70hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 Tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



MCK Automatik ApS. Iðntölvur og skjástýringar. Seljum og forritum m.a. Omron iðntölvur, Beijer skjástýringar, Exor skjástýringar og Indusoft skjástjórnarforrit. Forritum einnig Siemens og Allen Bradley iðntölvur. Áralöng reynsla í öllu sem kemur að landbúnaði og ýmsum iðnaði. Upplýsingar fást í s. +45-717-28843 (Magnús) eða email mm@mckautomatik.dk



Lítillega útlitsgölluð Sæplast kör, 630 lítra á fótum, ekki með dregara, til sölu hjá framleiðanda. Ekki tappagat og henta til ýmissa nota. Verð kr. 24.000 m/vsk. s. 460-5000 og sales.europe@saeplast.com



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf við starfstöðvar sínar í Hvammi Skorradal, Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og Tumastöðum Fljótshlíð. Leitað er að öflugu fólki sem er tilbúið að takast á við fjölbreytt störf við ræktun og umhirðu skóga.

Starfsfólk í þjóðskógunum

Hlutverk og markmið:

- Þátttaka í skipulagi, framkvæmd, úttektum og skýrslugerð vegna grisjunar- og gróðursetningarverkefna
- Ýmis störf við úrvinnslu á viðarafurðum
- Ýmis viðhaldsverkefni tengd vinnuvélum
- Á Tumastöðum er vinna við ræktunarstöð
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Próf í skógtækni, skógfræði eða garðyrkju æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Þekking á viðhaldi véla
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

NÁNAR Á
skogur.is/atvinna

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.



Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, **skogur.is/atvinna**.

Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn, starfsfólki búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmæta-sköpun innan Skógræktarinnar og alls skógræktargeirans.

Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér um-hverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

skógræktin



Hnitset landamerki, afmarka nýjar lóðir, útbý mæliblöð. Sé um samskipti við bygginga- og skipulagsfulltrúa. Mæli hæðapunkta, set niður fleyga á hnit og þess háttar. Vinn á Vestur- og Suðurlandi en fer út um allt eftir samkomulagi. Adam Hoffritz, s. 693-7992, punktaroghnit@gmail.com.



Dísel hitari 12v, 5-8kw. Verð kr. 48.900.- 2ja ára ábyrgð. Allir varahlutir. Orkubóndinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Yassine Taleb frá Frakklandi óskar eftir vinnu við ferðaþjónustu á Íslandi en er þó opin fyrir margs konar vinnu. Hann talar spænsku, frönsku og ensku. Nánari uppl. á yassinetaleb16@gmail.com eða í s. +33-606-466917.

Viljum ráða altmuglig- mann sem fyrst, til starfa hjá okkur í Þorlákshöfn. Frekari upplýsingar í s. 483-3548 og 892-0367. Hafnarnes-Ver h.f. Þorlákshöfn.

Störf í ferðaþjónustu. Southcoast Adventure, ferðaþjónustufyrirtæki á Hvolsvelli, leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund. Í boði er starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki í ferðaþjónustu. Óskað er eftir- Atvinnubílstjóri/leiðsögumaður. Menntunar- og hæfniskröfur - Aukin ökuréttindi (D-ökuréttindi) og rútupróf. Góð íslensku- og enskukunnátta. Reynsla af leiðsögn kostur. Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð. Umsóknum þarf að fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni og áhuga á starfinu. Æskilegt er að nýr starfsmaður geti hafið störf sem fyrst en er þó samningsatriði. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@southadventure.is

Almenn bústörf á Suðurlandi. Ertu að fara í frí? Eru veikindi? Vantar aðstoð í styttri eða lengri tíma? Sauðburður í vor, hestar, kýr, smurningar og gera vélarnar tilbúnar fyrir heyskap, ferðaþjónusta, lagfæringar á húsum, rafsuðuvinna, hvað sem er. Senda tölvupóst með ykkar verkefnum og fyrir nánari upplýsingar á netfangið-smabondi4you@gmail.com

Damián Abril, 29 ára sálfræðinemi, óskar eftir starfi í sveit á Íslandi. Hann talar ensku, elskar náttúru og lestur góðra bóka. Nánari uppl. á whitewind.37@gmail.com

Óska eftir

Óska eftir þykktarhefli, verður að vera í lagi. Uppl í s. 860-8930.

Til sölu

Til sölu úrvals harðfiskur. Pakkaður í smápakkningar eða í lausu. Tilboðsverð. Hafnarnes VER H.F. Þorlákshöfn. s. 483-3548.

Bókin Landnám í Rangárþingi er komin út. Upplýsingar í s. 855-5098 og í netfangi - gunnhei@mi.is. Minni og á bækurnar Leitin að Njáluhöfundi og Veiðivötn á Landmannaafrétti I-II.

Toyota Auris 2007 5 dyra, sjálfskiptur til sölu. Þarfnast viðgerðar, rafmagns-kúpling biluð. Verð kr. 150.000 eða besta boð - afhendist strax. Uppl. í s. 820-9918.

Innréttíng úr 25 fm gestaíbúð. Wc er með 80 cm hornsturtu. Groe upphengt klósett. Vaskinnréttíng með skúffum og spegli og handklæðaskáp. Eldhúsinnréttíng með 80 cm kæliskáp, litlum bakarofni með tveimur hellum. Frístandandi fataskápur 200x90 cm, borð og stólar, allt nýlegt. Verð kr. 200.000. Uppl. í s. 893-3837.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Tilkynningar

Nýr sannleikur í boði. Nú er hægt að steypa í frosti og stunda jarðvinnu þrátt fyrir frost í jörðu. www.freri.is

Bændablaðið óskar eftir ábendingum um tæki og vélar sem eiga merkilega sögu og bakgrunn. Þetta geta verið landbúnaðartæki, dráttarvélar, bílar, vörubílar, rútur, bátar, flugvélar eða hvað sem er. Uppástungur berist Ástvaldi á netfangið astvaldur@bondi.is eða í síma 822-5269.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang einar.g9@gmail.com - Einar G.

Rexton
lúxus ferðafélagi!

Birt með fyrirvara um myndbrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.



Tryggðu þér jeppa á gamla verðinu!

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna
- Læst afturdrif
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

Rexton Adventure
Mjög vel búinn, meðal annars með leðurinnréttingu. Nánar á benni.is
Verð 9.900.000 kr.

Bílabúð Benna
kolefnisjafnar selda bíla

Nánari upplýsingar á
benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Se

Við bjóðum upp á fimm tegundir af selenbættum einkorna Yara áburði.

Heyefnaniðurstöður hjá bændum sem borið hafa á selenbættan Yara áburð staðfesta með óyggjandi hætti góða selenstöðu gróffóðursins.

Einkorna Yara áburður

Hin fullkomna pakkalausn



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Verðskrá 2023

Upplýsingar á yara.is og hjá sölumönnum.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is